


skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið




**Boðið heim**
*Íbúar í miðborginni bjóða gestum heim í vöfflur, kaffi og skemmtiatriði á menningarnótt.*
FÓLK




# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
17. ágúst 2012
192. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**Ráðleggingar til hlaupara**
*Kári Steinn gefur hlaupurum 10 góð ráð fyrir Reykjavíkurmaraþonið.*
**lífsstíll 34**

**Frelsið besta vopnið**
*Joakim Hammerlin ræðir um lærdóma af hryðjuverkunum í Noregi.*
**föstudagsviðtalið 16**



**Mark í hverjum hálfleik**
*Kolbeinn Sigþórsson raðar inn mörkum með fótboltalandsliðinu.*
**sport 40**

**veðrið í dag**




**DÁLÍTIL VÆTA** Í dag verður strekkingur með SA-ströndinni en annars fremur hægur vindur. Dálítil súld A- og S-til og stöku skúr síðdegis V-lands. Skýjað að mestu N-til. Hiti 10-20 stig.
**VEÐUR 4**

# „Það er verðstríð alla daga“

**Lágvöruverðsverslunin Iceland mælist með lægra vöruverð en Bónus í verðkönnun ASÍ. Verslunin var með lægsta verðið í helmingi tilfella. Jóhannes Jónsson, kaupmaður í Iceland, stefnir að opnun fleiri verslana.**

**NEYTENDUR** „Við erum bara í sjöunda himni,“ segir Jóhannes Jónsson, eigandi matvöruverslanakeðjunnar Iceland. „Þetta er alveg æðisgengið.“

Iceland mældist oftast með lægsta verðið í nýjustu verðkönnun verðlagseftirlits ASÍ. Er þetta í fyrsta sinn sem verslunin tekur þátt í könnuninni, enda var hún einungis opnuð fyrir nokkrum vikum hér á landi. ASÍ kannaði matvöruverð í átta lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum á þriðjudag.

Jóhannes segist hafa haft ákveðinn grun um að Iceland myndi mælast með lægsta verðið, en verslanir Bónuss, sem Jóhannes stofnaði og átti um árabil, hafa oftast verið ódýrastar samkvæmt könnunum ASÍ. Af þeim 96 vörutegundum sem skoðaðar voru, var Iceland með lægsta verðið á 45 tegundum en Bónus kom þar á eftir með lægsta verðið á 24 tegundum. Samkaup-Úrval var oftast með hæsta verðið, en þar á eftir kom Nóatún. Kostur og Víðir neituðu að taka þátt í könnuninni.

Aðspurður hvort það stefni nú í verðstríð á lágvöruverðsmarkaðnum svarar Jóhannes: „Það er náttúrlega verðstríð alla daga. En það er fljótt að étast upp ef maður er með þrjátíu búðir. Það þarf meira til,“ segir hann. „Ég tel mig vera kominn á þá braut sem ég ætla mér.“

Hann stefnir á að opna fleiri Iceland-verslanir hér á landi, en segir þó ekkert liggja á. „Ég sé ekki betur, eins og móttökurnar hafa verið, en að það sé réttlætanlegt að þenja sig eitthvað út.“

„Svo árum skiptir hefur munstrið verið það að Bónus er ódýrastur og Krónan kemur rétt á eftir,“ segir Snorri Már Skúlason, deildarstjóri upplýsinga- og kynningarmála ASÍ. „Iceland er með lægsta verðið í meira en helmingi tilfella og það er staða sem Bónus hefur ekki lent í ansi lengi.“

> Iceland er með lægsta verðið í meira en helmingi tilfella og það er staða sem Bónus hefur ekki lent í ansi lengi.
>
> SNORRI MÁR SKÚLASON
> DEILDARSTJÓRI UPPLÝSINGA- OG KYNNINGARMÁLA ASÍ.

Lengi vel var verðstefna Bónuss sú að vera lægstur og svara öllum tilraunum keppinauta til að bjóða hagstæðara verð. Með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í desember 2008 voru Hagar, móðurfélag Bónuss, hins vegar sektaðir um 315 milljónir króna fyrir undirverðlagningu í verðstríði við Krónuna. Samkeppniseftirlitið mat það þá svo að með undirverðlagningunni hefðu Hagar „í raun fest í sessi það orðspor sitt að engum keppinautum muni líðast til frambúðar að bjóða neytendum vörur á lægra verði en boðið er í verslunum Bónuss.“ Var sektinni ætlað að koma í veg fyrir slíkt í framtíðinni.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náðist ekki í gær í Guðmund Marteinsson, framkvæmdastjóra Bónuss, eða Finn Árnason, forstjóra Haga, til að svara því hvort Bónus hygðist lækka verð til að mæta samkeppni Iceland. **sunna@frettabladid.is**



**VIÐ ÆGISÍÐU** Þessi fjölskylda nýtti góða veðrið til hlaupa á Ægisíðunni í gær. Um alla borg mátti sjá hlaupara taka síðustu æfinguna fyrir stóra hlaupadaginn á morgun. Metfjöldi hefur skráð sig í Reykjavíkurmaraþonið að þessu sinni, eða rúmlega tíu þúsund manns.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Reykjavíkurmaraþon 2012:

## Aldrei hafa fleiri skráð sig

**ÍÞRÓTTIR Rúmlega tíu þúsund hafa þegar skráð sig til leiks í hið árlega Reykjavíkurmaraþon sem ræst verður á morgun í Lækjargötu. Það er sex prósenta fjölgun þátttakenda á milli ára en í fyrra var sett þátttökumet.**

**Átta hundruð manns ætla að hlaupa heilt maraþon, 1.934 ætla að hlaupa hálft maraþon og 4.431 ætlar að hlaupa tíu kílómetra. Hlaupið er um miðbæ Reykjavíkur, út á Seltjarnarnes og þeir sem lengst ætla að hlaupa taka krókinn inn í Laugardal.**

**Forskráningu lauk klukkan 16 á miðvikudag. Í dag fer svo skráningarhátíð hlaupsins fram í Laugardalshöllinni. Þar verða keppnisgögn gefin út og seinir hauparar fá tækifæri til að skrá sig.**

**Reykjavíkurmaraþonið hefur verið haldið ár hvert síðan 1984. Eftir að Reykjavíkurborg hóf að halda menningarnótt árið 1996 hefur verið hlaupið sama dag. - bþh**


**Er svefninn vandamál?**
**Verðlaunuð náttúruafurð úr Bygg- og Hveitigrösum**




Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum


Upplýsingar um aukaverkanir lyfja auka líkur á að sjúklingar finni fyrir þeim:

## Fá aukaverkanir af lyfleysum

**LÆKNISFRÆÐI** Sjúklingar sem taka þátt í lyfjarannsóknum upplifa oft og tíðum aukaverkanir lyfja, jafnvel þó þeir taki ekki lyfin sjálf heldur lyfleysu. Þýsku prófessorarnir Paul Enck og Winfried Häuser skrifa grein um málið í New York Times.

Þar segja þeir frá 31 rannsókn sem sýni fram á þetta. Lyfleysa er kölluð placebo á erlendum tungum og þau áhrif sem prófessorarnir lýsa eru nefnd nocebo. Ein rannsókn sýnir að ellefu prósent þeirra sem fengu lyfleysu í rannsókn á lyfjum við taugasjúkdómi sögðu sig frá henni, vegna aukaverkana.



Einn þátttakandi í rannsókn á þunglyndislyfjum reyndi að fremja sjálfsmorð með því að gleypa 26 töflur af lyfleysu. Þrátt fyrir skaðleysi taflanna féll blóðþrýstingur viðkomandi niður fyrir hættumörk.

Prófessorarnir segja að sjúklingar finni frekar fyrir aukaverkunum ef þeir viti af þeim. Helmingi karla sem tóku lyf við stækkun blöðruhálskirtils var sagt frá því að risvandamál gætu orðið við töku lyfjanna, en hinum ekki. Af þeim sem vissu um vandamálið upplifðu 44 prósent það, en aðeins fimmtán prósent hinna. **- kóp**


ÍSLENSK LISTASAGA
★★★★★ EFI / MORGUNBLAÐIÐ
„... stórtíðindi öllum unnendum myndlistar.“ PBB / FRÉTTATÍMINN




Aspirin
Actavis
– fæst án lyfseðils í apótekum



actavis

SPURNING DAGSINS



*Sveinn Rúnar, þarf ekki að fara að berja þessi ber augum?*

Jú, annars verða ekki ber allt árið.

Sveinn Rúnar Hauksson, læknir og berjaáhugamaður, segir allt stefna í að haustið verði eitt það albesta hvað berjauppskeru varðar.

Dæmdur ofbeldismaður fékk mynddiska með upptökum af skýrslutökum lögreglu afhenta fyrir mistök:

# Börkur sat einn að upptökum á Hrauninu

**DÓMSMÁL** Börkur Birgisson, dæmdur ofbeldismaður, fékk afrit af myndbandsupptökum af skýrslutökum lögreglunnar yfir brotaþolum, vitnum og ákærðu í máli hans og tólf annarra karlmanna. Einn verjenda í málinu segir ákæruvaldið mismuna verjendum í málinu. Saksóknari segir að Börkur hafi komist yfir myndböndin fyrir mistök.

Börkur er ákærður, ásamt Annþóri Kristjáni Karlssyni og ellefu öðrum, fyrir líkamsárásir og skipulagða glæpastarfsemi. Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Mynddiskarnir sem sýna skýrslutökur lögreglu yfir málsaðilum eru 31 talsins. Ákærðu í málinu fengu ekki að vera viðstaddir vitnaleiðslur til þess að hlífa vitnum. Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson, einn verjenda í málinu, segir aðra verjendur árangurslaust hafa beðið um að fá mynddiskana afhenta.

Hann segir Börk hafa fengið aðstöðu á Litla-Hrauni til að horfa á myndböndin. Verjandi hans hafi svo einn fengið aðgang að diskunum.

Við fyrirtökuna í gær kröfuðst allir verjendur í málinu að fá aðgang að myndbandsupptökunum. Ákærðu voru ekki viðstaddir fyrirtökuna, enda þurfa þeir þess ekki þar sem allir hafa tekið afstöðu til ákærunnar. **- bþh**



**SITUR INNI** Börkur fékk næði á Litla-Hrauni, þar sem hann afplánar dóm, til þess að horfa á upptökurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Í FALLEGUM FJÖÐRUM** Það verður greinilega enginn hægðarleikur að velja hin fegurstu úr fögrum hópi á laugardaginn.

Landnámshænur fara á stjá:

## Velja á fegurstu hænu og hana

**DÝRALÍF** Félagar í Eigenda- og ræktendafélagi landnámshænsna (ERL) ætla á laugardag að bregða sér með hænsn sín í Húsdýragarðinn. Gefst þá gestum tækifæri til þess að kynnast þessum fiðurfénaði sem kom hingað með landnámsmönnum okkar Íslendinga.

„Þarna verður skrautlegur söfnuður," segir Júlíus Már Baldvinsson, formaður ERL. „Það verður líka kosið um fallegasta hanann og fallegustu hænurnar og eigendur vinningshafanna fá verðlaunapening, vonandi verða þeir ekki monthanar við það," segir hann kankvís. **- jse**

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Með þýfi á stolnu hjóli

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði í fyrrinótt tvo menn á bifhjóli. Hjólið var númerslaust, farþegi án hjálms og ökumaður án ökuskírteinis. Síðar kom í ljós að hjólið var stolið og einnig fannst fartölva á ökumanni, sem grunur lék á að væri þýfi.

### Ónæði vegna gleðskapar

Lögregla leysti upp gleðskap utandyra í miðborginni aðfaranótt fimmtudags. Þar hafði nokkur fjöldi safnast saman á almenningssvæði eftir lokun skemmtistaða og haldið gleðskap áfram með „tilheyrandi skvaldri" eins og segir í tilkynningu lögreglu, en einnig höfðu einhverjir með sér hljóðfæri.

# Lagarfljótsormurinn fyrir sannleiksnefnd

**Fimmtán árum eftir að verðlaunum var heitið fyrir hvern þann sem næði að mynda Lagarfljótsorminn kemur tökumaður fram og gerir tilkall til verðlaunanna. Málið fer fyrir sannleiksnefnd skipaða af yfirvöldum á Héraði.**

**MANNLÍF** Sveitarfélagið Fljótsdalshérað hefur skipað þrettán manna sannleiksnefnd til að skera úr um hvort Hjörtur Kjerúlf hafi í raun og veru náð mynd af Lagarfljótsorminum.

Ef svo er verður hann hálfri milljón ríkari. Bæjarstjórn Egilsstaða, sem þá var og hét, efndi til samkeppni árið 1997 þar sem þeirri upphæð var heitið þeim sem tækist að festa orminn á filmu. Engum tókst það þá en bæjarstjórnin brást við með því að heita þeim sem það tækist í framtíðinni að vitja verðlaunanna. Nú hefur Hjörtur farið til bæjaryfirvalda með myndband upp á vasann sem sýnir orminn á svamli, að því er hann fullyrðir.

„Það var maður sem benti mér á þetta svo ég ákvað að spyrja þá hvort þetta myndband mitt væri verðlaunanna virði," segir Hjörtur.

Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, segir að þessu máli sé tekið alvarlega en hann er þó ekki of sannfærandi. „Við brugðumst við með því að skipa þessa sannleiksnefnd en ég legg ríka áherslu á að hún taki sér þann tíma sem hún þarf," segir hann. „Líklegast verður sannleiksnefndin að störfum út kjörtímabilið," bætir hann við og hlær en ítrekar svo aftur að yfirvöld á Héraði taki þessu máli af mikilli alvöru.

Bæst hefur við verkefni nefndarinnar eftir útspil Hjartar tók Sigurður Aðalsteinsson frá Vaðbrekku á Jökuldal við sér og sendi mynd sem hann segir vera af Lagarfljótsorminum. „Það hlýtur að gilda það sama um þá mynd og myndbandið hans Hjartar," segir bæjarstjórinn.



**ÚR MYNDBANDI HJARTAR** Bæjarstjórinn segir Héraðsmenn ekki efast um tilveru Lagarfljótsorms en hins vegar gæti þetta verið eitthvert afkvæmi þarna á ferð. Myndbandið er á Youtube. MYND/HJÖRTUR KJERÚLF

> Líklegast verður sannleiksnefndin að störfum út kjörtímabilið.
>
> **BJÖRN INGIMARSSON**
> BÆJARSTJÓRI FLJÓTSDALSHÉRAÐS

Þegar Hjörtur er spurður hvort hann trúi því virkilega að þarna sé Lagarfljótsormurinn á ferð svarar hann. „Þórbergur Þórðarson sagði það einkenni Héraðsbúa að þeir tryðu aldrei því sem þeir sæju. En ég er ekki þannig."

Myndbandið hefur verið á Youtube-vefnum frá því í febrúar og eru skráðar á það fjórar og hálf milljón heimsóknir. Fjölmiðlamenn hafa líka leitað til Hjartar. „Það komu hingað bandarískir sjónvarpsmenn til að taka upp fyrir þáttaröð sína og vildu endilega fræðast um Lagarfljótsorminn," segir hann. „Þetta hefur verið góð kynning fyrir svæðið, ég held við séum bara komnir í bullandi samkeppni hér á Héraði við þá í Loch Ness á Skotlandi."

**jse@frettabladid.is**

Suu Kyi gagnrýnd:

## Talar ekki um vanda múslima

**BÚRMA, AP Nóbelsverðlaunahafinn Aung San Suu Kyi hefur undanfarið forðast að svara spurningum blaðamanna um vanda minnihlutahóps í Búrma.**

**Hún hefur fyrir vikið hlotið gagnrýni mannréttindafrömuða, sem er harla óvenjulegt í hennar tilviki því hún hefur venjulega talað mikið um vanda minnihlutahópa í landinu.**

**Minnihlutahópurinn nefnist Rohingía og er múslimar. Flestir landsmenn eru búddistar, sem margir hafa horn í síðu múslimanna. Suu Kyi hefur verið sökuð um að vilja ekki styggja væntanlega kjósendur sína. - gb**



**KRINGLAN** Maðurinn var grunaður um þjófnað og veittist að öryggisverði. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Lögreglan kölluð í Kringluna:

## Þjófur veittist að öryggisverði

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður var handtekinn í Kringlunni um klukkan eitt í gær. Öryggisverðir hafði afskipti af manninum, sem er um þrítugt, vegna gruns um þjófnað. Maðurinn brást hinn versti við og er meðal annars grunaður um að hafa slegið öryggisvörðinn í bringuna samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Fleiri öryggisverðir komu til aðstoðar og yfirbuguðu manninn. Lögreglan kom síðar á vettvang og færði hann á næstu lögreglustöð.






Segja fyrirtækið ekki hafa lækkað olíuverð af tillitssemi við keppinautana:

# Skoðað hvort N1 hafi brotið lög

**VIÐSKIPTI** Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að ummæli Hermanns Guðmundssonar, fráfarandi forstjóra N1, um að olíufyrirtækið hafi ekki lækkað eldsneytisverð af virðingu við slæma stöðu keppinauta sinna séu allrar athygli verð. „Samkeppniseftirlitið mun gaumgæfa hvort í þeim felist vísbendingar um samkeppnislagabrot," segir hann.

Hermann var í viðtali við Viðskiptablaðið í gær þar sem hann sagði: „Okkur bar skylda til þess að virða ákveðið ástand sem var á markaðnum, þ.e. að félögin voru misvel sett." Í viðtalinu má skilja Hermann svo að N1 hafi haft markaðsráðandi stöðu og til þess að hún yrði ekki misnotuð hafi verið ákveðið að lækka ekki verðið.

Páll Gunnar segir að þetta þurfi að skoða sérstaklega, þ.e. hvort félagið hafi raunverulega haft markaðsráðandi stöðu og einnig hvort samkeppnislagabrot hafi verið framin með því að lækka ekki bensínverð.

Í yfirlýsingu frá stjórn N1 segir að samkeppni félagsins við önnur olíufélög sé mjög virk og hafi meðal annars birst að undanförnu í háum tímabundnum afsláttum, aukinni þjónustu og afsláttum til neytenda í gegnum tryggðarkerfi.

„Stjórnin, í samvinnu við nýráðinn forstjóra, stjórnendur og starfsfólk um land allt, mun tryggja að fyrirtækið láti ekki sitt eftir liggja í áframhaldandi samkeppni og verði í fararbroddi heilbrigðra viðskiptahátta," segir í tilkynningu frá stjórninni.

Hermann sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann segir að með ummælum sínum í Viðskiptablaðinu hafi hann verið að vísa til tímabilsins frá bankahruni og að þeim tíma þegar fjárhagslegri endurskipulagningu þúsunda fyrirtækja lauk. Í dag hafi öll félögin burði til að stunda harða samkeppni.



**HERMANN GUÐMUNDSSON** Segir í yfirlýsingu hafa verið að vísa til tímabilsins fyrir efnahagshrun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

**47% AFSLÁTTUR**





**DÚNDURTILBOÐ!**

FULLT VERÐ: 69.950

# 29.950

**POWER SVEFNSÓFI**
Stílhreinn og fallegur svefnsófi með örmum og rúmfatageymslu á frábæru verði! Stærð: B207,5 x H100 x D97 sm.

**KILIMANJARO THERMOTREFJASÆNG**
Góð sæng fyllt með 2 x 600 gr. af fíngerðum holtrefjum. Í raun tvær sængur saumaðar saman á þann hátt að hitaeinangrandi loftrúm myndast á milli þeirra. Stærð: 135 x 200 sm.

## THERMOTREFJASÆNG

FULLT VERÐ: 4.995
**2.995**



**40% AFSLÁTTUR**

## FLÍSPONCHO

Flott flísponcho með hettu. Fæst í mörgum litum.
Barnastærðir
áður **1.695** nú **995**
Fullorðinsstærðir
áður **2.495** nú **1.495**

BARNA ÁÐUR 1.695
**995**



**40% AFSLÁTTUR**

# ÚTSALAN Í FULLUM GANGI!



**40% AFSLÁTTUR**

FULLT VERÐ: 49.950

# 29.950

**LUCCA FATASKÁPUR**
Góður tvöfaldur fataskápur með fataslá, efri hillu og 2 rennihurðum. Fáanlegur í hvítu. Stærðir:
B122 x H200 x D64 sm. **49.950** nú **29.950**
B183 x H200 x D64 sm. **69.950** nú **39.950**

FULLT VERÐ: 99.950

# 49.950

**RAFMAGNSHÆGINDASTÓLL**



**JIMMY RAFMAGNSHÆGINDASTÓLL**
Rafmagnshægindastóll með brúnu míkrófíberáklæði. Bak og skemill með fjarstýringu. Upplyfting fyrir þá sem kjósa.

**50% AFSLÁTTUR**

**TILBOÐIN GILDA TIL 22.08.12**

## AFRICA RÚMTEPPI

Efni: 100% polyester. Stærðir:
160 x 220 sm.
**3.995** nú **1.995**
220 x 220 sm.
**4.995** nú **2.495**
220 x 260 sm.
**5.995** nú **2.995**

VERÐ NÚ FRÁ:
**1.995**



**50% AFSLÁTTUR**

## PAULA KOLLUR

Trékollur á frábæru verði!

FULLT VERÐ: 1.495
**995**



**33% AFSLÁTTUR**

## GENGIÐ 16.08.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 119,81 | 120,39 |
| Sterlingspund | 187,99 | 188,91 |
| Evra | 146,99 | 147,81 |
| Dönsk króna | 19,743 | 19,859 |
| Norsk króna | 20,058 | 20,176 |
| Sænsk króna | 17,853 | 17,957 |
| Japanskt jen | 1,5116 | 1,5204 |
| SDR | 180,34 | 181,42 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,8567

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hiti náði nærri 21 stigi í borginni í gær og útlit er fyrir svipað veður næstu daga:

# Aldrei heitara í sumar en í gær

**VEÐUR** Hitastigið í Reykjavík náði 20,9 stigum á hitamæli Veðurstofunnar. Það er í fyrsta sinn í sumar sem hitinn fer yfir tuttugu gráður. Veðurblíðan lék við borgarbúa í gær eins og flesta aðra daga í sumar og útlit er fyrir það sama næstu daga.

Hæsti hiti sem mældur hefur verið í Reykjavík er 24,8 stig 11. ágúst 2004. Hitinn fór einmitt hæst í 24,8 stig á Þingvöllum í gær þó hitametið þar sé öllu hærra.

Veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands segir ástæðu veðurblíðunnar vera norðaustanáttina, sem er mjög hagstæð íbúum á suðvesturhorninu. Hann segir framhaldið verða svipað þótt hitinn verði ekki eins hár. Um helgina verði til dæmis áfram milt veður og hitinn slær hátt í tuttugu gráðurnar þegar best lætur.

Á Akureyri verður veðrið einnig gott áfram, aðeins svalara en á suðvesturhorninu. Rigningarbakkar liggja svo úti fyrir suðausturströndinni en munu að öllum líkindum ekki koma til með að spilla blíðunni mikið. **- bþh**



**VEÐURBLÍÐAN** Eftir nokkra velkomna rigningardaga lék veðurblíðan við Reykvíkinga í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hátíðleg athöfn í Höfða:

# Falleg hús og lóðir verðlaunuð

**REYKJAVÍK** **Jón Gnarr borgarstjóri veitti fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar í Höfða í gær. Fimm lóðir og fjögur hús hlutu viðurkenningu í ár fyrir endurbætur á húsum og fallegar stofnana-, fyrirtækja- og fjölbýlishúsalóðir.**

**Viðurkenningar fyrir lóðir hlutu Norræna húsið, Icelandair Marina Hótel, Efla og íbúðarhús við Suðurhlíðar 38 og Rauðavað. Fyrir endurbætur á húsum hlutu Hagamelur 38-40, Skólavörðustígur 13, Tjarnargata 34 og Þingholtsstræti 12 viðurkenningu.** **- bþh**



**ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON** Þingmaðurinn birti yfirlýsingu sína um annað sætið í Skessuhorni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Listi Framsóknar að skýrast:

# Ásmundur vill fá annað sætið

**STJÓRNMÁL** Ásmundur Einar Daðason og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson ætla sér báðir í annað sæti í prófkjöri Framsóknarflokksins í NV-kjördæmi.

Eins og kunnugt er gekk Ásmundur úr þingflokki VG á síðasta ári og er þetta í fyrsta sinn sem hann tekur þátt í prófkjöri Framsóknar.

Sigurgeir Sindri er fyrrverandi formaður Landssambands sauðfjárbænda. Hann sóttist einnig eftir öðru sæti í síðasta prófkjöri flokksins, en þá var það Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, sem hreppti sætið. **- sv**

## HJÁLPARSTARF

### Ráðinn til Malaví

Guðmundur Rúnar Árnason, forseti bæjarstjórnar í Hafnarfirði og fyrrverandi bæjarstjóri þar, hefur verið ráðinn verkefnastjóri hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Hann mun starfa í Malaví þar sem unnið er með héraðsstjórn Mangochi-héraðs.

## LEIÐRÉTT

Á blaðsíðu 13 í Fréttablaðinu í gær var sagt að til þess að vita hvort egg væri fúlt ætti að setja það í vatn. Ef það flyti væri í lagi með það en ef það legðist á botninn væri það skemmt. Þetta er rangt því þessu er öfugt farið. Ef egg sekkur er það í lagi en ef það flýtur er það fúlt. Beðist er velvirðingar á þessu.

# Hækkun kemur sér illa fyrir ráðstefnuhús Hörpu

**Fyrirhugaðar hækkanir á virðisaukaskatti á gistingu eiga að auka tekjur um tvo og hálfan milljarð. Ferðaþjónustufólk telur það varla standast. Áform um að koma Hörpu á kortið sem ráðstefnuhúsi myndu hrynja.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Forsvarsmenn í ferðaþjónustu telja mun líklegra að fyrirhuguð hækkun virðisaukaskatts á gistingu muni leiða til tekjutaps fyrir ríkissjóð en að hún skili meiru í kassann. Tilgangurinn með breytingunni er þó sagður að auka tekjur um tvo og hálfan milljarð.

Árni Gunnarsson, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF), segir einnig að áformin um að koma Hörpu á kortið sem ráðstefnuhúsi verði hæpnari verði þessi leið farin. „Hvergi er meiri samkeppni en um ráðstefnugesti sem eru meðal verðmætustu gesta. 17,3% verðhækkun til þeirra mun ekki fjölga gestum í Hörpu, sá markaður mun hrynja,“ segir í fréttatilkynningu sem SAF hefur sent frá sér.

Árni segir að í 29 Evrópuríkjum af 32 sé gisting í neðra þrepi virðisaukaskatts. „Þá hefur oft verið talað um að í Danmörku sé 25 prósenta virðisaukaskattur en þá gleymist að geta þess að þar er aðeins eitt skattþrep,“ segir hann. „Hins vegar má geta þess að Þjóðverjar hafa nýlega farið þá leið að lækka skatt á gistingu úr nítján prósentum í sjö.“

„Það virðist ekki hafa verið horft til heildarmyndarinnar,“ segir hann enn fremur. „Ég tel að óneitanlega hafi þetta í för með sér minni eftirspurn og ef ferðaþjónustan dregst saman, þó ekki væri nema um nokkur prósentubrot, þá eru þessir tveir og hálfur milljarður farnir.“

Björk Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Reykjavík Backpackers, er þegar farin að spá í áhrifin sem þessar breytingar hefðu í för með sér. „Ef gistingin hækkar um 17,3 prósent þá er verð á gistingu hjá fyrirtækjum eins og okkar sambærilegt dýrustu ferðamannaborgum heims eins og New York, Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Helsinki,“ segir hún. „Við megum ekki gleyma því að ferðamaðurinn er með ákveðnar ráðstöfunartekjur og hann ákveður ferðir sínar að miklu leyti út frá þeim. Það er því miður ekki svo að menn ákveði bara sisvona að fara til Íslands og spyrji svo um reikninginn að dvöl lokinni. Og þetta hefur líka þau áhrif að þegar fólk þarf að eyða meira af ráðstöfunarfé sínu í gistingu þá eyðir það minna í aðra þjónustu og vörur.“ **jse@frettabladid.is**



**BJÖRK KRISTJÁNSDÓTTIR** Framkvæmdastjóri Reykjavík Backpackers segir fyrirhugaðar hækkanir verulega misráðnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Verðdæmi um áhrif hækkunarinnar

Miðað við breytingarnar yrði verðhækkunin 17,3 prósent. Ein nótt á háannatíma í fjögurra manna herbergi hjá Reykjavík Backpackers kostar nú 6.490 íslenskar krónur. Með breytingunni verða það 7.613 krónur. Önnur áhrif af breytingunni gætu svo valdið því að verðið hækkaði enn þá meira. Miðað við að 147 krónur fáist fyrir evruna eru þetta um 52 evrur sem setur Reykjavík í flokk með dýrustu ferðamannaborgum heims.

Árni Gunnarsson bendir á að krónan hefur styrkst um átta prósent gagnvart evrunni á undanförnum mánuðum. „Ef sú þróun heldur áfram erum við að tala um verðhækkun á gistingu fyrir evrópska ferðamenn sem nær hátt upp í 30 prósent.“

## Mótmæla hækkun

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í borgarráði mótmæltu fyrirhuguðum hækkunum á borgarráðsfundi í gær. Lögðu þeir fram tillögu þess efnis en meirihlutinn samþykkti hana ekki. Í henni er hvatt til samráðs við Samtök ferðaþjónustunnar og sagt að skort hafi á upplýsingaöflun við forvinnu þessa máls.

Ferðamálasamtök Suðurnesja hafa jafnframt sent frá sér ályktun en þar segir meðal annars að forsendur bak við þessa hækkun séu ekki til því rannsóknir á þessari atvinnugrein séu varla neinar.


Píanóskóli Þorsteins Gauta

Ármúli 38 Rvík. S.5616751 og 6916980
pianoskoli@gmail.com
pianoskolinn.is

Innritun hafin á haustönn.

Einkatímar á píanó.

Hljómborðsnámskeið.

Byrjendur og lengra komnir.

Börn og fullorðnir.


## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**FÖSTUDAGUR** Enn ein helgin, þessi menningarlegri en margar. Bjart með köflum V-til á morgun en líkur á stöku síðdegisskúr. Skýjað að mestu og dálítil súld A-til og einna svalast þar. Strekkingur með SA-ströndinni um helgina. Hiti 10-20 stig en heldur svalara á sunnudag.




**Á MORGUN** víða 5-12 m/s, hvassast NV- og SA-til.

**SUNNUDAGUR** Stíf S-átt vestanlands.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 32° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 24° |
| Frankfurt | 27° |
| Friedrichshafen | 28° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 26° |
| Mallorca | 35° |
| New York | 31° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 22° |
| París | 30° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




**TILBOÐ 25%** afsláttur við kassa

**FERSKUR KJÚKLINGUR**
**749** kr/kg
Verð áður 998,-




TILBOÐ 30% afsláttur við kassa

TILBOÐ **1.399** kr/kg
Verð áður 1.998,-

**Grísakótilettur**
hunangskryddlegnar




TILBOÐ 30% afsláttur við kassa

TILBOÐ **314** kr/kg
Verð áður 449,-

**Kjúklingavængir**



TILBOÐ 30% afsláttur við kassa

TILBOÐ **1.819** kr/kg
Verð áður 2.598,-

**Grill-lambalæri**
með ferskum kryddjurtum




TILBOÐ 25% afsláttur við kassa

TILBOÐ **1.799** kr/kg
Verð áður 2.399,-

**Grísahnakkasneiðar**
hvítlauksmarineraðar

ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN 2010



## GRÍSARIF

Grísarif Fabrikkunnar eru foreldruð og þarf aðeins að hita.




TILBOÐ
MCCAIN FRANSKAR
**20%** afsláttur v/kassa



*Il boschetto salt- og piparkvarnir*



TILBOÐ
HAGKAUPS SPELT PIZZA DEIG
**359** kr/pk.
Verð áður 459.-

*La Selva – ekta ítalskt!*







ALVÖRU ÓLÍFUOLÍA
**659** kr/stk.

**OPIÐ** 24 Hagkaup
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Eiðistorg & Akureyri

Gildir til 19. ágúst á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú áhyggjur af möguleikanum á eldgosi í byggð á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 39,6% |
| NEI | 60,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlar þú að fylgjast með ensku deildinni í knattspyrnu í vetur?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Flugvél á leið frá New York til Rússlands neyddist til að lenda í Keflavík:

# Tveir handteknir vegna sprengjuhótunar

**LÖGREGLUMÁL** Tveir farþegar í flugvélinni sem lenti óvænt á Íslandi vegna sprengjuhótunar í gær voru handteknir í tengslum við málið. Þeir verða látnir lausir að loknum yfirheyrslum.

Sprengjuleit er lokið í flugvélinni en engin sprengja fannst í vélinni. Vélin var á leið frá New York til Rússlands. Í hótuninni kom fram að fimm ferðatöskur í vélinni innihéldu sprengiefni og myndu springa við lendingu í Moskvu.

Önnur flugvél kom og sótti farþegana og fóru þeir í loftið um hálf sjö. Farþegarnir fengu ekki að fara inn í Leifsstöð, en þeir voru í góðu yfirlæti í flugskýli við Keflavíkurflugvöll þar sem þeir fengu aðstoð frá Rauða krossinum.

Það er lögreglustjórinn á Suðurnesjum sem stýrir rannsókn á málinu í samstarfi við greiningardeild Ríkislögreglustjóra, en bandarískir aðilar munu einnig koma að þeirri rannsókn.

„Hótunin er gerð erlendis þannig að bandarísk stjórnvöld verða væntanlega með í því,“ segir Víðir Reynisson, deildarstjóri hjá almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra.



**Í LEIFSSTÖÐ** Um 20 fjöldahjálparstjórar og sjálfboðaliðar Rauða krossins á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu hlúðu að 238 farþegum og 17 manna áhöfn flugvélar frá Aeroflot í flugskýli á öryggissvæði á Keflavíkurflugvelli. MYND/TEITUR ÞORKELSSON








**FÉKK KÖTLU MEÐ MÓÐURMJÓLKINNI** Elín Einarsdóttir segir íbúa í Vík í Mýrdal ekki óttast Kötlu, heldur búa með henni í sátt og samlyndi.

# Ekkert öðruvísi að búa á eldfjallasvæði

**Íbúar í Vík í Mýrdal eru vanir því að búa í sátt og samlyndi við eitt virkasta eldfjall á landinu, segir oddviti sveitarstjórnar. Gagnrýnivert að engin lögregla sé lengur á svæðinu. Bæjarstjóri Grindavíkur segir fólk meðvitað um náttúruna.**

**FÓLK** „Maður fær með móðurmjólkinni hvernig það er að búa við rætur eldfjalls,“ segir Elín Einarsdóttir, oddviti sveitarstjórnar í Mýrdalshreppi og deildarstjóri í grunnskólanum í Vík í Mýrdal. „Þetta er svo sem ekkert öðruvísi en annars staðar. Að minnsta kosti ekki fyrir þá sem eru fæddir og uppaldir á svæðinu.“

Samkvæmt forgangsröðun Veðurstofu Íslands yfir hættuleg eldfjallakerfi á landinu er Katla meðal þeirra fjalla sem eru í hæsta hættustigi. Hún gaus síðast 1918 og hefur gosið að jafnaði á um áttatíu ára fresti. Eldstöðin sjálf er um áttatíu ferkílómetrar að flatarmáli.

„Allir þekkja Kötlu og maður heyrir sögur af henni. Afi minn upplifði gosið árið 1918 og maður ólst upp við þessar aðstæður,“ segir Elín. „En við upplifum okkur örugg því við eigum mjög góðar viðbragðsáætlanir og það eru allir viðbragðsaðilar hér heima í héraði.“

Elín segir þó gagnrýnivert að engin lögregla sé lengur til staðar í Vík. Sveitarstjórnin hefur barist fyrir því síðustu misseri að fá lögreglu í umdæmið. „Það er mikið öryggisatriði að hafa lögreglu því hún hefur formlegt vald,“ segir hún. „Björgunarsveitarmaður hefur til dæmis ekki formlegt vald. Við upplifðum þetta sjónrænt þegar brúin yfir Múlakvísl fór og það var engin lögregla á staðnum. Þá lentu björgunarsveitarmenn í vandræðum með borgarana því þeir neituðu að stöðva fyrir þeim.“

Börn á svæðinu eru með allt á hreinu hvað varðar viðbragðsáætlanir ef ske kynni að Katla færi að gjósa. Að sögn Elínar finnst þeim það miklu meira spennandi heldur en að þau séu óttaslegin við fjallið.

Annað eldstöðvakerfi í efsta hættuflokki er Svartsengi á Reykjanesi, við Grindavík. Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri í Grindavík, segir menn í bænum vel meðvitaða um náttúruna í kring, bæði það sem kemur inn af sjónum og hvað hraunið geymir undir sér.

„Það eru rýmingaráætlanir í skólum og svo erum við í miklu samstarfi við lögreglustjórann á Suðurnesjum, sem er ein besta almannavarnamanneskja á svæðinu,“ segir hann.

sunna@frettabladid.is

Lögmaður Iceland Express telur auðvelt að meta tjón sem Ríkiskaup olli fyrirtækinu:

# Nú er bara að reikna og semja

**VIÐSKIPTI** „Þetta er nokkuð borðleggjandi, að meta tjónið sem Iceland Express varð fyrir, svo að ég geri ráð fyrir að fljótlega verði hægt að setjast niður og semja um skaðabæturnar,“ segir Páll Rúnar Mikael Kristjánsson, lögmaður Iceland Express. Kærunefnd útboðsmála komst að þeirri niðurstöðu að Ríkiskaup væru skaðabótaskyld gagnvart fyrirtækinu þar sem það tók tilboði Icelandair í útboði um flugsæti fyrir ríkisstarfsmenn til og frá Íslandi. Iceland Express átti lægsta tilboð en þrátt fyrir það tóku Ríkiskaup tilboði Icelandair sem var töluvert óhagstæðara.

„Í viðlíka málum hefur það stundum reynst erfitt að sanna tjónið en svo er ekki í þessu máli,“ segir Páll. „Ég hef nú þegar óskað eftir upplýsingum frá Ríkiskaupum sem nauðsynlegar eru til að staðreyna umfang tjónsins. Þegar þær berast förum við að reikna en svo er íslenska ríkinu veitt tækifæri til að gera upp við tjónþola. Og ég á nú ekki von á öðru en þeir geri það bara; tjónið er borðleggjandi og hér liggur fyrir skýr úrskurður stjórnvaldsins og það er ekki við öðru að búast en þeir uni honum.“

Ríkiskaup hafa sjö daga til að svara kröfunni um upplýsingarnar en hún var send þeim síðasta þriðjudag. -jse



**ICELAND EXPRESS** Lögmenn fyrirtækisins bíða nú upplýsinga frá Ríkiskaupun en svo verður farið að reikna og semja.




ENNEMM / SÍA / NM53762

*Greiðslugjald 325 kr. bætist við mánaðargjald. Tilboðið gildir til 31.08.2012.

Við erum með
**réttu GSM leiðina**
fyrir þig

500 mínútna áskriftin er kjörin með þessu tilboði

500 mínútur + 500 SMS + 500 MB notkun + ♪ = 4.990 kr.
á mán. í 2 mán.

Á siminn.is finnur þú bæði snjallsímann og áskriftarleiðina sem henta þér.

siminn.is I #siminn

Síminn

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða Íslendingur keppir í UFC-deildinni í bardagalistum í Englandi í september?
2. Hvað heitir forsætisráðherra Grikklands?
3. Hvaða íslenski handknattleiksmaður er nú í atvinnuleit eftir að lið hans AG fór á hausinn?

SVÖR

1. Gunnar Nelson 2. Antonis Samaras 3. Snorri Steinn Guðjónsson

Ómar Sigurðsson frestar því að flytja í hús sem hann keypti vegna húsnæðisskorts heimamanna:

# Verða að hafa trú á þorpunum fyrir vestan

**LANDSBYGGÐIN** „Það hefur aldrei verið mín meining að nota þetta hús sem sumarhús,“ segir Ómar Sigurðsson sem í júlí síðastliðnum keypti hús á Bíldudal. Í grein Fréttablaðsins um húsnæðisskort þar í bæ sagði að það hús yrði nýtt sem sumarhús en í því býr nú fimm manna fjölskylda sem þarf að finna sér nýtt húsnæði sem er ekki heiglum hent í húsnæðisskortinum. Af þeim sökum hefur Ómar frestað því að flytja inn í húsið. „Ég keypti mér bát sem ég gerði út frá Bíldudal í sumar og mun gera í haust og í framtíðinni.“

Hann segir að í raun sé það jákvæð þróun að hús séu orðin eftirsótt á sunnanverðum Vestfjörðum eftir langt hnignunarskeið þar. „Nú þarf að bregðast við þessari þróun. Í fyrsta lagi þurfa heimamenn að sýna það í verki að þeir hafi trú á framtíðinni þarna með því að fjárfesta. Það er til dæmis eitt einbýlishús til sölu nú á góðu verði sem enginn hefur boðið í. En ég hef líka skilning á því að það geta ekki allir farið út í slík kaup og þá kemur að síðari þættinum en hann er sá að lánastofnanir og yfirvöld þurfa líka að sýna í verki að þau hafi trú á framtíðinni þarna.“

Ómar bjó á Bíldudal á áttunda áratugnum en varð að fara þegar niðursveiflan kom með þunga þar í byrjun þess níunda. „Nú get ég loksins farið þangað aftur og ég veit að margir myndu vilja gera slíkt hið sama,“ segir hann. **- jse**



**ÓMAR SIGURÐSSON** Hann segir að heimamenn, yfirvöld og lánastofnanir þurfi nú að sýna í verki að þau hafi trú á landsbyggðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**TÁLKNAFJÖRÐUR** Sveitarstjórnin ætlar að slá lán til að stækka höfnina. MYND/EGILL AÐALSTEINSSON

Framkvæmdir á Tálknafirði:

## Slær lán til að stækka höfnina

**TÁLKNAFJÖRÐUR** **Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps hefur samþykkt að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. upp á 25 milljónir króna.**

**Lánið er tekið til að fjármagna hafnarframkvæmdir sveitarfélagsins. Þetta kemur fram á vef Bæjarins besta.**

**Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins. Unnið er að því að endurbyggja gömlu bryggjuna ásamt því að setja niður nýtt stálþil.** **- kh**

Guðbjartur skipar nefnd:

## Nefnd um kynáttunarvanda

**STJÓRNSÝSLA** Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra hefur skipað þriggja manna sérfræðinefnd í samræmi við lög um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda, sem Alþingi samþykkti nýverið.

Hlutverk nefndarinnar er að meta hvort umsóknir einstaklinga sem óska staðfestingar á því að þeir tilheyri gagnstæðu kyni uppfylli skilyrði laga og að meta hvort umsækjandi sé hæfur til aðgerðar. Þá annast nefndin tilkynningar til Þjóðskrár.

Geir Gunnlaugsson landlæknir er formaður, en aðrir nefndarmenn eru María Rún Bjarnadóttir lögfræðingur og Engilbert Sigurðsson geðlæknir. **- sv**

# Stjórn Ekvadors samþykkir að Julian Assange fái hæli

**Utanríkisráðherra Ekvadors segir hættu á því að Svíar framselji stofnanda Wikileaks til Bandaríkjanna. Assange hefur dvalið í sendiráði Ekvadors í London. Bresk stjórnvöld hóta að rjúfa friðhelgi sendiráðsins.**

**BRETLAND** „Þótt sögulegur sigur hafi unnist í dag, þá er barátta okkar rétt að hefjast,“ segir Julian Assange, stofnandi Wikileaks, í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gær eftir að hafa fengið pólitískt hæli í Ekvador. „Stöðva verður hina fordæmalausu rannsókn Bandaríkjanna á Wikileaks.“

Hann vottaði Bradley Manning, bandaríska hermanninum sem grunaður er um að hafa lekið leyniskjölum til Wikileaks, virðingu sína: „Þótt athyglin í dag beinist að miklu leyti að ákvörðun Ekvadorstjórnar, þá er jafn mikilvægt að minnast þess að Manning hefur verið í haldi án réttarhalda í meira en 800 daga.“

Assange hefur dvalið í sendiráði Ekvadors í London í nærri tvo mánuði. Þar leitaði hann skjóls og sótti jafnframt um pólitískt hæli í Ekvador í von um að komast þannig hjá því að verða framseldur til Svíþjóðar.

Svíar vilja fá hann til yfirheyrslu vegna ásakana um kynferðisbrot gegn tveimur konum, en Assange óttast að Svíar framselji hann til Bandaríkjanna þar sem hann ætti yfir höfði sér málsókn vegna birtingar á leyniskjölum frá Bandaríkjaher. Hann óttast að málsmeðferðin þar yrði ekki sanngjörn.

Stjórn Ekvadors telur þennan ótta eiga við rök að styðjast: „Það er ekki útilokað að hann myndi sæta grimmilegri meðferð, verði dæmdur í ævilangt fangelsi eða jafnvel til dauðarefsingar,“ sagði Ricardo Patino, utanríkisráðherra Ekvadors. Bresk stjórnvöld lýstu yfir vonbrigðum sínum með þessa niðurstöðu, en sögðu hana engu breyta um að þeim beri lagaleg skylda til þess að handtaka Assange og framselja hann.

Á miðvikudag sendu Bretar orðsendingu til Ekvadors þar sem því var hótað að friðhelgi sendiráðsins í London yrði rofin og Assange handtekinn. Lögreglan í London umkringdi síðan sendiráðsbygginguna, en þangað safnaðist einnig fjöldi fólks til að lýsa yfir stuðningi við Assange.

Sænska stjórnin brást síðan við í gær með því að kalla sendiherra Ekvadors á sinn fund til að mótmæla því að Assange hefði fengið pólitískt hæli. **gudsteinn@frettabladid.is**



**MÓTMÆLENDUR OG LÖGREGLA** Mikið var um að vera fyrir utan sendiráð Ekvadors í London í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Friðhelgi sendiráða

Samkvæmt Vínarsamningnum um ræðissamband, alþjóðasamningi frá 1961 sem nánast öll ríki Sameinuðu þjóðanna eiga aðild að, njóta sendiherrar og annað starfsfólk sendiráða friðhelgi.

Friðhelgin nær til húsakynna sendiráðsins, en þó er hægt að vísa sendiherranum og starfsfólki úr landi og þá fellur úr gildi friðhelgi húsnæðisins. Breska lögreglan hefur sem sagt ekki heimild til að fara inn í sendiráð Ekvadors í London til að handtaka þar fólk, nema starfsfólki sendiráðsins hafi verið vísað úr landi og sé farið úr húsinu.

Bresk stjórnvöld vísa hins vegar til breskra laga frá árinu 1987, sem heimila breskum stjórnvöldum að afturkalla friðhelgi sendiráðshúsnæðis, meðal annars ef ljóst þykir að sendiráð sé notað í öðrum tilgangi en heyrir undir starfsemi sendiráða, en tilefnið þarf þá að vera brýnt. Grípi bresk stjórnvöld til þessa ráðs væri það fordæmalaust og gæti gefið varhugavert fordæmi.

Utan sendiráðsins nær friðhelgin eingöngu til starfsfólks sendiráðsins og fjölskyldna þeirra, en ekki til annarra einstaklinga sem kunna að vera í för með sendiráðsfólkinu. Julian Assange á því ekki kost á að fara í fylgd sendiráðsstarfsfólks út á flugvöll og komast þannig úr landi, jafnvel þótt honum hafi verið veitt hæli í Ekvador, nema þá með leynd – og það gæti orðið erfitt því breska lögreglan fylgist grannt með sendiráðinu.

Ekvador gæti veitt Assange ríkisborgararétt með hraði í þeim tilgangi að gera hann að starfsmanni sendiráðsins, en til þess þyrfti samþykki breskra stjórnvalda, sem varla fengist. Ekvador gæti einnig gert Assange að sendiherra sínum hjá Sameinuðu þjóðunum, og þá nyti hann friðhelgi sem slíkur, en sá möguleiki virðist þó heldur langsóttur.






Þrjú skip landa 400 til 500 tonnum á Vopnafirði á þriggja daga fresti:

# Gengur hratt á makrílkvótann

**SJÁVARÚTVEGUR** Makrílveiðar uppsjávarveiðiskipa HB Granda hafa gengið vel í sumar. Á heimasíðu fyrirtækisins kemur fram að í byrjun vikunnar var búið að veiða um 11.400 tonn af makríl á vertíðinni og þá voru óveidd um 4.500 tonn. Hlutfall síldar í makrílaflanum hefur aukist upp á síðkastið, en skip sem eru á síldveiðum norðan við helsta makrílveiðisvæðið hafa jafnframt verið að fá 10-20% meðafla af makríl.

„Veiðin hefur verið í góðu lagi í sumar. Það kom reyndar smá deyfð í þetta í gær, eins og gerist af og til, en eftir að við komum á miðin um miðnætti hafa aflabrögðin verið með ágætum,“ segir Guðlaugur Jónsson, skipstjóri á Ingunni AK, en er rætt var við hann laust upp úr hádeginu í gær var verið að ljúka þriðja holi veiðiferðarinnar í Litladjúpi, en nú er lögð áhersla á að ná makrílkvótanum áður en haldið verður til síldveiða.

Vinnsla í uppsjávarhúsinu á Vopnafirði hefur gengið vel í sumar enda eru skipin þrjú, sem sjá vinnslunni fyrir hráefni. Þau landa á þriggja daga fresti með 400 til 500 tonna afla hvert. Makríllinn sem nú veiðist er feitur og fallegur og meðalvigtin hjá Ingunni í yfirstandandi veiðiferð er rúmlega 400 grömm. **- shá**



**INGUNN AK** Nokkuð ber á síld sem meðafla við makrílveiðarnar sem nú eru á lokametrunum hjá HB Granda. MYND/HBGRANDI



markhonnun.is
nettó
Kræsingar & kostakjör
Tilboðin gilda 16. - 19. ágúst
40% AFSLÁTTUR
Kjötbankinn
USA NAUTAGRILLSTEIK
1.799
ÁÐUR 2.998 KR/KG
BESTU TILBOÐIN Í NETTÓ
PLÓMUR
500 G ASKJA
50% AFSLÁTTUR
199
ÁÐUR 398 KR/PK
BRAZIL
GRÍSAVÖÐVI
Kjötbankinn
1.198
ÁÐUR 1.498 KR/KG
GULRÓTARBRAUÐ
BAKAÐ Á STAÐNUM*
50% AFSLÁTTUR
ldir ekki um Nettó Salavegi
NÝBAKAÐ
299
ÁÐUR 598 KR/STK
X-TRA KAFFI
400 GR
100 KR AFSLÁTTUR
289
ÁÐUR 389 KR/PK
PEPSI/PEPSI MAX
330 ML
34% AFSLÁTTUR
65
ÁÐUR 99 KR/STK
EASY UPPÞVOTTALÖGUR
500 ML
2FYRIR1
199 KR/2STK
ÁÐUR 398 KR/2STK
www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**FÍLL Í DÝRAGARÐI** Í dýragarði í Berlín er þennan fíl að finna. Að hætti fíla eys hann yfir sig sandi. NORDICPHOTOS/AFP

Sameinuðu þjóðirnar og Arababandalagið hyggjast opna skrifstofu í Sýrlandi:

# Umboð friðargæslu rennur út

**SÝRLAND, AP** Í staðinn fyrir friðargæslu Sameinuðu þjóðanna og Arababandalagsins í Sýrlandi, sem hættir um helgina, verður opnuð þar skrifstofa til að sjá um samskiptin við stjórnvöld.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna féllst á þetta fyrirkomulag, samkvæmt tillögu frá Ban Ki-moon framkvæmdastjóra.

Ekkert lát er hins vegar á borgarastyrjöldinni í landinu.

Nú síðast skýrðu alþjóðlegu mannréttindasamtökin Human Rights Watch að loftárásir stjórnarhersins á íbúðahverfi í bænum Azaz á miðvikudag hafi kostað meira en fjörutíu manns lífið. Meira en hundrað særðust.

Í loftárásunum var hverfið að mestu jafnað við jörðu.

„Enn á ný hefur stjórnarherinn sýnt algert skeytingarleysi gagnvart lífi almennra borgara í árásum sínum,“ segir Anna Neistat hjá Human Rights Watch.

Sjúkrahúsið í bænum réði ekki við þann fjölda af særðu fólki sem leitaði þar lækninga og ráðlagði fólki að fara með særða yfir landamærin til Tyrklands, sem eru skammt frá Azaz. - gb



**JAFNAÐ VIÐ JÖRÐU** Heilt hverfi í bænum Azaz var að mestu jafnað við jörðu á miðvikudag. NORDICPHOTOS/AFP

Greiningardeild Íslandsbanka:

# Spáir óbreyttum stýrivöxtum

**VIÐSKIPTI** Greiningardeild Íslandsbanka spáir því að peningastefnunefnd Seðlabankans ákveði að halda stýrivöxtum bankans óbreyttum á næsta vaxtaákvörðunardegi bankans sem er 22. ágúst næstkomandi.

Verða daglánavextir bankans þá áfram 6,75 prósent, vextir af lánum gegn veði til sjö daga 5,75 prósent, hámarksvextir á 28 daga innistæðubréfum 5,5 prósent og innlánsvextir 4,75 prósent.

Þetta kemur fram í Morgunkorni greiningardeildarinnar. - kh






**VILJA ÍSLENDINGA** Háskólinn í Bratislava vill bjóða íslenskum stúdentum að þreyta inntökupróf. Vonast skólinn til að geta tekið um tíu nemendur inn í haust. MYND/ÚR SAFNI

# Vilja fá Íslendinga í læknanám í Slóvakíu

**Einn besti háskóli í Austur-Evrópu býður íslenskum stúdentum að þreyta inntökupróf fyrir læknanám í Slóvakíu. Ræðismaður Slóvakíu heldur inntökuprófin hér á landi taki sex áhugasamir nemendur þau.**

**MENNTUN** Comenius-háskólinn í Bratislava í Slóvakíu mun í lok mánaðarins bjóða íslenskum stúdentum upp á inntökupróf í læknisfræði við læknisfræðideild skólans í bænum Martin í norðurhluta landsins.

Inntökuprófin verða haldin í Slóvakíu en ef fleiri en sex sækja um hefur skólinn lofað að halda þau á Íslandi. Forsvarsmenn skólans eru að sögn mjög spenntir fyrir að taka inn íslenska nemendur. Nám við þennan háskóla hefur ekki boðist íslenskum stúdentum áður.

„Þessi læknaskóli er í Martin í Slóvakíu, 200 kílómetrum fyrir norðan höfuðborgina Bratislava,“ segir Runólfur Oddsson, ræðismaður Slóvakíu á Íslandi. „Árið 1991 fékk prófessor þarna þá hugmynd að bjóða upp á nám fyrir útlendinga í Slóvakíu. Þetta er eini læknaskólinn þar í landi sem kennir á ensku.“

Læknaskólinn heitir Jessenius School of Medicine og er deild innan Comenius-háskólans í Bratislava. Runólfur segir að kennt sé í litlum hópum og aðeins útlendingar eða Slóvakar búsettir erlendis fái inngöngu í þetta nám.

„Þeir hafa verið að taka 140 manns inn á ári. Nú eru yfir 300 nemendanna Norðmenn. Þarna eru einnig Þjóðverjar, Danir og Svíar. Ameríkanar hafa svo verið að snúa aftur. Skólinn er viðurkenndur um alla Evrópu og í Bandaríkjunum,“ bendir Runólfur á.

Í ár þreyttu 299 stúdentar inntökupróf í læknadeild Háskóla Íslands en aðeins 48 stóðust prófið. Þeir sem sem ekki komust inn geta leitað í annað nám innan háskólans hér en margir reyna við inntökupróf í læknisfræði erlendis.

Inntökuprófið í slóvakíska skólann samanstendur af prófi í líffræði og öðru í efnafræði. Inntökuprófin í læknisfræði í Háskóla Íslands samanstanda af prófi í raunvísindum og hugvísindum auk prófs í almennri þekkingu.

Runólfur segir að eftir því sem honum skiljist séu skólagjöld í sambærilegan skóla í Ungverjalandi um 15.200 Bandaríkjadalir (um það bil 1,8 milljónir króna). „Skólagjöld í Slóvakíu eru 8.950 evrur á ári [um það bil 1,3 milljónir króna] og það er fast gjald.“

birgirh@frettabladid.is






## HÖNNUÐ Í ÞÝSKALANDI OG FRAMLEIDD AF EINNI FREMSTU HJÓLA-VERKSMIÐJU HEIMS

MERIDA

Í verslunum Ellingsen er mikið úrval af hjólum fyrir börn og fullorðna, aukahlutum og hjólreiðafatnaði. Hverju hjóli fylgir stilling á hjólreiðaverkstæði Ellingsen mánuði eftir að það er keypt.

**Komdu í heimsókn og kynntu þér gæði Merida.**

### FJALLAHJÓL



**MERIDA YELLOWSTONE FJALLAHJÓL 18–20”**

**49.990 KR.**

| | |
|---|---|
| Bremsur: | V-brake |
| Gírskipting: | Shimano |
| Gírar: | 21 |
| Þyngd: | 13,6 kg |

FULLT VERÐ 69.990 KR. Léttgreiðslur **8.331** KR. í 6 mán.



**MERIDA DURANGO FJALLAHJÓL 16–20”**

**74.990 KR.**

| | |
|---|---|
| Bremsur: | Tectro Draco 160 |
| Gírskipting: | Shimano |
| Gírar: | 21 |
| Þyngd: | 13,6 kg |

FULLT VERÐ 99.990 KR. Léttgreiðslur **12.449** KR. í 6 mán.




**MERIDA BIG NINE 100 FJALLAHJÓL 15–19”**

**129.990 KR.**

| | |
|---|---|
| Bremsur: | Tectro Draco 160 |
| Gírskipting: | Shimano |
| Gírar: | 21 |
| Þyngd: | 13,6 kg |
| Dekk: | 29” |

FULLT VERÐ 169.990 KR. Léttgreiðslur **21.665** KR. í 6 mán.

### GÖTUHJÓL



**MERIDA ROAD RIDE 88 RACER S/M og M/L**

**104.990 KR.**

| | |
|---|---|
| Bremsur: | V-Brake Linear |
| Gírskipting: | Shimano |
| Gírar: | 16 |
| Þyngd: | 13,4 kg |

FULLT VERÐ 149.990 KR. Léttgreiðslur **17.498** KR. í 6 mán.



**MERIDA CROSSWAY YELLOWSTONE 52–61 cm**

**54.990 KR.**

| | |
|---|---|
| Bremsur: | V-brake |
| Gírskipting: | Shimano Acera |
| Gírar: | 21 |
| Þyngd: | 12,9 kg |

FULLT VERÐ 69.990 KR. Léttgreiðslur **9.165** KR. í 6 mán.



**MERIDA COMFORT GÖTUHJÓL 47–51 cm**

**69.990 KR.**

| | |
|---|---|
| Bremsur: | Tectro 837AL |
| Gírskipting: | Shimano Nexus |
| Gírar: | 3 |
| Þyngd: | 17,3 kg |

Karfa, bretti, bögglaberi, glitaugu og bjalla fylgja.

FULLT VERÐ 89.990 KR. Léttgreiðslur **11.665** KR. í 6 mán.

### BARNAHJÓL



**MERIDA DINO 16 BARNAHJÓL 4–6 ÁRA**

**24.990 KR.**

| | |
|---|---|
| Bremsur: | Hand- og fótbremsur |
| Gírskipting: | Shimano |
| Gírar: | Single speed |
| Þyngd: | 11,2 kg |

Bretti, standari, keðjuhlíf, bjalla og glitaugu fylgja.

FULLT VERÐ 29.990 KR. Léttgreiðslur **4.165** KR. í 6 mán.



**MERIDA BELLA 20 BARNAHJÓL 6–8 ÁRA**

**34.990 KR.**

| | |
|---|---|
| Bremsur: | Power v-br 131s |
| Gírskipting: | Shimano |
| Gírar: | 6 |
| Þyngd: | 13,2 kg |

FULLT VERÐ 49.990 KR. Léttgreiðslur **5.832** KR. í 6 mán.



**MERIDA DINO/BELLA 12 BARNAHJÓL 2–4 ÁRA**

**19.990 KR.**

| | |
|---|---|
| Bremsur: | Fótbremsur |
| Grind: | Ál |
| Þyngd: | 7,5 kg |
| Dekk: | 12” |

Hjálpardekk fylgja.

FULLT VERÐ 24.990 KR. Léttgreiðslur **3.332** KR. í 6 mán.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 121114

**FRÉTTASKÝRING:** Lífeyrissjóðakerfi opinberra starfsmanna

# Eitt stærsta hagsmunamál skattgreiðenda

**Sá uppsafnaði skuldabaggi sem hvílir á ríkissjóði vegna lífeyrisskuldbindinga sem hann hefur gengist í ábyrgð fyrir er eitt stærsta hagsmunamál íslenskra skattgreiðenda. Tryggingafræðileg skuld vegna A og B- deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) er um 600 milljarðar króna. Ríkissjóður er í ábyrgð fyrir þorra þeirrar skuldar. Þrátt fyrir hina alvarlegu stöðu hefur því margsinnis verið frestað að taka almennilega á þessu vandamáli.**

Fréttablaðið greindi frá því á miðvikudag að viðræður standi yfir milli stjórnvalda og stéttarfélaga opinberra starfsmanna um breytingar á lífeyriskerfi þeirra, enda augljóst að ekki er hægt að hlaða upp skuldum vegna þeirra. Ef þær skila þeim árangri sem fjármálaráðuneytið vonast til á að leggja fram frumvarp um breytingarnar í október. Viðmælendur Fréttablaðsins sem komið hafa að viðræðunum telja þó að ríkissjóður ætli sér að reyna að leysa uppsafnaðan vanda A-deildar LSR með því að skerða þegar áunnin lífeyrisréttindi samhliða breytingunni eða með því að ný deild, sem verði stofnuð, verði nýtt til að rétta af hallann. Stéttarfélög opinberra starfsmanna hafa hins vegar sett það sem ófrávíkjanlega forsendu allra breytinga á kerfinu að þessar skerðingar muni ekki eiga sér stað. Því er í raun uppi pattstaða.

### Tvö kerfi í landinu

Í dag eru tvö lífeyrissjóðakerfi í landinu, það opinbera og það almenna. Í mjög grófum dráttum er munurinn á þeim sá að í almenna kerfinu þarf að skerða lífeyrisgreiðslur ef eignir sjóðanna duga ekki fyrir skuldum þeirra. Lífeyrissjóðirnir töpuðu hátt í 500 milljörðum króna á hruninu samkvæmt úttektarskýrslu sem gerð var um þá og kynnt var fyrr á þessu ári. Í almenna kerfinu leiddi þetta tap til þess að lífeyrisréttindi voru skert um allt að 25 prósent.

Í opinbera kerfinu greiðir ríkið hins vegar upp það tap sem skapast á rekstrinum. Í bankahruninu tapaði LSR um 100 milljörðum króna, um fimmtungi af eignum sínum. Við það fóru eignir A-deildar LSR úr því að vera 33 prósent umfram skuldbindingar í að vera um 13 prósent undir skuldbindingum.

### Halli eftir hrun

A-deildin var stofnuð 1997 og allir opinberir starfsmenn sem komið hafa inn í lífeyriskerfið síðan greiða fjögur prósent launa sinna í hana. Á móti greiðir vinnuveitandi þeirra, oftast ríkið, 11,5 prósent. Sjóðurinn á að vera sjálfbær í þeim skilningi að greidd iðgjöld og tekjur af fjárfestingum eiga að standa undir skuldbindingum hans. Það gera þær hins vegar ekki.

Standi arðsemi fjárfestinga LSR ekki undir útgreiðslum úr sjóðnum ber að hækka það iðgjald sem hið opinbera greiðir í sjóðinn þar til gatið er brúað. Í dag er uppreiknaður halli á A-deild LSR 57,4 milljarðar króna. Hann jókst um tíu milljarða króna í fyrra og því ljóst að vandamálið er stigvaxandi. Samkvæmt lögum má hann ekki vera meiri en tíu prósent, en hann var 13,1 prósent um síðustu áramót. Hann má auk þess ekki vera meiri en fimm prósent í fimm ár samfleytt. Efra markið var reyndar hækkað í fimmtán prósent eftir hrun með lagabreytingu til að gefa sjóðnum færi á að jafna sig. Sú breyting var keyrð í gegn í desember 2008 þegar ljóst var að sjóðurinn uppfyllti ekki lögbundin mörk.



**Í ÁBYRGÐ** Tryggingafræðileg skuld vegna A og B- Deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er um 600 milljarðar króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## B-deild LSR: lífeyrir með ríkisábyrgð

B-deild LSR byggist á svokölluðu gengumstreymiskerfi, sem var meira í takt við klassískt eftirlaunakerfi. Þar er lítil sjóðsmyndun. Deildin var aflögð 1997. Þeir sem borguðu í hana á þeim tíma gátu þó haldið því áfram. Lífeyrisþegar B-deildar fá eftirlaunagreiðslur óháð innborguðum iðgjöldum og ávöxtun þeirra. Með öðrum orðum er lífeyrinn með ríkisábyrgð.

Auk þess hækkar lífeyrir þeirra vegna almennra launahækkana, kerfisbreytinga á launum opinberra starfsmanna og aukinna lífslíka. Í nýjustu ársskýrslu LSR kemur fram að skuldbindingar B-deildarinnar hafi verið 260,5 milljarðar króna í árslok 2001. Tíu árum síðar voru þær 543,5 milljarðar króna. Aukningin nemur 108,6 prósentum.

Hrein eign til greiðslu lífeyris í sjóðnum er 190,9 milljarðar króna. Því vantar ansi mikið upp á til að hægt verði að standa við greiðslu þeirra réttinda sem lífeyrisþegar hafa unnið sér inn. Krafa á ríkissjóð og aðra opinbera launagreiðendur vegna lífeyrishækkana, sem hefur ekki verið greidd, er 231 milljarður króna. Auk þess á LSR kröfu á ríkissjóð vegna bakábyrgðar hans á kerfinu upp á 113,7 milljarða króna.

### Viðbótargreiðslum frestað

Á árinu 1999 byrjaði ríkissjóður að greiða inn viðbótargreiðslur í B-deildina til að mæta framtíðarskuldbindingum. Út árið 2008 nam samtala þeirra greiðslna 75 milljörðum króna umfram lagaskyldu. Eftir hrun var ákveðið að hætta þessum viðbótargreiðslum, sem þá höfðu staðið yfir í tíu ár. Með því er vandanum velt á undan sér. Honum er frestað.

Í ársskýrslu LSR segir að vegna fjármálakreppunnar og erfiðleika á fjármálamörkuðum í kjölfarið hefur gengið fyrr á eignir sjóðsins til að mæta óuppgerðum skuldbindingum en áætlað var. Þær eignir sem eftir standa eru tilkomnar vegna aukagreiðslna sem ríkissjóður hefur greitt til sjóðanna og vegna uppgjöra á skuldbindingum. „Ljóst er að ef hvorugt hefði komið til hefði sjóðurinn tæmst við bankahrunið á 4. ársfjórðungi 2008 og allar greiðslur frá og með árinu 2009 hefðu þurft að koma beint úr ríkissjóði vegna bakábyrgðar.“

Óuppgerð skuldbinding í B-deildina er 461 milljarður króna. Ríkissjóður á um 400 milljarða króna af þeirri skuld. Ef byrjað yrði að greiða niður þessa skuld í dag myndu opinberir aðilar þurfa að greiða um átta milljarða króna á ári. Þær greiðslur myndu síðan fara stighækkandi og ná toppi árið 2024, þegar þær yrðu 18 milljarðar króna árlega. Eftir það myndu þær lækka jafnt og þétt þar til að síðasti lífeyrisþegi deildarinnar yrði allur.

**57,4** milljarðar er uppreiknaður halli á A-deild Lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna.

### Fresta því að fara eftir lögum

Til að laga hallann á A-deildinni þarf að hækka iðgjald atvinnurekenda, sem er að langstærstu leyti ríkið, í sjóðinn. Á síðasta ári voru greidd iðgjöld 15,6 milljarðar króna, en þau eru 15,5 prósent af launum. Því kostar hver prósentustigshækkun hið opinbera um milljarð króna.

Til að koma stöðu sjóðsins undir tíu prósent markið þarf að hækka iðgjaldið um 1,1 prósentustig, í 16,6 prósent. Til að koma hallanum undir fimm prósent þarf að hækka þau um 2,8 prósentustig og til að laga hallann að fullu þyrfti að hækka iðgjöldin um 4,6 prósentustig, í 20,1 prósent. Þá þyrfti ríkið að greiða tæpa fimm milljarða króna á ári í sjóðinn til að laga stöðuna.

Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli Fjármálaeftirlitsins (FME) og fulltrúa opinberra starfsmanna í stjórn LSR um að hækka iðgjaldið hefur það ekki verið gert. Stjórnvöld hafa frestað því að taka á vandanum og notað þær aðstæður sem ríkja í ríkisfjármálum vegna hrunsins sem afsökun.

### Vilji til breytinga

Almennur vilji er hjá stjórnvöldum og öllum helstu hagsmunaaðilum í landinu að jafna lífeyrisréttindi í landinu. Viðræður um að sameina opinbera og almenna kerfið í eitt, sem myndi byggja á hinu almenna, hafa staðið yfir frá því í fyrra.

Fréttablaðið greindi frá því á miðvikudag að meðal þess sem er til umræðu sé að hækka eftirlaunaaldur í opinbera kerfinu úr 65 árum í 67 ár. Auk þess er vilji til þess að breyta lífeyrisréttindum þannig að þau verði línuleg, líkt og er í almenna kerfinu. Gangi þetta eftir mun ríkissjóður þurfa að bæta opinberum starfsmönnum þetta með einhverjum hætti, enda ljóst að lífeyriskjör þeirra myndu skerðast mikið. Á móti þyrfti að hækka laun opinberra starfsmanna þar sem að litið hefur verið svo á að laun og lífeyrir séu hluti af sama kjarapakkanum. Lág laun í opinbera geiranum hafa enda verið rökstudd með því að lífeyrisréttindi væru mun ríkari en í almenna kerfinu.

Auk þess er talið að ríkið myndi þurfa að inna af hendi verulega upphæð inn í opinbera kerfið. Um einskiptisaðgerð yrði að ræða.

### Ríkissjóður verður að borga

Stéttarfélög opinberra starfsmanna eru tilbúin í þessar viðræður að teknu tilliti til ákveðinna forsendna. Í fyrsta lagi vilja þau að stjórnvöld geri upp skuld sína við A og B-deild LSR. Í öðru lagi vilja þau að laun opinberra starfsmanna hækki í takt við þau lífeyrisréttindi sem þeir missa við breytinguna. Í þriðja lagi vilja þau að sá hópur sem er þegar byrjaður að borga í sjóðinn fái val um hvoru kerfinu hann vilji tilheyra. Eldri greiðendur, sem eiga lítið eftir af starfsævi sinni, myndu ugglaust margir hverjir vilja frekar góðan lífeyri en hærri laun. Margir yngri myndu vilja hærri laun núna og væru tilbúnir til að gefa frá sér hærri lífeyri.

Í bréfi sem forsvarsmenn stéttarfélaga opinberra starfsmanna afhentu Oddnýju Harðardóttur á miðvikudagsmorgun segir að „samtökin hafna alfarið viðræðum um að núverandi vandi A-deildar verði leystur með réttindaskerðingu að neinu tagi eða með því að möguleg ný deild með breyttum forsendum verði nýtt til að rétta af hallann“. Auk þess kemur skýrt fram að útilokað sé af þeirra hálfu að til greina komi að gefa eftir með einhverjum hætti þá eign sem greiðendur í B-deild eiga. Þeir setja það sem forsendu fyrir viðræðum um breytingu á lífeyriskerfi sínu í átt að hinu almenna að „gerð verði greiðsluáætlun um það með hvaða hætti inngreiðslum vegna skuldbindinga ríkisins verði háttað.“ Því er komin upp ákveðin pattstaða.

Viðmælendur Fréttablaðsins innan raða stéttarfélaga og lífeyrissjóða óttast raunar að stjórnvöld muni halda áfram að velta vandanum á undan sér með nýrri bráðabirgðalagasetningu í haust. Þannig yrði hægt að fresta vandanum fram yfir kosningar hið minnsta.

## Munurinn á lífeyrissjóðakerfunum tveimur



**ALMENNA KERFIÐ**

**Launþegi greiðir:**
4 prósent af launum í iðgjöld á mánuði.

**Atvinnurekandi greiðir:**
8 prósent mótframlag á mánuði.

**Rekstur:**
Lífeyrissjóðirnir fjárfesta fyrir iðgjöldin og réttindi sjóðsfélaga ráðast af árangri þeirra fjárfestinga.

**Ef eignir duga ekki fyrir skuldbindingum:**
Þá eru lífeyrisgreiðslur skertar.



**OPINBERA KERFIÐ**

**Launþegi greiðir:**
4 prósent af launum í iðgjöld á mánuði.

**Atvinnurekandi greiðir:**
11,5 prósent mótframlag á mánuði.

**Rekstur:**
Lífeyrissjóðirnir fjárfesta fyrir iðgjöldin. Öll réttindi eru áunninn. Ekki er leyfilegt að skerða lífeyrisréttindin.

**Ef eignir duga ekki fyrir skuldbindingum:**
Þá á launagreiðandinn, í flestum tilfellum ríkið, að greiða hærra iðgjald í sjóðinn.




**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

# Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

ALLT Á AÐ SELJAST!

## Verslunin að KORPUTORGI lokar

# 20-50%

## afsláttur af öllum vörum

í versluninni á meðan birgðir endast

### Dæmi um afslátt:

**20%** afsláttur á allri matvöru

**30%** afsláttur á öllum verkfærum

**40%** afsláttur á öllum kertum og servíettum

**50%** afsláttur á öllum skóm

ATH! Afslátturinn gildir eingöngu í verslun Europris að Korputorgi

WWW.EUROPRIS.IS


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAGÚLLAS
1898 KR. KG
FERSKT NAUTGRIPAGÚLLAS
NAUTA Veisla
Nautaborgarar 4 stk. m/brauði
FERSKIR NAUTAVEISLU 4 STK. NAUTGRIPAHAM-BORGARAR MEÐ BRAUÐI
695 KR. PK
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTASNITSEL
1898 KR. KG
FERSKT NAUTGRIPA SNITSEL
KJARNAFÆÐI FERSKT KJÖTFARS
KJÖTFARS
259 KR. 620 GR
FERSKT KJÖTFARS 620 GR
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAHAKK
100% KJÖT
1295 KR. KG
FERSKT NAUTGRIPAHAKK
EURO SHOPPER
KJÚKLINGABRINGUR
FROSNAR 900 GR
KYCKLINGFILÉ
STYCKFRYSTA, KÖTTHALT 80%
900 g
1498 KR.PK
ÓDÝRUSTU KJÚKLINGABRINGURNAR Í BÓNUS
JARÐARBERJA ÍS 2 LÍTRAR
BÓNUS
BÓNUS ÍS 2 LTR
359 KR
VANILLU - SÚKKULAÐI- JARÐARBERJA
froosh fruit bottled
pick me up.
in fruit we trust.
one ingredient: fruit.
no bad stuff. zilch, zero, nada.
froosh
289 KR. 250 ML
FROOSH 250 ML HREINN ÁVAXTAORKUDRYKKUR
RICE DREAM
+Calcium
ALMOND DREAM
Original +Calcium
RÍSMJÓLK & MÖNDLUMJÓLK 1 LTR. FERNA
298 KR
jordbær
STRAWBERRIES
JORDGUBBAR
1200 g
FROSIN JARÐARBER 1.2 KG
459 KR
Mango
FROSNIR MANGÓBITAR 1 KG
498 KR
Chiafræ
HIMNESKT CHIAFRÆ 200 GR
598 KR
Coca-Cola light
Coca-Cola
98 KR. 500 ML
OPNUM KL.1
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍM...




**259** KR. STK

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770 GR



**198** KR. 4 STK

BÓNUS KORNKUBBAR 4 STK




**195** KR. STK

BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG.



**198** KR. KG

NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU

Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS



BÓNUS NÝREYKTUR
HAMBORGARHRYGGUR
**1198 KR.KG**




**298** KR. 475 G

BÓNUS VÖFFLUMIX
475 GR



30 TONN Í BOÐI
Á ÞESSU VERÐI

FROSIN LAMBASVIÐ
**229 KR.KG**



**779** KR. KG

NÝ UPPSKERA FRÁ USA
RAUÐ OG GRÆN VÍNBER




**398** KR. 500 GR

RABARBARA SULTA




**398** KR. 500 GR

BÓNUS KAFFI 500 GR

NÝ UPPSKERA
AMERÍSK KIRSUBER
400 GR ASKJA



**598** KR. 400GR

NÝ UPPSKERA
AMERÍSK BLÁBER
290 GR ASKJA



**595** KR. 290 GR

EURO SHOPPER
ÞEYTIRJÓMI



**198** KR. 250 ML

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

föstudagur **Föstudagsviðtalið** **Joakim Hammerlin** heimspekingur

# Frelsi og lýðræði bestu vopnin

Rúmt ár er liðið frá fjöldamorðum Anders Behring Breivik sem skóku norskt samfélag. Heimspekingurinn **Joakim Hammerlin** hefur gefið út bók þar sem hann fer yfir viðbrögð stjórnvalda eftir ódæðin, en í samtali við *Þorgils Jónsson* segir hann önnur ríki geta lært mikið af þeim. Áhersla á að standa vörð um frelsi og lýðræðisleg gildi sé besta vörnin gegn hryðjuverkum.

Norski heimspekingurinn Joakim Hammerlin er einn fyrirlesara í málstofu sem haldin er dag í tengslum við ráðstefnu norrænna félagsfræðinga í Háskóla Íslands. Umfjöllunarefni hans verður samspil lýðræðis og hryðjuverkavarna með áherslu á viðbrögð Norðmanna við ódæðum Anders Behring Breivik hinn 22. júlí í fyrra þar sem 77 einstaklingar misstu lífið.

Hammerlin gaf nýlega út bókina Terror and Democracy – The Norwegian Response to a Mass-Murderer, þar sem hann greinir viðbrögð norskra stjórnvalda og rekur hugmyndir sínar um varnir gegn hryðjuverkum.

*Nú er rúmt ár liðið frá hryðjuverkunum 22. júlí. Eru Norðmenn búnir að ná sér eftir harmleikinn, eða er enn mikil reiði í samfélaginu?*

„Ég held að norskt samfélag standi merkilega vel miðað við það sem við gengum í gegnum. Fyrst og fremst er ég þeirrar skoðunar að stjórnvöld og stjórnmálamenn hafi staðið sig vel eftir árásirnar. Jens Stoltenberg forsætisráðherra lagði strax áherslu á að við þyrftum að standa vörð um okkar lýðræðislegu gildi þrátt fyrir allt. Noregur hefur því ekki breyst í samanburði við þær breytingar sem voru til dæmis innleiddar í Bandaríkjunum eftir árásirnar 11. september og jafnvel líka, að takmarkaðra leyti þó, í Bretlandi og Spáni eftir hryðjuverkaárásirnar þar.“

### Árásin í Útey án hliðstæðu

*Nýútgefin rannsóknarskýrsla gagnrýnir meðal annars norsk yfirvöld fyrir að hafa ekki innleitt fjölda öryggisúrræða sem þeim hafi staðið til boða áður en Breivik framdi ódæði sín. Telur þú líkur á því að í framhaldinu verði hert á öryggisráðstöfunum í Noregi?*

„Í fyrsta lagi er skýrslan afar vönduð og mikilvæg því hún mun hjálpa okkur Norðmönnum að læra af þessum harmleik og grípa til viðeigandi ráðstafana til að sjá til þess að slíkt endurtaki sig ekki. En ég trúi ekki að Noregur muni taka stór skref í átt til frekara eftirlitssamfélags. Skýrslan tekur skýrt fram að lagaramminn til varnar hryðjuverkum er til staðar og ætti að svara þörfum, en stjórnvöld höfðu ekki innleitt heimildirnar sem þar er að finna. Ég á því ekki von á verulegum lagabreytingum.“

*Voru ráðamenn einfaldlega of bláeygir og vantrúaðir á að slík voðaverk gætu hent í Noregi?*

„Það er varla hægt að tala um að menn hafi verið bláeygir í aðdragandanum þó þeir hafi ekki séð slíkt fyrir því það voru fáir sem leiddu hugann að því að svona nokkuð gæti átt sér stað. Árásin á Útey var í eðli sínu einstök á heimsvísu og ég veit ekki um hliðstæðan atburð í sögunni. Þetta var vissulega óvænt, en í hryðjuverkalöggjöf landsins má sjá að menn voru sannarlega meðvitaðir um möguleikana á hryðjuverkaárás á Noreg. Vandamálið var ekki vantrú, heldur frekar að þau úrræði sem voru í boði innan ramma laganna voru ekki nýtt.“

### Frelsi sem vörn gegn hryðjuverkum

*Telur þú raunhæfan möguleika á að koma í veg fyrir hryðjuverk án þess að ganga á frelsi í samfélaginu?*

„Já, það er raunhæft, en við þurfum að velja okkur úrræði sem geta tryggt öryggi með sem minnstum kostnaði fyrir lýðræðið. Við ættum að einbeita okkur að því að reyna að draga úr getu hugsanlegra hryðjuverkamanna til þess að hrinda árásum í framkvæmd. Þar má til dæmis breyta lögum um vopnaeign og meðferð eiturefna eða annarra efna sem nota má til sprengjugerðar. Slíkt hefur lítil áhrif á daglegt líf almennra borgara, en getur aukið öryggi þeirra verulega.

Í stærra samhengi er svo vert að horfa til þess að í opnum lýðræðissamfélögum er minni hætta á hryðjuverkum en ella. Til langs tíma litið er því hreint ekki vænlegt til árangurs í hryðjuverkavörnum að skerða lýðfrelsi almennings.“

*Eru frelsi og lýðræði þannig í sjálfu sér besta vörnin gegn hryðjuverkum?*

„Já, það er sennilega mikilvægasti hluti baráttunnar. Undirstöður og máttarstólpar lýðræðis, borgaraleg réttindi og mannréttindi, til dæmis tjáningarfrelsi og gagnrýnin þjóðfélagsumræða, fela í sér svarið. Í lýðræðissamfélögum þrífast margs konar hugmyndir og sjónarhorn á hvernig stýra eigi þjóðfélaginu. Innan lýðræðissamfélaga eru orrustur háðar með orðum á hinu pólitíska sviði. Þó sumar skoðanir séu öfgafullar og hvetji jafnvel til hryðjuverka og ofbeldis finna þær sjaldnast hljómgrunn.“

*Íslensk yfirvöld eru um þessar mundir að grandskoða norsku skýrsluna í von um að draga lærdóm af henni. Telur þú að í skýrslunni, sem og í viðbrögðum norskra stjórnvalda eftir hryðjuverkin, sé að finna ákjósanlega fyrirmynd til handa öðrum ríkjum?*

„Skýrslan sjálf tekur aðallega til þess hvernig megi koma í veg fyrir að hugsanlegir hryðjuverkamenn öðlist getu til árása. Þannig held ég að hún geti gagnast öðrum Evrópuríkjum og jafnvel Bandaríkjunum líka. Þar er stungið upp á öðruvísi vegferð en við höfum séð hingað til í baráttunni gegn hryðjuverkum frá árásunum 11. september 2001. Hún snýst til dæmis ekki um umfangsmikið stafrænt eftirlit eins og komið var á í Bandaríkjunum og mörgum Evrópuríkjum. Þar er verið að safna gríðarmiklu magni upplýsinga um almenning í þeirri viðleitni að koma í veg fyrir hryðjuverk, en staðreyndin er sú að í raun er verið að leita að nál í heystakki. Að því leyti ættu stjórnvöld, bæði á Íslandi og víðar, að geta lært nokkuð af skýrslunni.“

> Það er nokkur munur á norrænum samfélögum og til dæmis Bandaríkjunum og Bretlandi hvað varðar stjórnmál og pólitíska orðræðu. Ég er ekki alveg viss um að leið Stoltenbergs hefði fengið hljómgrunn í Bandaríkjunum eftir árásirnar ellefta september.

### „Norræna leiðin“

*Hefur Stoltenberg þá að þínu mati staðið við loforð sitt um að bregðast við hryðjuverkaógn með aukinni áherslu á frelsi?*

„Já, ég held það. Í kjölfar hryðjuverkanna festi Stoltenberg sig í sessi sem merkilegur stjórnmálamaður. Hann sýndi áræði og ábyrgð með orðum sínum og gjörðum, vegna þess að auðvelda lausnin hefði verið að auka öryggisgæslu og eftirlit úr hófi fram. Lausn Stoltenbergs er meira krefjandi, bæði fyrir almenning og stjórnmálamenn. Þannig að hann fór erfiða, en að mínu viti rétta, leið að marki. Auk þess setti hann rannsóknina í hendur óháðra aðila og kvað skýrt á um að allt yrði dregið fram í dagsljósið óháð því hvernig það kæmi út fyrir stjórnvöld. Afraksturinn er bæði vönduð og aðgengileg skýrsla sem bregður upp raunsannri mynd af atburðum.

Viðbrögð norskra stjórnvalda eru því afar frábrugðin því sem við höfum séð í öðrum löndum og að mínu mati mun skynsamari, og að vissu leyti mjög í anda norrænnar samfélagsgerðar.“

*Mætti kannski kalla þetta „norræna leiðina“?*

„Það er að minnsta kosti íhugunarvert. Það er nokkur munur á norrænum samfélögum og til dæmis Bandaríkjunum og Bretlandi hvað varðar stjórnmál og pólitíska orðræðu. Ég er ekki alveg viss um að leið Stoltenbergs hefði fengið hljómgrunn í Bandaríkjunum eftir árásirnar ellefta september. Þetta snýst um samfélagsgerð í víðu samhengi, en annars er afar erfitt að benda á eitt einangrað atriði til að skýra hvers vegna Noregur fór eina leið en ekki aðra.“



**FRELSI ER SVARIÐ** Heimspekingurinn og rithöfundurinn Joakim Hammerlin hefur rannsakað eftirmála hryðjuverkaárásanna í Noregi í fyrra og gaf nýlega út bók um efnið. Niðurstaða hans er að vænlegast til árangurs gegn hryðjuverkum sé að ganga sem minnst á lýðræði og réttindi almennra borgara. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Málstofa um hryðjuverk á Norðurlöndum

Joakim Hammerlin er annar tveggja fyrirlesara í málstofu sem haldin er í Háskóla Íslands í dag um hryðjuverkaárásir á Norðurlöndunum. Málstofan er hluti af ráðstefnu norrænna félagsfræðinga sem fer fram í HÍ þessa dagana. Málstofan fer fram í stofu 102 á Háskólatorgi. Hún stendur frá klukkan 13.45 til 15.30.

Hammerlin fjallar þar um mikilvægi frelsis og lýðræðis í baráttunni gegn hryðjuverkum. Seinni fyrirlesarinn er Tomi Kiilakoski frá Finnlandi, sem fjallar um skotárásirnar sem áttu sér stað í Finnlandi árin 2007 og 2008.

Eftir erindin verða umræður um málefnið, en fundarstjóri er Helgi Gunnlaugsson, prófessor við HÍ.



Vnr. 65103031
KHG kaffivél, 350W, fyrir 2 bolla.
Bollarnir fylgja.
3.890 kr.
VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ
LÁGT VERÐ
– ALLA DAGA
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012
50
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.
890 kr.
Vnr. 41118068
ELDHÚSVOG
1.990 kr.
Vnr. 65103201
TÖFRASPROTI
Vnr. 65103211
SINBO safapressa, 450W.
6.990 kr.
2.390 kr.
Vnr. 65103220
HANDÞEYTARI
1.990 kr.
Vnr. 65103207
BRAUÐRIST
990 kr.
Vnr. 41118124
DESERTSKÁLAR, 6 STK
299 kr.
Vnr. 41120310
ÍSSKÁL
779 kr.
Vnr. 41118513
GLERKANNA
990 kr.
Vnr. 41118464
ELDFAST FORM
599 kr.
Vnr. 41118517
STEIKARHNÍFAPÖR
Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Skýrsla 22. júlí-nefndarinnar í Noregi er skyldulesning fyrir íslenzka stjórnmálamenn:

## Viðbúin því versta

Yfirmenn íslenzku lögreglunnar liggja nú yfir skýrslu 22. júlí-nefndarinnar um hryðjuverkin í Ósló og Útey í fyrra, eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær. Víðir Reynisson, yfirmaður almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, sagði í samtali við blaðið að norska lögreglan hefði þegar deilt með íslenzkum starfssystkinum sínum upplýsingum um hvað hún hefði talið vel gert og hvað illa í viðbrögðum við hryðjuverkunum. Nú væri komin óháð skýrsla og ætlunin væri að nýta reynslu Norðmanna til að bæta viðbúnað íslenzku lögreglunnar. Fyrir liggur að áætlunum og verklagsreglum verði breytt.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þetta viðhorf íslenzku lögreglunnar og samstarf við lögreglulið nágrannalandanna er nauðsynlegt, ef Ísland á að vera í stakk búið að bregðast við svipuðum hörmungaratburðum og urðu í Noregi í fyrra. Við getum sagt sem svo að slíkt sé ekki líklegt, en það héldu Norðmenn líka þangað til 22. júlí í fyrra. Við getum í raun ekki leyft okkur annað en að vera viðbúin hinu versta.

Í skýrslu 22. júlí-nefndarinnar segir einmitt að til að geta brugðizt við áfalli eins og hryðjuverkaárás skipti undirbúningurinn öllu máli. Hvernig svo gangi að bregðast við árás sé fyrst og fremst prófsteinn á það hversu góður undirbúningurinn var. Ein af orsökum þess að margt fór úrskeiðis í viðbrögðum norskra yfirvalda við hryðjuverkunum hafi verið að menn hafi ekki verið nógu reiðubúnir að viðurkenna hættuna og læra af þeim æfingum, sem farið höfðu fram.

Skýrsla 22. júlí-nefndarinnar er að sjálfsögðu skyldulesning fyrir stjórnendur lögreglunnar, en það ætti hún líka að vera fyrir stjórnmálamennina, sem ákveða rammann um starfsemi hennar.

Meðal þess sem gagnrýnt er í skýrslunni er skortur á viðbragðsflýti hjá sérsveitum norsku lögreglunnar. Norska öryggislögreglan fær þar líka sinn skammt fyrir að nýta sér ekki forvirkar rannsóknarheimildir sínar sem skyldi og afla ekki nægilegra upplýsinga. Lögreglunni barst listi um fólk, sem keypt hafði efni sem hægt er að nota til sprengjugerðar. Á honum var nafn Anders Behring Breivik. Listinn lá enn órannsakaður hjá öryggislögreglunni þegar Breivik myrti 77 manns. Nefndin telur að hefði öryggislögreglan fylgt ábendingunni eftir og rannsakað hagi Breiviks, hefði hugsanlega mátt koma í veg fyrir hryðjuverkin, þótt ekki sé hægt að slá slíku föstu.

Þetta mættu þeir stjórnmálamenn gjarnan lesa, sem hlupu upp til handa og fóta fyrir nokkrum árum þegar sérsveit lögreglunnar var efld, meðal annars með hliðsjón af hryðjuverkahættu. Þeir sem fóru hamförum í þingsölum þegar greiningardeild lögreglunnar var stofnuð og æptu um „njósnir“ og „leyniþjónustu“ hefðu líka gott af lestrinum. Í þeim hópi eru til dæmis bæði núverandi innanríkisráðherra og utanríkisráðherra. Þeir, sem enn eru tregir til að veita lögreglunni sömu heimildir og lögreglulið á Norðurlöndum hafa til að fylgjast með grunsamlegum einstaklingum sem gætu haft hryðjuverk í huga, ættu líka að leggjast rækilega yfir skýrsluna.

Við þurfum að vera viðbúin hinu versta og lögreglan þarf að hafa mannskap, tæki, þjálfun og lagaheimildir til þess bæði að fyrirbyggja hryðjuverk og bregðast við þeim. Það er stjórnmálamannanna að tryggja það.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kveðjukossinn

Fáir hafa skilið við gamla vinnustaðinn sinn með eins hressilegri kveðju og Hermann Guðmundsson, fyrrum forstjóri N1. Í viðtali við Viðskiptablaðið í gær ljóstraði Hermann því upp að olíufélögin, sérstaklega N1, gætu lækkað útsöluverð á eldsneyti.



Ástæðan fyrir því að verðið er ekki lægra er einföld, svo að vitnað sé í Hermann: „Af því að menn vilja hafa þessa arðsemi.“ Hann er allavega hreinskilinn.

### Samtaka í þágu samkeppni

En hver er röksemdafærslan? Jú, þeim hafi borið „skylda til að virða ákveðið ástand sem var á markaðnum“ til að verja samkeppni á eldsneytismarkaði. Verðstríð hefði mögulega gert út af við veikari félög og það hefði mátt túlka sem samkeppnislagabrot þeirra eftirlifandi.

Það eru þó ekki allir á því að svo sé, til dæmis Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, sem boðar skoðun á því hvort þetta fyrirkomulag fyrirtækjanna feli í sér lögbrot.

Já, það er vandlifað í henni veröld.



### Heilbrigðir viðskiptahættir

Stjórn N1 hefur væntanlega vaknað upp við vondan draum og sendi út tilkynningu þar sem lögbrotum er alfarið vísað á bug. Samkeppni við önnur olíufélög sé „mjög virk“ og fyrirtækið ætli ekki að láta sitt eftir liggja í „áframhaldandi samkeppni“. Það ætli að verða „í fararbroddi heilbrigðra viðskiptahátta“.

Ætli olíurisarnir séu enn þeirrar skoðunar að fólk sé fífl, eins og einum varð að orði í samráðsmálinu svokallaða um árið?

thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Vandræði VG

Stjórnmál



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
þingmaður Samfylkingarinnar

Sumarið 2009 samþykkti Alþingi að sækja um aðild að ESB. Allar götur síðan hafa verið háværar raddir um að draga umsóknina til baka eða fresta henni um óákveðinn tíma. Nú er söngurinn byrjaður að nýju og að þessu sinni eru forsöngvarar þingmenn og ráðherrar vinstri grænna.

Þingmenn úr öllum flokkum greiddu atkvæði með umsókninni, en þingmenn Vinstri græns gerðu það þrátt fyrir andstöðu við aðild að ESB. Ástæðan fyrir þessu er einföld: Samningaviðræður eru eitt, aðild er annað. Vinstri grænum stóð auðvitað til boða að mynda ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki. Slík draumaríkisstjórn Ragnars Arnalds og Jóns Bjarnasonar hefði ekki sótt um aðild að ESB. Ef marka má djúpa speki þeirra félaga og ýmissa annarra minni spámanna í forystu flokksins, væri staða Vinstri græns augljóslega mun betri nú. Steingrímur J. og Lilja Mósesdóttir væru sjálfsagt perluvinir, Atli Gíslason og Ásmundur Einar Daðason hrókar alls fagnaðar í þingflokknum og Jón Bjarnason enn þá ráðherra. Eða hvað?

Draumaríkisstjórnin varð ekki að veruleika sumarið 2009, en gæti augljóslega orðið það sumarið 2013. Jafnvel fyrr. Miðað við málflutning margra þingmanna, og jafnvel ráðherra, vinstri grænna allar götur

> Vilji menn stöðva aðlögun Íslands að ESB þá er auðvitað heiðarlegast að hætta í EES. Eru vinstri græn tilbúin í slíka umræðu?

síðan 2009 voru það mistök að mynda ekki slíka stjórn. Samningaviðræður við ESB eru nefnilega ekki samningaviðræður við ESB heldur samsæri um „aðlögun“ Íslands að ESB. Þessi málflutningur er furðulegur. Þó engin væri umsóknin um ESB væri aðlögun Íslands að ESB með sama hætti og nú er, enda hófst hún með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Vilji menn stöðva aðlögun Íslands að ESB þá er auðvitað heiðarlegast að hætta í EES. Eru vinstri græn tilbúin í slíka umræðu?

Það hefur margt breyst síðan 2009. Eitt hefur þó ekki breyst: Þau vandamál sem aðild að ESB getur hjálpað okkur að leysa eru enn til staðar og hverfa ekki þótt samningaviðræðum verði slitið. Þetta er kjarni málsins.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Myndum við breyta til baka?

Í DAG

Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur



Sumt af því sem við gerum, gerum við bara út af því að við erum vön að gera það. Eitthvað af því er skaðlaust og ekki verra en hvað annað, en margt er algjör della. Ef við viljum ákveða hvort einhver gefin venja sé þess virði að halda í hana getum við spurt okkur einfaldrar spurningar: „Ef þetta væri hinsegin, myndum við þá vilja breyta til baka?“

**„Klukk! Þú ert forseti“**

Prófum nokkur dæmi. Ímyndum okkur að forseti Íslands fari alltaf út á flugvöll og til útlanda án þess að forseti Hæstaréttar, forsætisráðherra eða forseti Alþingis fylgi honum. Forsetinn keyri einfaldlega með eigin flokki aðstoðarmanna og öryggisvarða, láti vita af ferðum sínum og einhver úr stjórnsýslunni komi því til skila þegar hann yfirgefur landið. Myndi einhver nú staldra við og segja: „Nei, bíðum nú hæg! Þetta gengur ekki! Við verðum að senda einhvern handhafa forsetavalds með honum út á flugvöll! Forsetavaldið verður að geta flust yfir með snertingu. Það er ekki hægt að klukka forsetavaldinu frá einum manni til annars ef mennirnir snertast ekki. Það gefur augaleið!“

Myndum við álykta að tíma forseta Hæstaréttar væri vel varið í þessar nýju ferðir? Myndum við fjölga hæstaréttardómurum til að greiða fyrir þessum nýju verkum forseta dómsins? Myndum við telja að þetta væri skynsamlegt öryggisins vegna að setja tvo lykilmenn í stjórnsýslunni reglulega saman í bíl að óþörfu? Ég leyfi mér að fullyrða að við myndum ekki gera það.

> Nei, bíðum nú hæg! Þetta gengur ekki! Við verðum að senda einhvern handhafa forsetavalds með honum út á flugvöll! Forsetavaldið verður að geta flust yfir með snertingu. Það er ekki hægt að klukka forsetavaldinu frá einum manni til annars ef mennirnir snertast ekki. Það gefur augaleið!

**Ódýrari gisting**

Ímyndum okkur að sami virðisaukaskattur sé á hótelgistingu og á öðru.

Myndi einhver nú leggja til að lækka ætti virðisaukaskatt á hótelgistingu en ekki á annað? Ja, hugsanlega myndi einhver (þ.e. hóteleigendur og viðskiptavinir þeirra) leggja það til, en ég veit ekki hvers vegna einhver annar ætti að gera það. Virðisaukaskattur á að vera sá sami fyrir alla en hann mætti auðvitað vera talsvert lægri en hann er.

Almennt er of mikið af einhverjum delluundanþágum í vask-kerfinu. Matur á ekki að bera lægri virðisaukaskatt en aðrar vörur. Það eiga bækur og geisladiskar ekki að gera heldur. Miðar á íþróttaleiki eiga að bera sama vask og miðar í bíó. Þá er fullt af þjónustu algjörlega undanþegin þessum skatti, pistlaskrif eins og þessi hér þar með talin sem og aðrar göfugar athafnir eins og „kennsla“.

Það breytir því auðvitað ekki að ef fjármálaráðherra ætlar að hækka alla þessa skatta, þá getur hún ekki falið sig bak við það að hún sé „bara að samræma“. Ef hún ætlar „bara að samræma“, sem er fín hugmynd, þá þarf hún að lækka almenna virðisaukaskattsþrepið, svo tekjur af vaski haldist óbreyttar.

**Lífeyrissjóðir, þjóðkirkja og fríverslun**

Hugsum okkur nú að allir búi við svipað lífeyriskerfi. Myndi einhver nú leggja til að það væri sniðugt að opinberir starfsmenn myndu greiða í annað lífeyriskerfi og fá betri lífeyriskjör en aðrir? Myndi einhverjum þykja réttlátt að þeir gætu skyndilega farið fyrr á eftirlaun? Aftur: Það gæti kannski verið að einhverjir opinberir starfsmenn myndu biðja um slíkt en það væri ekkert sjálfsagt eða sanngjarnt við þá beiðni.

Svo mætti lengi telja. Ef prestar eins trúfélags væru ekki ríkisstarfsmenn myndu væntanlega fáir leggja til að það yrði þannig. Ef ekkert trúfélag nyti sérstakrar stjórnarskrárverndar væri hæpið að margir myndu tala fyrir því að veita einu trúfélagi slíka vernd. Ef við hefðum alltaf getað keypt erlendar mjólkurvörur, eða ferskar kjötvörur, í matvöruverslunum væri erfitt að banna innflutning þeirra.

Vitanlega væri kannski þrýstingur frá innlendum framleiðendum á að banna samkeppni frá útlöndum en slíkt væri erfitt ef neytendur vissu hverju þeir væru að missa af. Ef Íslendingar hefðu alltaf getað keypt tónlist í gegnum erlendar vefsíður, myndum við setja lög sem bönnuðu þeim það til að koma í veg fyrir þann „þjófnað“?

Sumt sem við gerum af vana er ágætt, annað er algjört rugl. Stundum er hollt að spyrja sig: Myndum við leggja til að hlutirnir yrðu eins og þeir eru í dag? Ef svarið er neitandi þá er líklegast takmarkað vit í fyrirkomulagi sem verið er að verja.

## AF NETINU

### Þrýstnar konur og volæði kynsystranna

[...] Afneitun á kynferðisofbeldi, lítið gert úr fræðilegum upplýsingum, afneitun á því að ofbeldi geti verið kynbundið, krafa um að heimilisofbeldi tilheyri hinu persónulega rými, sök sett á þau sem verða fyrir ofbeldinu, þörfin á úrræðunum töluð niður. Kannast einhver við slíka orðræðu um kynferðislegt ofbeldi?

Samtök um kvennaathvarf gerðu athugasemdir við skrif Herberts í sama blaði 6. ágúst s.á., þar sem bent var á tölur Borgarspítalans um heimilisofbeldi gegn konum. Svargreinina má nálgast hér. [Sjá tengla á vefnum.]

Þrjátíu ár eru liðin og fáir andæfa nú veruleika heimilisofbeldis opinberlega. Það gengur hins vegar hægt að uppræta það og þörfin á kvennaathvarfi er rík nú sem fyrr. [...]

sigridur.org

**Sigríður Guðmarsdóttir**

### Þrjár spurningar um plan B

Árni Páll átti kollgátuna spurður um Evrópusambands-sinueldinn í pólitíkinni: Þeir ættu ekki að henda plani A sem ekki hafa plan B.

Er hvenær sem er til í umræðu um kosti og galla ESB-aðildar, almennt og sérstaklega – þótt mér finnist eðlilegast að við hinkrum með djúp-umræðuna þangað til komin eru samningsdrög.

Á móti verða ESB-andstæðingar, Evróvafrar, biðstöðusinnar og viðræðuhlésáhugamenn að sýna okkur plan B – hvað eigi að gera þegar viðræðunum er hætt / frestað / látnar bíða.

blog.pressan.is/mordur/

**Mörður Árnason**

# Krafan er einföld og auðskilin

Lífeyrissjóðir

Árni Stefán Jónsson
formaður SFR stéttarfélags í almannaþágu



Með jöfnu millibili birtast fréttir og greinar um lífeyriskjör opinberra starfsmanna. Þessar fréttir eru þó oftar en ekki mjög ónákvæmar og gefa villandi upplýsingar um stöðu lífeyrismála og þá sér í lagi um stöðu lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna (LSR). Reglulega er þó reynt að leiðrétta helstu villur í umræðunni, hér er það gert enn og aftur.

Síðustu fréttir af lífeyrismálum opinberra starfsmanna birtust m.a. í Fréttablaðinu. Þar var farið yfir stöðu LSR, bæði A- og B-deildarinnar. Sú yfirferð var að mörgu leyti ágæt, en umfjöllunin var sett þannig fram að ætli mátti að lífeyriskjör opinberra ríkisstarfsmanna væru forréttindi en ekki hluti af starfskjörum þeirra. Í umfjölluninni var sáð fræi tortryggni og óvildar í garð ríkisstarfsmanna með ósanngjörnum hætti. Málinu var stillt þannig upp að til þess að ríkið gæti staðið við launagreiðslur til sinna starfsmanna, þá yrði að hækka skatta, eða að skattgreiðendur þyrftu hver og einn að fara ofan í eigin vasa til að borga í lífeyriskerfi ríkisstarfsmanna. Þetta er auðvitað fráleit framsetning. Ríkið er atvinnurekandi og fær sínar tekjur að mestu leyti af skattgreiðslum frá almenningi, sem sumir hverjir eru vel að merkja einnig ríkisstarfsmenn. Ríkið notar síðan þessar tekjur til að greiða ýmsa þjónustu fyrir landsmenn, s.s. skóla- og heilbrigðiskerfi. Hluti þessara greiðslna eru laun þeirra sem starfa við almannaþjónustuna – starfsmenn ríkisins.

Í stuttu máli lítur málið út svona:

1. Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna (LSR) er skipt í A-deild og B-deild. B-deildin er „gamla fyrirkomulagið“ en það var lokað fyrir nýjum starfsmönnum 1997.

2. B-deild lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna var bæði uppsöfnunar- og gegnumstreymissjóður. Ríki og sveitarfélög greiddu lögbundinn lífeyri til sjóðanna, annað hvort fyrirfram eða í síðasta lagi þegar sjóðsfélagi hóf töku lífeyris. Í tilfelli LSR þá hefur ríkið sem atvinnurekandi ekki greitt sinn hluta lífeyrisins til sjóðsins eins og það átti að gera. Þess vegna hafa hlaðist upp skuldir ríkisins við sjóðinn.

3. A-deildin er uppbyggð eins og lífeyrissjóðir á hinum almenna markaði. Það sem er frábrugðið er hins vegar að réttindi starfsmanna í LSR eru tryggð, þannig að ef sjóðurinn stendur ekki undir þeim réttindum sem eru óaðskiljanlegur hluti launakjaranna, þá ber stjórn sjóðsins að hækka iðgjaldið samkvæmt lögum. Skuldir ríkisins við A-deildina eru tilkomnar vegna þess að stjórnvöld hafa neitað að hækka iðgjald til sjóðsins eins og lögbundið er. Iðgjaldið hefur ekki staðið undir réttindum í nokkurn tíma vegna þess að atvinnurekandinn neitar að standa við skuldbindingar sínar. Það átti að hækka iðgjaldið árið 2009, en ríkið hefur komist undan því með bráðabirgðaákvæðum í lögum sem heimila því að draga það á langinn. Á meðan hækkar skuldin.

Niðurstaðan er því sú að ríkið sem atvinnurekandi skuldar sínum starfsmönnum, bæði núverandi og þeim sem komnir eru á lífeyri. Ímyndum okkur atvinnurekanda á almennum markaði sem ekki greiðir lögbundin gjöld af launum starfsmanna sinna. Hvað er gert? Gjöldin eru sótt, ekki satt? Um þetta snýst málið. Krafa opinberra starfsmanna er einföld og auðskilin. Við viljum að ríkið borgi skuldir sínar eins og aðrir atvinnurekendur í þessu landi.



# Skrímslavæðingin

Jafnréttismál

Steinunn Rögnvaldsdóttir
talskona Femínistafélags Íslands

Oddur Sigurjónsson
talsmaður NEI-hreyfingarinnar





Árviss fylgifiskur útihátíða sumarsins er umræða um nauðganir. Það kemur ekki til af góðu, því nauðganir virðast vera fylgifiskur slíkra hátíða, hvort sem þær eru haldnar um verslunarmannahelgina eða á öðrum tíma. Umræðan einkennist í heildina – sem betur fer – af mikilli andúð á kynferðisofbeldi. Algengt er að heyra að það sé sannarlega óþolandi að fáir „veikir“/„truflaðir“/ „vondir“ menn, eða jafnvel „illmenni“ eða „skrímsli“ skuli geta „skemmt hátíðirnar“ fyrir þeim sem haga sér sómasamlega.

Það er jákvætt að fólk líti á kynferðisofbeldi sem alvarlegt og forkastanlegt brot gegn öðrum manneskjum. Um leið má efast um að nokkrum sé greiði gerður með orðræðu sem gefur til kynna að allir sem beita kynferðislegu ofbeldi séu sjúk illmenni, ógæfumenn og siðleysingjar. Staðreyndin er nefnilega sú að nauðgarar eru börn, systkin, foreldrar, vinir og makar einhverra annarra. Þeir eru oft vænir við menn og málleysingja, styrkja jafnvel SOS barnaþorp, aka ekki utan vega, kaupa lífrænt, taka þátt í félagsstarfi hvers konar og eru kurteisir við afgreiðslufólk. Kannski. Þeir eru misjafnir, eins og aðrir meðlimir samfélagsins.

Tilhneiging okkar til að leggja áherslu á afbrigðileika og illsku nauðgara mætti kalla „skrímslavæðingu“. Við freistumst til að líta á gerendur sem skrímsli vegna alvarleika glæpsins, og þess vegna verður það óskiljanleg tilhugsun að þeir séu venjulegir menn; vinir okkar, samstarfsmenn og ættingjar. Í sumar hafa sögur fólks sem hefur orðið fyrir kynferðisofbeldi verið fyrirferðarmiklar, sér í lagi í kringum „meinta Druslugöngu“ fyrr í sumar. Í framhaldi vorum við hvött til að spyrja okkur spurningarinnar „hversu marga þekkir þú sem hefur verið nauðgað?“ Sorglega staðreyndin er sú að langflest þekkjum við þolendur kynferðisofbeldis, og oft fleiri en einn. En bent hefur verið á að við þurfum líka að spyrja okkur spurningarinnar „hversu marga þekkir þú sem hafa nauðgað?“ Því á bak við hverja nauðgun er a.m.k. einn gerandi.

Mörg hundruð manns tilkynna kynferðisbrot til lögreglunnar og leita stuðnings hjá samtökum á borð við Stígamót á hverju ári. Þá eru ótalin þau sem hvorki kæra né sjá sér fært að leita sér hjálpar vegna ofbeldisins. Samfélagið okkar er ekki fullt af skrímslum. En það er augljóslega fullt af fólki sem nauðgar. Sem misnotar. Sem fer yfir mörk annarra og brýtur á þeim. Það er ósásættanlegt.

En hvers vegna erum við að troða þessum óþægilega sannleika upp á ykkur þegar það væri miklu þægilegra (og maklegra að margra mati) að líta á nauðgara sem skrímsli?

Við erum að því vegna þess að ef við trúum því að það séu bara skrímsli sem nauðga þá munum við aldrei trúa því upp á fólk sem við þekkjum eða jafnvel kunnum vel við, að það nauðgi. Okkur mun jafnvel finnast það falleinkunn fyrir okkur sjálf, og við munum freistast til að trúa ekki þolendum. Því vinir okkar eru ekki skrímsli, þar af leiðandi finnst okkur óhugsandi að þeir hafi nauðgað.

Vandinn er bara að jú, þeir gera það. Sumir. Það þýðir ekki að við eigum að fyllast vænisýki og líta á alla sem hugsanlega nauðgara. Það þýðir hins vegar að við þurfum að virða upplifun þolenda og trúa þeim, ekki afskrifa þau vegna þess að við þekkjum engin skrímsli.

Það þarf heldur ekki að afskrifa þá sem nauðga. Sá möguleiki er fyrir hendi að nauðgari geti áttað sig á því að hann fór yfir mörk og braut á annarri manneskju. Til að mönnum sem fara yfir mörk annarra sé gert kleift að viðurkenna gjörðir sínar og bæta fyrir þær eins vel og þeim er unnt þannig að þær endurtaki sig ekki, verður að vera andrúmsloft til staðar sem gerir þeim það kleift. Menn geta ekki gert slíkt ef þeir eru þá sjálfkrafa orðnir skrímsli. Og þá erum við föst á sama stað, með eintóm nauðgara-skrímsli sem enginn vill kannast við að þekkja, og þolendur vænda um lygar. Það er til mikils að vinna að komast af þeim stað.




# ESB aðild og öryggismál

Evrópumál

Einar Benediktsson
fyrrverandi sendiherra



Á fyrstu árunum eftir kalda stríðið við upplausn Sovétríkjanna var öll fyrri þýðing norðurskautssvæðisins og Íslands fyrir Bandaríkin afskrifuð. Þessu til staðfestingar tekur Donald Rumsfeld, misvitur varnarmálaráðherra, þá ákvörðun að allt herlið þeirra í Keflavík hyrfi á brott. En mótsögnin er, að einmitt þá er fullljóst að landfræðileg staða Íslands hefur orðið nýja, varanlega lykilþýðingu vegna bráðnunar íshellunnar á norðurpólnum. Frá lokun herstöðvarinnar í Keflavík árið 2006, hafa stjórnvöld í Washington dregið að marka stefnu um að sinna norðurskautinu eða samvinnu við Íslendinga. En Kínverjar sváfu ekki á verðinum. Þegar siglingaleiðin til Evrópuhafna styttist um 5000 km, er umskipunar- eða birgðahöfn á Norðaustur-Íslandi þeim augljóst hagsmunamál svo sem teikningar fyrir þeirri framkvæmd í Finnafirði sýna. Allt er þetta nú prýðilega útlistað af Agli Þór Níelssyni, frá Heimskautastofnun Kína í Sjanghæ, sem hingað er kominn með hinum mikla ísbrjót Snjódrekanum, norðausturleiðina um norðurpólsvæðið.

Stefna Bandaríkjanna varðandi öryggismál á Norður-Atlantshafi ræður miklu um framtíð NATO og meiru að því er varnir Íslands varðar. Þau mál eru óbeinlínis á dagskrá bæði vegna mikils niðurskurðar í varnarmálaútgjöldum og breyttrar varnarstefnu þegar engin hætta er lengur á ferðinni frá Austur-Evrópu. Eftirmál verða mikil út af töpuðum stríðsrekstri í Austurlöndum fjær, hrakandi fjárhagsstöðu Bandaríkjanna og mikilli aukningu opinberra skulda. Einangrunarstefnan á sér líka gamla hefð vestra. En stefnumörkun bíður kjörs nýs forseta.

Ekki verður betur séð en að athygli beggja, demókrata og repúblikana, beinist að ógn vegna útþenslu Kína, sem býr við áður óþekktan hagvöxt og framfarir. Stefna Kína er talin fela í sér hættur á aðgerðum til yfirráða í löndum Suðaustur-Asíu. Þau lönd eiga öryggis- og varnarsamstarf við Bandaríkin, sem hafa þá þegar tekið ákvörðun um að flytja verulegan hluta flotastyrks síns til þessa hluta Kyrrahafsins. Beint samhengi er milli þeirrar þróunar og öryggis Íslands. Ekki er heimurinn stærri en það.

Áhrif á Íslandi vegna nálægðar við olíulindir er annað óráðið stórmál. Nærtækust er vinnsla á Drekasvæðinu sem áhugi virðist á að þjónustuð sé af kínverskri olíuhöfn í Finnafirði. Kínverjar eiga ekki erindi til samvinnu við Íslendinga á þessu sviði því þar horfum við til félagsríkja okkar í Norðurskautsráðinu, þ.e. þeirra fimm sem eiga land að pólnum, Bandaríkjanna, Kanada, Danmerkur-Grænlands, Noregs og Rússlands og að auki Svíþjóðar og Finnlands. Þau hafa ákveðið að engin þörf sé á að semja um nýtt alþjóðaskipulag fyrir norðurskautið enda gildi þar ákvæði Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Staða Kína sem herveldis og stefnan varðandi vígbúnað er ekki viðfangsefni hér. Nægja verður að benda á, að þeir hafa undir höndum langstærsta landher heims, afar öflugan, nýtískulegan flugher, kjarnavopn með langdrægum eldflaugum og sífellt öflugri, hreyfanlegri sjóher með fyrstu flugvélamóðurskipunum. Í framtíðinni yrði eignar- eða leiguhald þessa ört vaxandi heimsveldis á norðaustur Íslandi ákjósanlegt til notkunar sem herskipalægi og ísbrjótahöfn. Kína myndi með slíkri samningsgerð, sem það hefur kynnt sem saklaust átak í ferðamálum, hafa snúið við blaðinu varðandi geostrategíska stöðu gagnvart Evrópu og Bandaríkjunum.

Ráðstafanir sem æskilegar eru til um að efla öryggi Íslands í náinni bráð eru:

- aukin loftrýmisgæsla á vegum NATO. Mikill ávinningur væri að Norðurlöndin fjögur yrðu þar þáttakendur, þ.e. einnig Svíþjóð og Finnland sem enn eru ekki í NATO.
- að á vettvangi Norðurskautsráðsins yrði stofnað til varanlegrar, öflugrar flugbjörgunarsveitar, einnig til eftirlits gegn mengunarhættu og þar myndi þátttaka Bandaríkjanna hafa afgerandi þýðingu. Landhelgisgæslan og Landsbjörg yrðu öflugir samstarfsaðilar.

Það skal fullyrt að aðild og virk þátttaka í Evrópusambandinu yrði það sem mestu máli skiptir um öryggi Íslands um alla framtíð. Aðildarviðræðurnar hafa endurspeglað hve mikla samleið Ísland á í raun nú þegar með aðildarríkjum ESB í utanríkis-, öryggis- og varnarmálum. Þar skiptir miklu máli aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu en 21 af 27 ríkjum ESB er einnig bandamaður á vettvangi NATO. Þótt ESB sé ekki varnarbandalag tóku Bretar og Frakkar fyrstu skrefin með St. Malo-samningnum 1998 að koma á sameiginlegri stefnu í varnarmálum. Líklegt verður að telja að Evrópulöndin í NATO verði að sinna eigin vörnum vegna minnkandi hernaðarlegrar viðveru Bandaríkjanna í álfunni. En í samstarfi Evrópulanda innan NATO ber Íslandi að vera og skilyrði þess er aðild að Evrópusambandinu. Þar með yrðum við innan landamæra Evrópu sem frekari trygging fyrir því að fá að lifa óáreittir í eigin landi. Sú stefna hvílir á vilja og samheldni Íslendinga til heillavænlegs lokaskrefs í Evrópumálum, sem einnig nær til öryggis og varna landsins.

Það skal fullyrt að aðild og virk þátttaka í Evrópusambandinu yrði það sem mestu máli skiptir um öryggi Íslands um alla framtíð. Aðildarviðræðurnar hafa endurspeglað hve mikla samleið Ísland á í raun nú þegar með aðildarríkjum ESB í utanríkis-, öryggis- og varnarmálum.

2012

# Ísdagur Kjörís

Ingó
Veðurguð
SóliHólm
Lína langsokkur
Kjörísbeibís
Mæja jarðarber
Hjalti Úrsus
Katrín Stéfánsdóttir

Smakkaðu á
Sinnepsís
Barbequeís
Vinursjóarans
Gulrótakökuís
Kiwiís og Sölís



Hveragerði,
laugardaginn 18. ágúst
13:00 - 16:00

Kjörís

Brandenburg

# Frjáls við ysta haf? Um Ísland í Evrópu

Evrópumál

Árni Páll Árnason
alþingismaður



Í síðustu grein rakti ég hinn mikla ávinning sem orðið hefur af þátttöku Íslands í evrópskri efnahagssamvinnu, frá aðild okkar að EES-samningnum. Til að uppfylla skyldur okkar samkvæmt samningnum þurftum við að tileinka okkur þær grunnreglur markaðshagkerfis sem nágrannalönd okkar hafa lengi byggt á: Frjálsa samkeppni og bann við hringamyndun, samkeppnishömlum og ríkisstyrkjum í atvinnulífi. Við afnámum ofurvald innlends klíkuveldis og sköpuðum landsmönnum aukið vald til að móta eigin örlög. Án EES-samningsins er alls óvíst að okkur hefði miðað að ráði í rétta átt að þessu leyti. Innlend hagsmunaöfl höfðu áratugum – og jafnvel öldum – saman náð að standa gegn viðskiptafrelsi í landinu. EES-samningurinn hjálpaði okkur með öðrum orðum að nálgast þá draumsýn sem Hulda sá fyrir sér í þjóðhátíðarljóðinu sem vísað er til í heiti þessarar greinar, að við værum þjóð sem yndi frjáls – við ysta haf.

En opnun hagkerfisins og aukið frelsi til athafna hafði líka í för með sér vandamál, sem enginn sá fyrir. Frelsið er nefnilega vandmeðfarið.

EES-samningurinn tók gildi um það leyti sem innri markaður ESB með vörur, þjónustu, frjálsa för vinnuafls og fjármagns varð loksins til. Aðildarríki ESB höfðu unnið að því markmiði að afnema allar hindranir í viðskiptum sín á milli um áratugi. Allt frá upphafi níunda áratugarins höfðu vestræn ríki líka stefnt að auknu frelsi í fjármagnsflutningum milli landa. Markmiðið var að fjármagnið ætti greiða leið yfir landamæri og allir áttu að njóta ávinnings af því fullkomna frelsi, þegar hagkvæmnin ein réði því hvar fjármagnið lenti á endanum.

Það varð því hlutskipti Íslands að gera hvort tveggja í senn: Að gera grundvallarbreytingar á innlendu viðskiptaumhverfi í frjálsræðisátt og opna þetta viðskiptaumhverfi fullkomlega fyrir alþjóðlegum hræringum. Við stukkum því í einu vetfangi úr einangruðu haftasamfélagi og yfir í opið, fjölþjóðlegt samkeppnisumhverfi. Eftir á að hyggja var alltaf óhjákvæmilegt að slík stökkbreyting myndi valda togstreitu af einhverjum toga og að einhverjir vaxtarverkir myndu gera vart við sig á þessari vegferð.

Ein afleiðing þessara hröðu umskipta var sú að íslenskt stjórnkerfi var algerlega óreynt og vanbúið til að regla frjálsa markaði. Í nágrannalöndum okkar var löng hefð fyrir frjálsum viðskiptum og eðlilegri verðmyndun á frjálsum markaði. Hér varð ekki einu sinni til Kauphöll og markaðsviðskipti með hlutabréf fyrr en upp úr 1990. Á Íslandi var engin þekking eða reynsla til að greina íslenska markaði og sérkenni þeirra. Slík greining hefði átt að vera nauðsynleg forsenda skynsamlegs regluverks. Reynslan kenndi mönnum líka fljótt að vísan til evrópskra reglna kom í veg fyrir að stjórnsýsla eða stjórnmálamenn þyrftu sérstaklega að rökstyðja val á stefnumörkun, enda vissi þjóðin almennt að í EES-samningnum fælist skuldbinding um upptöku samevrópskra reglna. Fyrir vikið reiddi íslensk stjórnsýsla og stjórnmálalíf sig alfarið á hið samevrópska regluverk, sem barst okkur með EES-samningnum. Af því leiddi svo að við lögðum aldrei sérstakt mat á séríslenska áhættuþætti, eins og náin tengsl og klíkumyndanir í viðskiptalífi, sem gerðu skuldsett viðskiptalíf jafn viðkvæmt og spilaborg í aðdraganda hrunsins 2008. Við lögðum heldur aldrei mat á hverjar væru eðlilegar starfsheimildir banka á alþjóðlegum markaði út frá íslenskum hagsmunum og þeirri áhættu sem ofvaxið bankakerfi skapaði fyrir íslenskt efnahagslíf.

> Sú langvinna fjármálakreppa sem gekk yfir heiminn árið 2008 stendur enn. Hún hefur fært okkur heim sanninn um það að engir gerðu sér til fulls grein fyrir því hver áhrif fullt frelsi til fjármagnshreyfinga gæti haft á efnahagslegt öryggi almennings í hinum vestræna heimi.

Sú langvinna fjármálakreppa sem gekk yfir heiminn árið 2008 stendur enn. Hún hefur fært okkur heim sanninn um það að engir gerðu sér til fulls grein fyrir því hver áhrif fullt frelsi til fjármagnshreyfinga gæti haft á efnahagslegt öryggi almennings í hinum vestræna heimi. Þvert á móti var almenn samstaða um mikilvægi aukins markaðsfrelsis. Hægri menn studdu markaðsfrelsið því það myndi auka hagnað og arðsemi. Jafnaðarmenn studdu það því þeir voru sannfærðir um að frjálst heimshagkerfi myndi draga úr aðstöðumun milli ríkari ríkja og fátækari, brjóta niður forréttindi innlendra valdastétta og skapa jafnari tækifæri til verðmætasköpunar.

Alþjóðasinnar, jafnt til hægri og vinstri, vissu líka hversu skaðleg efnahagsleg þjóðernisstefna hafði reynst, allt frá því að ríki heims reistu tollmúra í kreppunni miklu á fjórða áratug síðustu aldar og gerðu þannig alvarlega niðursveiflu að langvinnri heimskreppu og bjuggu í haginn fyrir ofbeldisöfl. Allir höfðu líka séð að samkeppni ríkja um að fella gengi til að bæta stöðu sína hvert gagnvart öðru hafði engu skilað öðru en verðbólgu, óstöðugleika og skertri samkeppnishæfni ríkja. Það var því almennt álitinn mikill fengur að auknum milliríkjaviðskiptum og auknu frelsi í fjármagnshreyfingum.

Ávinningur okkar af EES veldur því að verkefni okkar hlýtur að vera að finna leiðir til að við getum þróað áfram samkeppnishæft og opið hagkerfi, en án þess að efnahagslegum stöðugleika sé ógnað. Við þurfum að greina hinn íslenska markað og regla hann innan marka hins alþjóðlega regluverks, svo við getum áfram tekið þátt í hinu alþjóðlega markaðskerfi en án óbærilegrar áhættu fyrir íslenskan almenning. Þátttaka okkar í evrópsku samstarfi verður að styðja við þetta takmark. Um þau verkefni sem bíða okkar mun ég fjalla í næstu grein.

# Spegill sálar og líkama

Heilsa

Jóhannes Kári Kristinsson
augnlæknir



Sagt er að augun séu spegill sálarinnar. Til viðbótar þá geta þau endurspeglað líkamann og ýmislegt sem þar fer fram. Augnlæknar eru svo heppnir að geta kíkt inn um gluggann á auganu (í gegnum er tvöfalt gler, hornhimna og augasteinn) og sjá bæði æðar og sjóntaugina. Þetta er eini staðurinn í líkamanum þar sem hægt er að sjá bæði slagæðar og bláæðar, ekki ósvipað og hægt er að skoða fiska og mörgæsir synda í gegnum gler á sædýrasafni. Sjúkdómar sem herja á æðar, taugar og ónæmiskerfi líkamans koma oft fram í augunum. Augnlæknir getur því í mörgum tilvikum verið sá sem sér fyrstur ummerki vissra sjúkdóma, jafnvel áður en þeir koma fram annars staðar í líkamanum eða valda einkennum. Sem dæmi má nefna að stíflur í æðum augans geta bent til aukinnar áhættu á heilablóðfalli, hægara blóðflæði gæti verið merki um yfirvofandi lokun í hálsæðum og mjókkun á slagæðum augans er oft merki um háan blóðþrýsting. Hægt er því að hjálpa til við greiningu ýmissa sjúkdóma með því að skoða augun vel. Mikilvægt er því að fara til augnlæknis þegar í stað ef breytingar verða á sjón.

Ýmislegt annað er hægt að sjá í augunum. Stundum geta dökkir blettir í augnbotni bent til vissrar tegundir ristilkrabbameins og nýlegar rannsóknir hafa sýnt fram á að sjáöldrin geta gefið vísbendingar um byrjandi Alzheimer, jafnvel áður en einkenni sjúkdómsins koma fram.

Líkt og með margt annað hafa skoðunartæki augnlækna tekið miklum framförum á undanförnum áratugum. Á flestum augnlæknastofum er að finna augnbotnamyndavélar, þar sem hægt er að fylgjast með ýmsum breytingum í augnbotnum á milli heimsókna. Augnbotninn er í raun og veru innra byrði augnkúlunnar og er augað veggfóðrað að innan með vef sem við köllum sjónhimnu. Sjónhimnan er í raun framlenging af heilavefnum sem tengist heilanum með sjóntauginni, en hún er á þann hátt fullkominn ljósleiðari á milli augans og heilans. Mikið af æðum liggur í og í gegnum sjónhimnuna. Breytingar í þessum æðum geta bent til breytinga annars staðar í líkamanum og oft er augað fyrsta líffærið þar sem þessar sjúklegu breytingar koma fram. Sem dæmi um slíkt má nefna þá staðreynd að sá sjúkdómur sem oftast herjar á sjón einkennist einnig af heilablóðfall af stíflum í litlum blóðæðum heilans, sem getur komið í kjölfar hjarta- og æðasjúkdóma. Stundum má sjá litlar stíflur í æðum augans, sem oft hafa engin áhrif á sjón. Sjáist þessar stíflur þarf strax að skoða viðkomandi nákvæmlega með tilliti til áhættuþátta heilablóðfalls. Sumar tegundir heilablóðfalls einkennast af myndun æðagúla í heila og eru þeir í sumum tilvikum einnig til staðar í æðum sjónhimnunnar. Sjáist slíkir gúlar til staðar í sjónhimnuæðum þarf þegar í stað að kanna hvort slíkir gúlar séu til staðar í heila.

> Stundum geta dökkir blettir í augnbotni bent til vissrar tegundir ristilkrabbameins og nýlegar rannsóknir hafa sýnt fram á að sjáöldrin geta gefið vísbendingar um byrjandi Alzheimer, jafnvel áður en einkenni sjúkdómsins koma fram.

Ónæmiskerfi augnanna getur gefið ýmsar upplýsingar um ástand ónæmiskerfisins annars staðar í líkamanum. Sýkingar og ýmsir sjálfsónæmissjúkdómar geta komið fram í augunum, stundum áður en þeir koma fram annars staðar. Sem dæmi um sjálfsónæmissjúkdóma má nefna liðagigt, rauða úlfa (lupus) og ýmsa æðabólgusjúkdóma. Áhrif þessara sjúkdóma geta komið fram í lithimnu (blái, græni eða brúni partur augans), og gefur lithimnubólga oft sterka vísbendingu um að ónæmiskerfið annars staðar í líkamanum sé gallað. Bólga í sjóntaug getur verið merki um MS og í þriðjungi tilvika byrjar þessi sjúkdómur sem sjóntaugarbólga. Stundum sést bólga í kringum æðarnar, þær geta lekið próteinum og jafnvel blætt í alvarlegum bólgutilfellum. Bólgufrumur geta ferðast inn í glerhlaup augans (glæra hlaupið sem fyllir augað að innan) og sjást þá vel við skoðun augnlæknis. Vökvasöfnun, eða bjúgur í sjóntaug án bólgu getur bent til myndunar á heilaæxli og því er augnskoðun mikilvæg þegar grunur leikur á slíku. Ekki má gleyma sjónsviðsmælingum sem framkvæmdar eru á augnlæknastofum, þar sem greina má á nákvæman hátt áhrif sjúkdóma í sjóntaug á sjónsviðið.

Sykursýki getur valdið miklum og alvarlegum breytingum á æðum sjónhimnunnar. Sykursýki er algengasta orsök nýrrar blindu í yngra fólki. Hún veldur breytingum í æðum sjónhimnu sem geta leitt til leka og blæðinga í æðunum auk þess sem að í einstaka tilvikum geta nýjar æðar farið að myndast, en þær eru viðkvæmar og blæða auðveldlega. Það er auðvelt að ímynda sér hvað blæðing inni í auganu gerir sjóninni, þar sem tær ljósvegurinn verður allt í einu yfirskyggður af blóði. Reglubundið augneftirlit er mikilvægt í sykursýki og þurfa sykursjúkir að fara á a.m.k. tveggja ára fresti til augnlæknis en oftar ef þeir greinast með breytingar í augnbotnum. Stundum kemur þó fyrir að augnlæknir greinir breytingar í augnbotnum í einstaklingum sem vita ekki að þeir eru með sykursýki, en slíkt getur gerst í svokallaðri týpu-2 sykursýki, sem kemur hægt og sígandi hjá einstaklingum sem oftast eru komnir yfir þrítugt.

Bæði amerísku og alþjóðlegu augnlæknasamtökin mæla með a.m.k. einni nákvæmri augnskoðun fyrir fertugt, á 2-4 ára fresti þar til á miðjum sextugsaldri, en á 1-3 ára fresti eftir það.

# Af Guðs ríki og öðrum skúmaskotum hugans

Jafnréttismál

Gunnlaugur Bragi Björnsson
háskólanemi



Hún stakk nokkuð í stúf, auglýsing Söfnuðar Moskvu-Patríarkatsins á Íslandi í Fréttablaðinu laugardaginn 11. ágúst. Sama dag birtust í fjölmiðlum landsins litríkar auglýsingar fyrirtækja í tilefni þess að þann dag gekk gleðiganga Hinsegin daga um miðborgina og endaði með stórhátíð á Arnarhóli. Þar gerði hinsegin fólk ásamt tugþúsundum fjölskyldumeðlima, vina og annarra gesta sér glaðan dag og fagnaði mannréttindum sem Íslendingar kjósa að virða í stað þess að troða fótum. Á þessum gleðidegi kaus Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins þó að minna á þá skoðun sína að ákveðnir hópar muni ekki erfa Guðs ríki. Söfnuðurinn valdi reyndar að koma ekki fram undir nafni í umræddri auglýsingu en fréttavefurinn Vísir.is nafngreindi auglýsandann tveimur dögum síðar. Í auglýsingunni nefndu réttttrúnaðarmenn „kynvillinga“ ásamt meðal annars þjófum og ræningjum, saurlífismönnum, hórkörlum og skurðgoðadýrkendum.

Hinsegin fólk á Íslandi getur verið stolt af heimalandi sínu enda eru réttindi og stuðningur sem við njótum hér á landi með því besta í heiminum. Fyrir það ber að þakka og í dag eru Hinsegin dagar ekki eingöngu barátta fyrir auknum réttindum heldur í raun fimm daga menningarhátíð þar sem hinsegin fólk þakkar fyrir sig og gefur landsmönnum öllum kost á að njóta fjölbreyttrar dagskrár. Það er mér þó nokkuð áhyggjuefni að ákveðnir hópar kjósi enn þann dag í dag að þeysa um undir merkjum haturs og dilkadráttar samkvæmt þeirra túlkun á Guðsorði. Enn þann dag í dag er skrefið út úr skápnum mörgum einstaklingum þungbært en líkt og nýleg rannsókn sýnir eru sjálfsvígshugleiðingar enn algengari meðal hinsegin unglinga en gagnkynhneigðra jafnaldra þeirra. Orðsendingar sem þessar eru ekki vænlegar til að létta á þeirri innri baráttu sem fjölmargir heyja á öllum tímum.

Það er von mín að Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins og aðrir sambærilegir lífsskoðunarhópar sjái að sér og nýti sameiningu, fegurð lífsins og gleði í baráttu sinni fremur en hatur og sundrung. Ef ekki – þá vona ég í það minnsta að þeir gæti þess að skerða hár sitt samkvæmt öllum kúnstarinnar reglum, klæðist rétt ofnum fatnaði og neyti ekki of ungra ávaxta, til að koma í veg fyrir að þurfa að deila því neðra með kynvillingum og þjófum er fram líða stundir. Ef til þess kemur ætla ég nefnilega að halda áfram að gleðjast þar.

## Sendið okkur línu

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð, að hámarki um 4.500 tölvuslög með bilum. Aðeins er tekið við yfirlesnum og villulausum texta. Greinahöfundar eru beðnir að hafa í huga að því styttri sem greinin er, þeim mun líklegra er að hún fái skjóta birtingu.

Eingöngu er tekið við raunverulegum umræðugreinum, en ekki greinum sem eru fyrst og fremst kynning á til dæmis fyrirtæki eða félagasamtökum, ráðstefnu eða átaki. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða á Vísi eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

## Dæmi:

# Þú kaupir allt fyrir skólann í Griffli en sonur Egils ekki. Hann borgar þar af leiðandi meira. Hvað er að syni Egils?







**Opnunartímar næstu 2 vikur**

*Alla virka daga og laugardaga*
*Kl. 10-22*

*Sunnudagar*
*Kl. 12-22*

**GRIFFILL**
ALLTAF ÓDÝRARI

SKEIFUNNI 11 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 5331010

Auglýsingin gildir til og með 19. ágúst eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

# Staðan í þjóðfélaginu vegna úreltra búskaparhátta

Landbúnaður



**Herdís Þorvaldsdóttir**
leikkona og fyrrverandi formaður Lífs og lands

Gömul og löngu úrelt lög um sauðfjárbúskap skikka okkur hin til að halda uppi dýrasta landbúnaðarkerfi sem þekkist. Sauðfjárbændur fá 4,2 milljarða á ári frá ríkinu fyrir að rækta sauðfé, auk ótal annarra styrkja. Það er auðvitað framleiðsluhvetjandi fyrir þá, en hefur skelfilegar afleiðingar fyrir gróður landsins. Meira en milljón sauðfjár er á lausagöngu allt sumarið, auk sjötíu og sjö þúsund hrossa. Og auðvitað er engin leið að stjórna lausabeitinni, jafnvel þó hún sé á skemmdum svæðum, sem alls ekki þola neina beit.

Bændur bera enga ábyrgð gagnvart gróðurskemmdum og mega hafa eins margar skepnur á beit og þeim þóknast. Því fleiri, því meira borgum við þeim fyrir! Og það þó landið beri mikinn skaða af og við höfum enga þörf fyrir allt þetta kjöt. Sala á því rýrnar stöðugt og er núna komin í þriðja sæti á eftir kjúklinga- og svínakjöti auk þess sem sala á nautakjöti er að aukast. Lambakjötið er þó eina kjötið sem er niðurgreitt af ríkinu! Ef annað kjöt nyti slíkrar niðurgreiðslu væri það næstum ókeypis.

Afgangs lambakjötið, offramleiðslan, hefur í áratugi fram að hruni kostað okkur milljarðatugi og ekkert fengum við út úr því nema enn meiri kostnað; niðurgreiðslu á útflutningi afgangskjöts sem selt var á undirverði í útlöndum, urðun upp á milljónir króna á því sem ekki fór út og eitthvað hefur svo geymsla í frystihúsum í heilt ár, á skrokkum sem síðan er fargað, kostað. Þvílík sóun!

Síðan kreppan skall á og krónan féll hefur útflutningurinn loks nokkurn veginn staðið undir sér og jafnvel nokkur gjaldeyrir skapast. En ef við reiknum út kostnaðinn sem fer í framleiðsluna á þessu kjöti, á skemmdu landinu, er þetta tap fyrir alla nema útflytjendurna sjálfa. Við sem höfum þó borgað framleiðsluna fáum í raun ekkert til baka. Gjaldeyririnn fer aftur úr landi vegna kaupa á útlendum mengandi áburði, rúlluplasti, lyfjum, vélum og fleiru – síðan þarf Landgræðslan að gera við gróðurskemmdirnar vegna ofbeitarinnar, þar sem það er á annað borð hægt. Hún hefur í meira en hundrað ár reynt hvað hún getur og barist við að stöðva uppblásturinn, með samtals sautján milljarða framlagi frá okkur, og hefur þó varla undan bitvarginum. Hvað finnst ykkur kæru landsmenn?

Við erum orðin langt á eftir öðrum menningarþjóðum hvað snertir umgengni við landið okkar. „Framsóknarflokkurinn/bændaaðallinn" var allt of lengi við völd. Þeirra pólitík gekk út á það að halda öllu óbreyttu, sem varð til þess að hér var allt í fátækt og stöðnun löngu eftir að nágrannalöndin voru búin að byggja upp þéttbýliskjarna og borgir með skóla á öllum stigum, heilbrigðisstofnanir, listasöfn, verkmenningu og nýjustu tækni þess tíma.

Hér máttu útlendingar ekki menga þessa gáfuðu og merkilegu þjóð. Enn leynist víða þessi hugsunarháttur að okkur sé allt leyfilegt af því að við séum svo sérstök og lítil og smá. Við högum okkur eins og frekir krakkar. Íslendingar rása um önnur lönd, kaupa sér hús, stofna fyrirtæki og taka vinnu frá innlendum og þykir þetta allt sjálfsagt. Þetta væri ágætt ef sá sami hugsunarháttur ríkti hér gagnvart útlendingum sem vilja starfa hér og búa.

Menning þarf að nærast af nýjum straumum en ekki stöðnun ef hún á að vaxa og blómgast. Hún vill alla glugga opna og „sjá um veröld alla" en ekki bara út um skjáinn…MINN. Allt er breytingum háð og við megum ekki standa gegn þróun fram á við þó hún kosti okkur smá persónulegar fórnir. Leggjum heldur til okkar skerf, til betri og réttlátari framtíðar. Er ekki meiri gæfa fólgin í því?

AF NETINU

### Þandist ríkið út fyrir hrun?

Oft er fullyrt að ríkið hafi þanist út á áratugnum fyrir hrun. Þetta er sagt fela í sér tilefni til að skera nú duglega niður útgjöld, ekki síst útgjöld til velferðarmála. Sífellt er talað um að báknið bólgni út. Aðrir hafa fullyrt að meint mikil útþensla ríkisins á áratugnum fyrir hrun þýði að hér hafi ekki gætt frjálshyggjuáhrifa. Báðar þessar fyllyrðingar eru hins vegar rangar. Það segja gögn Hagstofu Íslands [...].

Niðurstaðan er sú, að opinber útgjöld héldust svipuð á tímabilinu, sveifluðust í kringum 42% af landsframleiðslu. Opinberi geirinn óx sem sagt einfaldlega með þjóðarframleiðslunni. Hlutur hans í þjóðarbúskapnum hvorki stækkaði né minnkaði.

Í raun hefðu opinber útgjöld þó átt að aukast umfram landsframleiðsluna. Það er m.a. vegna þess að lífeyrisþegum og ungu fólki í skólakerfinu fjölgaði tiltölulega ört og meðalaldur þjóðarinnar hækkaði á þessum tíma. Allt kallar það á aukin opinber útgjöld. [...]

Það er því enginn fótur fyrir því tali um að ríkið hafi þanist óeðlilega mikið út fyrir hrun. Enginn. Eftir hrun jukust útgjöldin sem hlutfall af landsframleiðslu tímabundið, vegna kostnaðar við fjármálahrunið. Það jafnast nú smám saman út. [...]

blog.pressan.is/stefano/
Stefán Ólafsson




Evrópumál

# Sótt eftir undanþágu frá verslun með lifandi dýr

**AF EVRÓPUVEFNUM**
Verður leyfilegt að flytja inn hross frá öðrum löndum ef við göngum í ESB?



**Þórhildur Hagalín**
ritstjóri Evrópuvefsins

Samkvæmt lögum um innflutning dýra er óheimilt að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðaefni þeirra, þar með talin hross og hrossasæði. Þetta bann gegnir lykilhlutverki í vörnum gegn smitsjúkdómum en íslenski hrossastofninn hefur til þessa verið laus við marga alvarlega smitsjúkdóma, svo sem hestainflúensu og kverkaeitlabólgu, sem allir eru landlægir í nágrannalöndum okkar.

Samkvæmt reglum Evrópusambandsins er óheimilt að banna út- og innflutning á hrossum milli aðildarríkja sambandsins. Lifandi dýr og dýraafurðir teljast vörur í skilningi þeirra reglna sem gilda um innri markaðinn og því jafngildir bann við innflutningi á hrossum takmörkun á frelsi til vöruviðskipta. Við gerð samningsins um Evrópska efnahagssvæðið samþykktu öll EFTA-ríkin nema Ísland að taka upp í samninginn samræmdar reglur um heilbrigði dýra, með nokkrum undantekningum þó. EES-samningurinn kom þannig ekki í veg fyrir að innflutningsbanni á lifandi dýrum og vissum búfjárafurðum yrði áfram beitt af íslenskum stjórnvöldum. Síðan þá hefur verið samið um undanþágur vegna flestra EES-lagagerða varðandi dýrasjúkdóma og allra lagagerða varðandi frjálsa för lifandi dýra, búfjárrækt og dýravelferð.

Mikilvægustu gerðirnar sem Ísland hefur fengið undanþágu frá eru tilskipun um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir og tilskipun um þær kröfur sem liggja til grundvallar við eftirlit með dýraheilbrigði við innflutning dýra frá þriðju ríkjum. Kæmi til aðildar Íslands að ESB og innleiðingar þessara gerða að fullu yrði frjálst að flytja lifandi dýr til Íslands frá aðildarlöndum EES-svæðisins og þeim þriðju ríkjum sem ESB hefur samþykkt innflutning frá, án þess að þau færu í sóttkví hér á landi. Með innleiðingu slíkra reglna yrði ómögulegt að halda uppi nauðsynlegum smitsjúkdómavörnum fyrir íslenska bústofna og því augljóst um hvers konar hagsmunamál er að ræða fyrir Íslendinga. Hagur ESB af óheftum innflutningi lifandi dýra til Íslands vegur óumdeilanlega lítið til samanburðar.

Í áliti meirihluta utanríkismálanefndar Alþingis vegna aðildarumsóknar að ESB segir að sóst skuli eftir því að undanþágu um viðskipti með lifandi dýr verði viðhaldið og í greinargerð samningahóps kemur fram að mikilvægustu hagsmunir Íslands hvað varðar dýraheilbrigði séu að sótt verði um áframhaldandi undanþágur frá löggjöf ESB sem varðar frjálst flæði á lifandi dýrum og löggjöf um dýrasjúkdóma.

Sérstaða íslenskra bústofna hefur ekki breyst á liðnum árum eða áratugum og því ættu sömu forsendur að eiga við í yfirstandandi samningaviðræðum um aðild að ESB og þær sem lögðu grunninn að undanþágum Íslands frá reglum EES-samningsins um innflutning lifandi dýra. Endanlegt svar mun ekki liggja fyrir fyrr en aðildarviðræðum við ESB lýkur en samningskaflinn um matvælaöryggi og dýra- og plöntuheilbrigði, sem innflutningur lifandi dýra heyrir undir, hefur enn ekki verið opnaður og formleg samningsafstaða Íslands ekki verið birt.

# Ferðaþjónustan og tíminn

Ferðaþjónusta



**Pétur Óskarsson**
framkvæmdastjóri Katla DMI ehf.

Hugmynd sett fram af fjármálaráðherra um hækkun á virðisaukaskatti á gistingu frá 1. júní 2013 er nú þegar farin að hafa neikvæð áhrif á sölu Íslandsferða fyrir næsta ár. Óvissan er algjör, málið virðist vera órætt meðal stjórnarliða og enginn veit hvert þessi vonda hugmynd er að fara.

Það er óþolandi fyrir okkur sem störfum í greininni að svona sé sett fram með svo stuttum fyrirvara með þeim skilaboðum að ákvörðunin verði ekki tekin fyrr en í lok þessa árs. Salan á Íslandsferðum árið 2013 er í gangi núna, ekki seinna. Margir ferðaheildsalar eru búnir að ganga frá öllum sínum samningum fyrir sumarið 2013 og tilboðagerð og sala hjá öðrum er nú í fullum gangi.

Það er ljóst að ekki verður hægt að setja skattahækkun innanlands út í verðið á samningum sem búið er að gera. Fjármálaráðherra þarf að svara því strax, hvað við sem erum að selja Íslandsferðir eigum að gera núna.

Eigum við að hækka verðið strax á ferðum til Íslands frá og með 1. júní 2013 í þeim samningum sem við eigum eftir að gera fyrir næsta sumar? Enginn erlendur dreifiaðili mun setja slíka vöru í hilluna við hliðina á vörum frá þeim sem sömdu áður en ráðherra kastaði sprengjunni.

Eða eigum við að láta sem ekkert sé og taka áhættuna á því að allar tekjur okkar sem ferðaheildsala sem eru í meðalári u.þ.b. 10% af veltu verði þurrkaðar upp með ákvörðun í desember þegar fjárlagafrumvarpið verður afgreitt af Alþingi?

Öllum völdum fylgir ábyrgð, stjórnmálamennirnir okkar verða að umgangast atvinnugreinarnar okkar af virðingu, þar er mikið í húfi. Það er alveg sama hversu vond eða góð þingmönnunum okkar kann að finnast hugmyndin um hækkunina vera. Það er ekki hægt að koma slíkri hækkun í framkvæmd með a.m.k. 18 mánaða fyrirvara eigi atvinnugreinin að geta velt slíkum breytingum til þeirra neytenda sem eiga að bera þessa hækkun. Eins og þetta liggur fyrir í dag, lendir þessi hækkun fyrir vanþekkingu stjórnmálamanna á starfsháttum og eðli ferðaþjónustunnar, á ferðaþjónustufyrirtækjunum sjálfum. Ekki þarf sérfræðinga til þess að skoða stöðu margra fyrirtækja í greininni til þess að sjá að þau munu ekki þola slíkt högg.

Ef svo ólíklega vill til að meirihluti þingmanna á haustþingi styður þessa tillögu, þá verður sá meirihluti a.m.k. að sýna þá ábyrgð að hækkunin taki ekki gildi fyrir 1. júní 2014.



**PLÖNTUR Í FÓSTUR**
**Mæðgurnar Elsa Pétursdóttir og Rakel Steinarsdóttir bjóða fólki að koma með plöntur eða tré úr garðinum sínum og setja í fóstur í Mæðragarðinum í Lækjargötu milli 14 og 17 á menningarnótt. Mæðragarðurinn er á milli Miðbæjarskóla og MR.**


Blomberg

TILBOÐS DAGAR

15-30% AFSLÁTTUR

AF BLOMBERG HEIMILISTÆKJUM

*Ofnar, helluborð, uppþvottavélar, kæliskápar og fleiri heimilistæki frá Blomberg á frábærum tilboðsverðum.*





Blomberg BEO9444X
BÖKUNAROFN
Áður 109.990
Nú 89.990



Blomberg MIN54306N
SPANHELLUBORÐ
Áður 99.990
Nú 79.990



Blomberg WNF7462A20
ÞVOTTAVÉL 7kg / 1600sn
Áður 119.990
Nú 99.990



Blomberg GUN3200X
UPPÞVOTTAVÉL / STÁL
Áður 89.990
Nú 69.990

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is






# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Sjónvarpskokkurinn Kristján Hlöðversson í þáttunum Eldað með Holta á ÍNN gefur kjúklingauppskriftir alla föstudaga. Hér er hann með hvítlauksmarineraðar kjúklingabringur, graslaukssósu og grillaðar kartöflur.*

Matreiðslumaðurinn Kristján Þór Hlöðversson sér um þáttinn Eldað með Holta á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þar matreiðir hann skemmtilega og litríka rétti úr Holta-kjúklingi frá Reykjagarði. Á föstudögum birtast þessar uppskriftir hér á forsíðu Fólks. Í dag er Kristján með uppskrift að hvítlauksmarineruðum kjúklingabringum ásamt kirsuberjatómötum á spjóti, graslaukssósu og nýuppteknum íslenskum kartöflum. Hægt er að fylgjast með Kristjáni matreiða þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir eru endursýndir yfir helgina en einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, www.inntv.is.



## HVÍTLAUKSMARINERAÐAR HOLTA BRINGUR
### MEÐ GRASLAUKSSÓSU OG GRILLUÐUM ÍSLENSKUM KARTÖFLUM

**MARINERING OG KJÚKLINGUR**
800 g Holta bringur
3 hvítlaukar, gróft skornir
1/2 lúka steinselja, gróft skorin
4 tsk. McCormick lemon herbs krydd
100 ml olía

Blandið öllu saman og látið bringurnar liggja í marineringunni í um 40 mínútur áður en þær eru settar á grillið.

**GRILLAÐAR KARTÖFLUR**
Skerið kartöflurnar í tvennt. Hellið olíu yfir og kryddið með salti og pipar. Grillið kartöflurnar á grillpönnu.

**KIRSUBERJATÓMATAR**
2 box af kirsuberjatómötum
síróp

Setjið tómatana á spjót og hellið sírópi og olíu yfir þá og grillið.

**GRASLAUKSSÓSA**
180 ml grísk jógúrt
60 ml létt AB-mjólk
4 msk. hunang
2 tsk. McCormick Morgan seasoning
1 box ferskur graslaukur, smátt skorinn

Blandið öllu saman og njótið. Getur verið að hamingjan sé fólgin í góðum grillmat?


Annie Mist mælir með heilsuréttunum frá Nings

Annie Mist heimsmeistari í Crossfit 2011 og 2012 veit að til að ná árangri skiptir mataræði öllu máli.

NINGS

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is

Uppáhalds réttur Anniear er Tröllatrefjar.

Trölla trefjar



EKKERT salt ENGINN sykur

TRANS FITA
MSG

| Næringargildi í 100g: | |
|---|---|
| Orka | 448 kJ / 107 kkal |
| Fita | 1,4g |
| þar af mett. fitusýrur | 0,7g |
| Kolvetni | 10,2g |
| Trefjar | 1,1g |
| Prótein | 10,8g |









# MIÐBORGARBÚAR BJÓÐA HEIM

**HEIMBOÐ** *Vöffluilmur berst um miðborgina næsta laugardag þegar íbúar miðborgarinnar bjóða gestum í kaffi, vöfflur og óvænt skemmtiatriði.*

Fastur liður í dagskrá menningarnætur undanfarin ár er vöffLukaffið. Þar hafa íbúar nokkurra gatna í miðborginni boðið gestum heim til sín í vöfflur og kaffisopa. Auk veitinganna bjóða sumir gestgjafarnir upp á fjölbreytt skemmtiatriði sem eiga sinn þátt í að gera daginn enn eftirminnilegri. Þóra Andrésdóttir og Gunnar Roach bjóða gestum menningarnætur heim til sín að Ingólfsstræti 21A fimmta árið í röð. „Fjölskyldan skipuleggur þetta í sameiningu. Ég átti hugmyndina upphaflega en við hjálpumst öll að og börnin mín taka líka þátt. Dagskráin fer öll fram í garðinum hjá okkur og boðið verður upp á fjölbreytt tónlistaratriði í bland við ljúffengar veitingar,“ segir Þóra.

Eins og venjulega bjóða Þóra og Gunnar upp á vöfflur og kaffi en auk veitinga verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá. Fyrst munu tíu ára frændsystkini Þóru troða upp með tónlistaratriði en þau spila á fiðlur. „Síðan verður hluti af tónleikunum Lagaleiðangur Ingibjargar Þorbergs fluttur í garðinum en hún verður einmitt 85 ára á þessu ári. Svo munu hljómsveitirnar Boogie Trouble og Útidúr spila en sonur okkar, Kristinn Roach Gunnarsson, spilar í báðum sveitunum.“ Auk tónlistaratriðanna verða nokkrar styttur eftir Þorbjörgu Pálsdóttur, móður Þóru, til sýnis í garði Þóru.

Mætingin hefur verið góð undanfarin ár þótt hún sé eðlilega misjöfn eftir veðri. Hún segir vini, ættingja og nágranna mæta í heimsókn auk fjölda gesta sem koma af götunni í heimsókn. „Dagskráin hefst kl. 14 með leik yngstu barnanna. Svo verður boðið upp á heitar vöfflur og kaffi. Síðan taka við fleiri tónlistaratriði og gleðin stendur yfir til kl. 16 og jafnvel lengur ef stemningin er góð og það er fjölmennt. Á ég líka von á heimsókn frá meðlimum Tangófélagsins sem munu jafnvel sýna tangó í garðinum þannig að það mun kenna ýmissa grasa.“

Þegar gestirnir eru farnir ætla hjónin að rölta um miðbæinn og skoða nokkra viðburði. „Mig langar mikið að heimsækja varðskipið Tý og sjá ljósasýninguna þar. Þetta er sambærileg sýning og var á Vetrarhátíðinni við Hallgrímskirkju í vetur. Svo labba ég kannski niður í Tjarnarbíó og fæ mér te. Síðan mun ég að sjálfsögðu horfa á stórtónleikana við Arnarhól þar sem Retro Stefson mun meðal annars spila en dóttir okkar er í hljómsveitinni. Þau hafa nú oft spilað í garðinum hjá okkur en eru að koma að utan sama dag og ná því ekki í ár.“ ■ starri@365.is



**GARÐVEISLA** Þóra Andrésdóttir og Gunnar Roach bjóða gestum menningarnætur heim í garðinn sinn næsta laugardag. WMYND/GVA



**LIFANDI TÓNLIST** Fjölbreytt skemmtiatriði verða í boði í garði Þóru og Gunnars á menningarnótt MYND/ÚR EINKASAFNI




# DANSKIR DAGAR Í ÁTJÁNDA SINN

*Danskir dagar verða haldnir með pompi og prakt í átjánda sinn í Stykkishólmi um helgina.*

Þóra Margrét Birgisdóttir kennari er einn af skipuleggjendum hátíðarinnar. Hún er borgarbarn en flutti í Hólminn fyrir tveimur árum. „Ég þekkti aðeins til hérna og varð svo hrifin af bænum að ég ákvað að flytja og sé ekki eftir því.“

Alla jafna er ekki ríkjandi dönsk menning í Stykkishólmi en um helgina breytist bærinn svo um munar. „Fólk tekur þemað alvarlega. Götunöfnum er breytt, hús og garðar skreyttir og danski fáninn blaktir víðast hvar. Hótelin bjóða upp á danskt smurbrauð og danska er töluð eftir bestu getu.“ Í kvöld verður götugrill og þar á eftir mun hljómsveitin Vinir vors og blóma spila á bryggjuballi. „Laugardagurinn byrjar á Stubbahlaupinu. Markaðstjald verður sett upp og hvítasunnufólk kynnir skátastarf. Einar töframaður verður með töfranámskeið og íbúar halda skottmarkað þar sem gamlir hlutir eru dregnir fram úr geymslum og seldir. Hátíðardagskrá verður í gangi allan daginn og um kvöldið verður brekkusöngur og flugeldasýning í boði Atlantsolíu. Þór Breiðfjörð verður með tónleika og Páll Óskar heldur uppi stuði fram á nótt á balli í íþróttahúsinu.“ ■vidir@365.is



**DANSKA Á SUNNUDÖGUM** Tilurð Danskra daga má rekja til þess að áður var töluð danska á sunnudögum vegna sterkra tengsla og áhrifa frá Danmörku.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427

# Lífið

FRÆGIR FLYTJA TIL BARCELONA

VÍTAMÍN OG SAFAR FYRIR HAUSTIÐ

MADONNU-AÐDÁANDI UPPLIFÐI DRAUMINN



## AUGNABLIK SEM ALDREI GLEYMIST

### ÁSDÍS HJÁLMS UM ÓLYMPÍULEIKANA, ÁRANGURINN OG FRAMTÍÐARDRAUMANA

## HVERJIR VORU HVAR?

Fjöldi þjóðþekktra einstaklinga mætti á tónleika Tonys Bennett í Eldborgarsal síðustu helgi. Söngvarinn **Björgvin Halldórsson** ásamt eiginkonu sinni Ragnheiði Björk Reynisdóttur, athafnamaðurinn **Jón Ólafsson**, tónlistarmennirnir Daníel



Ágúst og Björn Jörundur og hráfæðiskokkurinn Solla Eiríks voru þar og skemmtu sér stórvel. Þá mátti sjá fjölmörg kunnugleg andlit á Kaffitári í Borgartúni í vikunni eins og **Þóreyju Vilhjálmsdóttur,** fram-



kvæmdastjóra borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins, Sverri Þór Sverrisson eða Sveppa, leikarann góðkunna, Þórunni Högna, ritstjóra Nude Home, og Gunnar Hilmarsson hönnuð.





Lífið

UMSJÓN
Ellý Ármanns elly@365.is
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Forsíðumynd Valgarður Gíslason
Útlitshönnun Arnór Bogason
Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
www.visir.is/lifid



Birgitta Haukdal/Söngkona



Magnús Ármann



Brynja X. Vífilsdóttir



Hannes Smárason

# FRÆGIR FLYTJA TIL SPÁNAR

**Fjöldi þekktra Íslendinga hefur undanfarið flust eða er að flytja búferlum til Barcelona á Spáni. Segja má að Íslendinganýlenda hafi skapast þar í borg á stuttum tíma.**

Inga Lind Karlsdóttir fjölmiðlakona og fjárfestirinn Árni Hauksson féllu fyrir borginni en þau eru nýflutt búferlum í sólina með börnin. Söngkonan Birgitta Haukdal og eiginmaður hennar, Benedikt Einarsson lögmaður, ásamt syni hafa einnig komið sér vel fyrir. Þá má nefna fjárfestinn Magnús Ármann og Margréti Baldursdóttur eiginkonu hans, fatahönnuðinn Birtu Björnsdóttur sem er einnig flutt í þennan sælureit ásamt eiginmanni sínum, Jóni Páli Halldórssyni húðflúrmeistara, og tveimur börnum. Þá býr nýja athafnaparið Hannes Smárason og Brynja X einnig þar í borg og hjónin Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi, og Hallbjörn Karlsson fjárfestir.



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir er ein þeirra sem flust hefur til Barcelona nýverið.

Inga Lind Karlsdóttir tók ákvörðun um að flytja í sólina með fjölskylduna.

Birta Björnsdóttir uppfyllti draum sinn um að flytja til útlanda.

SOHO MARKET

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI



Kr. 3.000.-
Kr. 3.000.-
50–70% afsláttur
Kr. 3.000.-
Kr. 3.000.-

SOHO MARKET
Grensásvegur 8, sími 553 7300
Opið mán–fim 12–18, fös 12-19 og laugd 12–17
SOHO/MARKET Á FACEBOOK

# RITSTÝRA OPNAR GLERAUGNAVERSLUN

**Marta María Jónasdóttir Smartlandsritstýra er komin í verslunarrekstur.**





Á morgun opnar Gleraugnabúðin í Mjódd sem er í hennar eigu. Þar fást vönduð merki eins og Silhouette, Michael Kors, Calvin Klein, Entia Barcelona og Fendi svo dæmi séu nefnd. Inni í gleraugnabúðinni verður sérstök fylgihlutaverslun. Þegar Lífið heyrði í Mörtu Maríu sagði hún að opnun búðarinnar hefði legið í loftinu lengi. „Mig hefur dreymt um að nota gleraugu síðan í sex ára bekk. Bekkjarsystir mín mætti með svo falleg eplagleraugu í skólann og þegar ég var send í sjónmælingu stuttu síðar þóttist ég ekki sjá neitt í von um að fá sjálf gleraugu. Í framhaldi var ég send til augnlæknis og fór heim með skottið á milli lappanna, gleraugnalaus. Nú er ég svo heppin að vera komin á lesgleraugnaskeiðið og þá fannst mér ekki vera neitt annað í stöðunni en að opna búð. Og þar sem gleraugnabúðir eru oft dálítið óspennandi var ákveðin í að hafa fylgihlutaverslun inni í búðinni. Þar verða til sölu skartgripir og smart hulstur utan um síma og spjaldtölvur,“ segir Marta María.

Aðspurð hvort það fari saman að reka verslun og stýra Smartlandi segist hún vera með gott fólk í kringum sig. „Eiginmaður minn, Jóhannes Ingimundarson sjónfræðingur, mun sjá um daglegan rekstur verslunarinnar og svo réð ég Guðmundu Guðlaugsdóttur og Sigurjónu Ástvaldsdóttur til starfa í búðinni, en þær hafa samanlagt 40 ára starfsreynslu á gleraugnasviðinu. Ég er vön því að hafa mörg járn í eldinum og fæ tómleikatilfinningu ef ég er ekki störfum hlaðin.“




Shabby chic leðursófi kr. 377.800 nú kr. 299.900 / Woodpoint sófaborð áður kr. 43.900 nú kr. 32.900




Narfe sófi áður kr. 235.700 nú kr. 188.560




Fama sófi áður kr. 254.400 nú kr. 199.900

# ÚTSALA

TAKMARKAÐ MAGN AF HVERRI VÖRU




Bordeaux eikarskápur áður kr. 206.800
nú kr. 166.400




Puzzle svefnsófi 120x200
áður kr. 119.800 nú kr. 95.800




Springfield 3ja sæta sófi
áður kr. 231.900 nú kr. 162.300




Coffee sófi 378x244 áður kr. 542.300 nú kr. 379.600




Vintage púðar áður kr. 8.900 nú kr. 4.450

# LÍNAN

Bæjarlind 16 I 201 Kópavogur I sími 553 7100 I linan.is
Opið mánudaga til föstudaga 12 - 18 I laugardaga 11 - 16

# VANN FERÐ Á MADONNU TÓNLEIKA

**Einn helsti Madonnu-aðdáandi Íslands, Ragnheiður Bogadóttir, var svo heppin að vera boðið á sína fyrstu tónleika með Madonnu í Kaupmannahöfn á vegum Smirnoff en Madonna og Smirnoff eru í alþjóðlegu samstarfi.**






**Ragga eins og hún er alltaf kölluð kynntist Madonnu fyrst** þegar hún var sex ára og pabbi hennar var innkaupastjóri í Skífunni. Þegar Ragga heyrði fyrsta lagið á fyrstu Madonnu-plötunni „Lucky Star“ breyttist allt og bangsarnir sem hún var með í fanginu voru framvegis skildir eftir.



**Madonna hefur verið talsmaður fyrir réttindum samkynhneigðra**, verið málsvari HIV-samtaka og stutt þau rækilega og einnig gagnrýnt kaþólsku kirkjuna. Röggu finnst hún bera góð skilaboð til kvenna eftir að hún fór að rýna betur í textana á fullorðinsaldri þrátt fyrir að hún beiti sínum kynþokka.



**Ragga á allar plöturnar hennar Madonnu** og geisladiska, margar bækur og ævisögur og Madonnu–handklæði. Hér er Ragga í H&M í New York þar sem hún nældi sér í tvær flíkur úr línunni sem Madonna hannaði.

## RAGNHEIÐUR BOGADÓTTIR
## AÐDÁANDI MADONNU #1

**Uppáhaldslögin** Lucky Star, Physical Attraction, Burning up, Over and Over, Dress You Up, Live to Tell, Till Death Do Us Part og Into the Groove.

**Besta Madonnu-platan** Like a Virgin, Madonna First Album og Ray of Light.

**Uppáhaldsútlit Madonnu** Fyrsta útlitið sem var pönk/rómantískt og svo True Blue-tímabilið.

**Uppáhaldskvikmynd** Desperately Seeking Susan.

**Orð Röggu til Madonnu** „Hringdu í Sean Penn.“ (Draumur Röggu að þau nái aftur saman).



**Í gær 16. ágúst** var að sjálfsögðu skálað og Madonna sett á fóninn af því drottningin sjálf átti 54 ára afmæli. Hér er Ragga með vinkonu sinni Sóleyju.




**Madonna segir að konur eigi að standa á eigin fótum,** ekki láta bæla sig niður og að hafa trú á sjálfum sér. Í myndböndum hennar er heldur aldrei neytt áfengis eða eiturlyfja enda er Madonna eindregið á móti því.







**Ragga segir Madonnu ekki bara vera táknmynd tísku og gleðipopps** heldur er hún frábær laga-og textasmiður og hún hefur verið ötul baráttukona fyrir minnihlutahópa.




the PIER
WORLD ... ATION
FOR YOUR HOME
NÝ SENDING AF HÚSGÖGNUM
3 FYRIR 2
AF PÚÐUM, SNYRTIVÖRU OG KERTUM
NÝTT
1.590.-
Skartskápur
149.900.-
NÝTT
Lyklaskápur með spegli
9.990.-
3.890.-
Hringkertastjaki
Skrifborð
139.900.-
NÝTT
HAAG FJÖLSKYLDUSÓFINN
NÚ Í TVEIMUR STÆRÐUM
VINSTRI EÐA HÆGRI TUNGA
330 CM OG 295 CM
TVEIR LITIR
Grár og brúnn
the PIER
PICCADILLY STÓLAR
59.900.-
3 LITIR
Rauður, svartur og brúnn.
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880
ARNA FRÍÐA



Ásdís Hjálmsdóttir fyrir utan Bessastaði í gær þar sem haldin var móttaka fyrir ólympíufarana.

# SKRÝTIÐ AÐ FÁ SVONA MIKLA ATHYGLI

**Afreksíþróttarkonan Ásdís Hjálmsdóttir stimplaði sig heldur betur inn í hug og hjörtu íslensku þjóðarinnar er hún sló Íslandsmet í fyrsta kasti á Ólympíuleikunum í London sem lauk á dögunum. Lífið kynntist þessari duglegu konu sem hefur vægast sagt mörg járn í eldinum.**

**Hver er konan?** Ég er alveg ekta borgarbarn, uppalin í Fossvoginum þar sem ég bjó þangað til ég byrjaði í menntaskóla en svo hef ég verið á ferðinni um allt síðan. Ég gekk í Breiðagerðisskóla, Réttarholtsskóla og svo MH áður en ég byrjaði í Háskóla Íslands.

**Hvenær byrjaðir þú að stunda íþróttir?** Ég byrjaði fyrst í badmintoni þegar ég var að verða tíu ára og þá varð ekki aftur snúið. Eftir að hafa prófað fullt af öðrum íþróttum með fram badmintoninu bættust svo frjálsar íþróttir við þegar ég var tólf ára. Lengi var ég í frjálsum á sumrin og badmintoni á veturna en ég sneri mér alfarið að frjálsum þegar ég byrjaði í menntaskóla.

**Fannstu strax að þetta átti vel við þig?** Já, það er ekki hægt að segja annað. Það kviknaði strax einhver blossi og keppnisskapið fór á fullt þegar ég byrjaði að æfa.

**Upplifðirðu einhvern tíma að þú værir að fórna félagslífi og öðru fyrir íþróttaiðkunina?** Það má alveg segja það að ég hafi þurft að færa fullt af fórnum fyrir íþróttaiðkunina en ég lít ekki þannig á það. Mér finnst ég ekki vera að fórna neinu heldur einfaldlega velja að gera það sem mér þykir skemmtilegast. Í staðinn fæ ég þau forréttindi að fá að lifa drauminn minn.

**Stefndirðu alltaf á Ólympíuleikana?** Ég var strax staðráðin í því þegar ég byrjaði að æfa tíu ára gömul að ég ætlaði að fara á Ólympíuleika.

**Hversu stór partur af árangri þínum er að hafa hugann á réttum stað?** Það skiptir öllu máli! Þú kemst bara takmarkað langt á líkamlegum hæfileikum einum saman. Það er nauðsynlegt að hafa metnaðinn og agann til að geta lagt allt á sig sem þarf til að ná langt. Þetta er gífurleg vinna og ég get ímyndað mér að það væri ofboðslega erfitt að þurfa að gera þetta allt ef ég væri ekki að þessu fyrir sjálfa mig og vegna þess að þetta er það skemmtilegasta sem ég geri. Þess






## Dagur í lífi Ásdísar

**Hér er nokkuð dæmigerður dagur á veturna þegar undirbúningstímabilið er í fullum gangi og allt í rútínu.**

**07.00** Vakna og borða léttan morgunmat.

**08.00** Morgunæfing.

**10.00** Eftir æfingu er oft meðferð hjá sjúkraþjálfara, nuddara eða kírópraktor.

**12.00** Næst tekur við hádegismatur og að sinna hinum og þessum smá erindum áður en ég fer heim og slaka aðeins á.

**16.00** Kvöldæfing.

**19.00** Sturta, kvöldmatur og svo reyni ég að nýta kvöldið með vinum eða fjölskyldu. Eftir erfiðar æfingar þegar mikið álag er fer ég oft í sund eða baðstofuna í Laugum til að gefa líkamanum færi á að jafna sig betur.

**23.00** Farin að sofa.



utan skiptir öllu máli að hafa stjórn á hugsunum sínum þegar farið er í keppni. Til að ná árangri þarftu að hafa fulla trú á sjálfri þér.

**Hvernig er tilfinningin að taka þátt í leikunum, komast áfram og fá alla þá athygli sem leikunum fylgdu?** Það var magnað að labba inn á leikvanginn en alveg ólýsanleg tilfinning að setja Íslandsmet í fyrsta kasti á Ólympíuleikvanginum fyrir framan um 80 þúsund áhorfendur. Þetta er augnablik sem ég mun aldrei nokkurn tímann gleyma og er bara olía á eldinn sem drífur mig áfram. Hvað athyglina varðar þá er ég frekar feimin að eðlisfari svo það er frekar skrýtið að fá svona aukna athygli allt í einu. Þetta var að aukast jafnt og þétt fram að leikum en svo varð algjör sprenging eftir undankeppnina. En þetta er bara eitthvað sem maður reynir að nýta til að hvetja sig áfram eins og allt annað.

**Ertu byrjuð að æfa fyrir næstu Ólympíuleika?** Já, í rauninni er hver einasta æfing eitt skref á leiðinni. Ég er búin að fá boð á tvö Demantamót núna í ágúst svo tímabilið mitt er ekki alveg búið enn þá. Eftir það mun ég svo taka mér góða hvíld áður en uppbyggingartímabilið byrjar aftur af fullum krafti.

**Áttu góða vini og vandamenn sem styðja við bakið á þér?** Já, ég er mjög heppin með hvað ég á góða að í þjálfara, fjölskyldu, vinum, kunningjum, æfingafélögum og vinnufélögum. Allir eru mjög áhugasamir um allt sem ég er að gera og styðja mig heils hugar í því. Það er nú nærtækast að nefna að mamma, bróðir minn og kærastinn komu til London að horfa á mig keppa og fagna með mér. Þau voru með risastóra veifu með sér með íslenska fánanum sem stendur á „Áfram Ásdís". Fjölskyldan mín gerði hana í Gautaborg 2006 þegar þau komu að horfa á mig keppa á EM. Þau fengu hugmyndina kvöldið áður en ég keppti og voru alla nóttina að hanna, sníða og sauma stafina í lak. Á sama tíma á Íslandi kom stórfjölskyldan saman og vinirnir líka til að fylgjast með í sjónvarpinu svo það er ekki hægt að segja að mig skorti stuðninginn.

**Hefur þetta ekki verið kostnaðarsamt fyrir þig persónulega eða ertu með góða styrktaraðila?** Sem betur fer hef ég verið með góða styrktaraðila sem hafa gert mér kleift að sinna íþróttinni að fullu. Þetta er gífurlega kostnaðarsamt og ég gæti engan veginn staðið undir þessu án alls þess stuðnings sem ég fæ. Svo fólk geri sér aðeins grein fyrir kostnaðinum þá er ég búin að fara í þrjár æfingabúðir á þessu ári í 10-20 daga þar sem ég þarf að bera allan kostnað fyrir bæði mig og þjálfara. Fyrir utan svo keppnisferðir og allan annan kostnað en ég er að fara í um 10-15 utanlandsferðir á ári. Ég hef verið á A-styrk hjá ÍSÍ og svo voru Ólympíusamhjálpin, Valitor og Saffran að styrkja mig peningalega fram að leikunum. Það er hins vegar alltaf erfitt strax eftir Ólympíuleika þar sem allir styrktarsamningar klárast þá. Núna þarf ég því að fara í að ná mér í styrktaraðila fyrir næstu ár.

**Hvað dreymir þig um að gera annað en að kasta spjótinu?** Ég hef alveg ofboðslega gaman af því að ferðast og langar mikið til að skoða heiminn enn betur en ég hef fengið að gera í gegnum íþróttirnar. Auk þess var ég að klára master í lyfjafræði og hef mikinn áhuga á því sviði. Það heillar mig mikið að fara út í rannsóknarvinnu eða jafn-

FRAMHALD Á SÍÐU 8

## Uppáhalds



**Sjónvarpsþáttur?** How I met your mother.

**Heimasíða?** Úff, ætli það sé ekki Facebook því miður.

**Tímarit?** Ég geri mjög lítið af því að lesa þau nema á biðstofum.

**Veitingastaður?** Sushi Samba finnst mér alveg æðislegur.

**Dekur?** Góð afslöppun í baðstofunni í Laugum eftir gott nudd.


## BODY SHOP KYNNIR:




**„All-in-One BB CREAM"** frá **THE BODY SHOP** er einstaklega léttur andlitsfarði, hvítur í upphafi en dökknar og líkir eftir eðlilegum húðlit þínum þegar hann er borinn á. Er jafnframt góður og nærandi fyrir húðina því hann inniheldur náttúrulegt E-vítamín og rakagefandi marúlaolíu.
Verslanir **THE BODY SHOP** eru í Kringlunni, Smáralind og á Glerártorgi.
www.facebook.com/pages/The-Body-Shop-á-Íslandi













Regnboginn í eldhúsinu

Joseph Joseph

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal





Smart Boutique

Laugavegur 55 • www.smartboutique.is

# ÚTSALA

**Aðeins 3 dagar eftir**

**Rýmum til fyrir nýjum vetrarvörum**






**30%** afsláttur af öllum loðhúfum, krögum og jökkum



**50%** afsláttur af öllum slæðum og treflum

Opið til kl 21 á MENNINGARNÓTT

Opið sunnudag 19. ágúst frá kl 12 – 17

**35%** afsláttur af öllum töskum og veskjum



Smart Boutique

Laugavegur 55, sími 551-1040
Sendum í póstkröfu um allt land.

www.smartboutique.is

FRAMHALD AF SÍÐU 7




MYND/ANTON BRINK

## Það er alveg sama hvað það er, ef þið viljið ná árangri í einhverju veljið ykkur þá eitthvað sem þið hafið gaman af!

vel klíníska lyfjafræði á spítala en ég mun ekki hella mér í það fyrr en ferlinum lýkur. Ég er þó að stefna á að taka doktorsgráðu samhliða ferlinum.

**Ertu kannski að vinna að öðrum verkefnum?** Ég hef alltaf þurft að hafa mikið fyrir stafni svo ég gat ekki hugsað mér að sitja bara heima milli æfinga eftir að ég kláraði skólann. Í byrjun árs tók ég því að mér stundakennslu við Háskóla Íslands og svo hef ég verið að taka eina og eina vakt í apóteki líka. Í haust mun ég svo að öllum líkindum taka að mér að aðstoða við dýratilraunir svo það eru mörg járn í eldinum þessa stundina.

**Hvernig gengur kærastanum, Hilmari Hjálmarssyni, að vera á hliðarlínunni?** Honum gengur bara mjög vel. Hann hefur verið alveg ótrúlega duglegur að styðja við bakið á mér og hefur lagt mikið á sig til þess að minn undirbúningur gæti orðið sem allra bestur. Það er ekkert grín og krefst mikils skilnings að vera með afreksíþróttamanni og þá sérstaklega á keppnistímabilinu sjálfu enda oft mikill tilfinningarússíbani í gangi. Ég er svo heppin að hann hefur þennan skilning.

**Eruð þið búin að vera lengi saman og hvað geri þið saman til að sinna sambandinu?** Nei, við kynntumst bara í vor svo þetta er í raun mjög nýtt allt saman. Við höfum gert allt mögulegt saman og til að sinna sambandinu reynum við bara að nýta vel þann tíma sem við höfum saman.

**Hvar sérðu þig eftir tíu ár?** Eftir tíu ár verð ég vonandi hamingjusamlega gift og jafnvel ef allt gengur upp komin með eitt eða tvö börn. Spjótkastsferillinn verður að öllum líkindum búinn svo ég verð farin að hella mér út í lyfjafræðina. Hvað ég geri með hana verður hins vegar bara að koma í ljós.

**Geturðu gefið ungum krökkum sem eru að byrja að æfa íþróttir eða þeim sem vilja ná árangri góð ráð?** Það er alveg sama hvað það er, ef þið viljið ná árangri í einhverju veljið ykkur þá eitthvað sem þið hafið gaman af! Því þegar öllu er á botninn hvolft þá snýst þetta um þína eigin hamingju og ekkert annað.



Ásdís sem fánaberi í London.

**Eitthvað að lokum?** Winners never quit, quitters never win!

# SKÓSPRENGJA

## Í FULLUM GANGI

ásamt öðrum tilboðum

# 50% - 90%

AFSLÁTTUR

Opið mánudaga - föstudaga
milli kl. 11 og 18
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 13 og 17

VÖRUR FRÁ:

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Nýtt kortatímabil

Þú finnur okkur á: facebook

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

## HVAÐA VÍTAMÍN TAKA ÞAU?



### HEIÐRÚN LIND MARTEINSDÓTTIR
**héraðsdómslögmaður**

Ég fæ mér lýsi, fiskiolíu, fjölvítamín, C-vítamín og D-vítamín á hverjum morgni. Stundum tek ég líka skorpur í hörfræolíu.



### SIRRÝ ARNARDÓTTIR
**fjölmiðlakona**

Lýsi á hverjum morgni alla daga ársins. Svo dett ég inn í kúra af og til og tek C-vítamín, D-vítamín, járn og kalk. Það er misjafnt og fer eftir líðan og árstíðum.



### ATLI ÞÓR ALBERTSSON
**leikari**

Ég tek lýsi, B- og C-vítamín og svo er ég duglegur í GSE dropunum líka. Þeir eru ógðeslega bragðvondir en víst jafn hollir og þeir eru vondir.



### INGIBJÖRG GRÉTA GÍSLADÓTTIR
**framkvæmdastjóri**

Ég tek lýsi númer eitt, tvö og þrjú. Einnig tek ég acidophilus, Bio-Kult og B12. Síðan er það vænn grænn lífrænn safi inn á milli. Vatn og góður svefn er líka þarfaþing.



### SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR
**sjónvarpskona**

Ég tek engin vítamín en passa mig að borða næringarríkan mat. Tek reyndar oft lýsi þótt mér finnist það hræðilega vont.

# HREINSAÐU LÍKAMANN EFTIR NAUTNIR SUMARSINS

**Lífið leitaði til Lukku Pálsdóttur, eiganda heilsustaðarins Happs, til að vita hvernig hægt er að ná jafnvægi eftir nautnir sumarsins með því að taka nokkra daga í að taka mataræðið í gegn.**

„Allir hafa gott af að bæta grænum dúndurdrykkjum í daglegt mataræði sitt. Stundum þarf þó að gera ærlega hreingerningu í meltingarveginum og grænu drykkirnir henta vel til þess. Trefjarnar eru eins og her hreingerningarfólks sem sópar óhreinindum burt og út. Ef þú vilt komast í frábært form, losna við sykurlöngun og auka orku og kraft er gott að hreinsa til með viku af góðum grænum hristingum eða safakúr,“ segir Lukka og heldur áfram:



„Hjá Happi mælum við með að þeir sem eru heilbrigðir noti græna hristinga (smoothies) til að hreinsa líkamann. Kosturinn við hristingana er að allar trefjar haldast í drykkjunum og hjálpa til við haustlhreingerningu í meltingarveginum. Ef þú átt kraftmikinn blandara eins og Vitamix þá geturðu sett hvaða grænmeti og ávexti sem er beint í blandarann. Við mælum með að grænmeti og þá sérstaklega grænt laufgrænmeti sé uppistaðan í drykkjunum og ávextir séu notaðir í litlu magni til að bragðbæta. Á þann hátt færðu súpernæringu í fáum hitaeiningun og losnar fyrr við sykurþörfina.

Drykkirnir eru næringarríkir og saðsamir og þú munt upplifa aukna orku, léttleika, minni þreytu og slen auk þess sem þú sérð fljótt breytingar á húð þinni og á vigtinni. Ef þú ert að æfa og vilt auka orkuna enn þá meira er frábært að bæta chia-fræjum í drykkina, þau eru eins og lítil orkukorn.

Drekktu 6 x 0,5 lítra af grænum dúndurdrykk á dag í tíu daga og finndu muninn! Bættu einum til tveimur slíkum í mataræði þitt daglega fyrir aukna orku og vellíðan.“

## HEILSUSAFAR

**#1**

- Klettasalat um 2 hnefafyllir
- Grænkál um 2 hnefafyllir
- Kóríander ½ hnefafyllir
- Steinselja ½ hnefafyllir
- ½ - 1 rauð paprika
- Kókosvatn eða vatn
- Klaki

**#2**

- Spínat – um 2 hnefafyllir
- Grænkál – um 2 hnefafyllir
- Romaine – 1-2 hnefafyllir
- ½ lárpera
- Klaki
- Um þumalstærð af engifer
- ½ -1 grænt epli
- Kókosvatn eða vatn

Allt blandað saman í Vitamix eða öðrum öflugum blandara.




CC Flax



Frábært gegn fyrirtíðarspennu fyrir konur á öllum aldri og einkennum breytingaskeiðs

Mulin hörfræ – Lignans – Trönuberjafræ
Kalk úr hafþörungum

Slegið í gegn í vinsældum, frábær árangur!

**Heilbrigðari og grennri konur**
Rannsókn sýna að konur sem hafa mikið lignans i blóðinu eru að meðaltali með 8,5 kg minni fitumassa en þær konur sem skortir eða hafa lítið af Lignans.**

* Howel AB Journal of the American Medical Associaton june 2002 287:3082
** British Journal of Nutrition(2009), 102: 195-200 Cambridge University.

Styrking • Jafnvægi • Fegurð









1 kúfuð teskeið á dag - 40 daga skammtur

www.celsus.is

Fæst í Lyfju, Hagkaup og Nettó


## TEKUR OMEGA 3-6-9 Á MORGNANA



### ELÍNRÓS LÍNDAL
**framkvæmdastjóri Ellu**

Á morgnana tek ég Omega 3-6-9 fyrir heilann sem og magnesíum, sink og D-vítamín sem mér finnst skerpa á orku, einbeitingu og vellíðan. Ég hef mikla trú á inntöku D-vítamíns fyrir Íslendinga, til að vinna gegn skorti á nauðsynlegri birtu yfir vetrartímann. Ég tek einnig endrum og sinnum E-vítamín sem ég trúi að vinni gegn krabbameini. Ég er lág í B12 og járni svo ég er á dágóðum B-vítamín skammti. En ég reyni að vera dugleg að fá járn úr grænmeti og kjöti. Ég tek einnig 1.000 mg af C-vítamíni daglega. Best finnst mér að leysa það upp í vatni og drekka hægt og rólega yfir daginn. Á kvöldin tek ég svo ýmist Náttúrulega slökun, sem inniheldur magnesíum, eða kalktöflur í bland við magnesíum. Magnesíum hjálpar mér í gegnum streitu-tíma og hjálpar til með upptöku kalks í líkamanum. Ég er með ákveðið prinsipp sem er að láta athuga heilsufar mitt helmingi oftar en ástand bílsins míns. Því miður hef ég ekki náð að bæta gildin með mataræðinu einu saman, en góður sundsprettur á morgnana í Sundlaug Seltjarnarness gerir kraftaverk fyrir geðheilsuna, beinin og kólesterólið.



# Castello
PIZZERIA









***Fjölskyldutilboð***
Stór pizza m/2 áleggsteg. 12”
hvítlauksbrauð/margaritu,
stór brauðstandgir og 2L coke
**3790 kr**
**(SÓTT)**

Stór pizza
m/2
áleggsteg.
**1890 kr**
**(SÓTT)**

***Hádegis Tilboð***
Lítil pizza m/3 áleggsteg. og Coke í dós **1090 kr**

***Heimsendingar Tilboð***
Stór pizza m/2 áleggstegundum,
stór brauðstangir og 2L gos **3450 kr**

Mið pizza m/2 áleggstegundum,
lítill brauðstangir og 1L gos **2700 kr**

**20%**
**Afsláttur**
**af sóttum**
**pizzum**

**Opnunartímar**

**Dalvegur 2 Kóp**
Opið alla daga
11-01

**Dalshraun 13, Hafn**
Sun-Fim: 11-23
Fös-Lau: 11-23:30

**www.castello.is**
**S:577 3333**

# TINNA ALAVIS OPNAR TÍSKUBLOGG

„Ég og góð vinkona mín vorum að byrja með tískublogg fyrir nokkrum dögum,“ svarar **Tinna Alavis**, fyrirsæta og nemi, sem hefur opnað nýtt tískublogg ásamt **Brynju Norðfjörð**, stílista og förðunarfræðingi, þegar Lífið spurði hana út í síðuna Secrets.is sem þær halda úti á veraldarvefnum.

„Við munum fjalla um tísku, hönnun og heilsu og setja inn myndir af fallegum fötum úr ýmsum verslunum á hverjum degi. Við ætlum líka að setja inn skemmtileg vídeó af og til sem tengjast heilsu og útliti,“ segir Tinna.





MYND/BRAGI KORT

## Uppskrift VIKUNNAR



**Valentína Björnsdóttir, eigandi Krúsku, var ekki í vandræðum með að deila smá hollustu með Lífinu enda snýst hennar lifibrauð um að elda dýrindis rétti sem eru hollir fyrir sál og líkama. Hún deilir hér hreinsandi safa sem er tilvalinn eftir misgott mataræði sumarsins hjá mörgum hverjum.**

### Rauðrófu- og eplasafi



½ rauðrófa afhýdd
½ sítróna
2 græn epli
2 sellerístönglar
2 cm engifer
Allt sett í safapressu og drukkið strax.

Þessi safi er alltaf til hér á Krúsku og er mjög hreinsandi og hressandi.

Svo er líka mjög gott að drekka á hverjum morgni á fastandi maga 1 glas af soðnu vatni og kreista út í það ½ sítrónu.

Það þykir mjög hreinsandi fyrir líkamann. Einfalt og ódýrt heilsuráð.







~HINIR EINU SÖNNU~
STUÐMENN
NÝSTAÐFESTIR LAUGARDAGS-TÓNLEIKAR STUÐMANNA Í HÖRPU FARA Í SÖLU Í DAG KL. 12.00 !!!
Með allt á hreinu
NÝIR TÓNLEIKAR!
LAUGARDAGINN 6. OKT.
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á NÝTILKOMNA TÓNLEIKA STUÐMANNA Í HÖRPU
MIDI.IS – HARPA.IS OG Í MIÐASÖLU HÖRPU

# tímamót

timamot@frettabladid.is



35 **THIERRY HENRY** fótboltamaður er 35 ára í dag.

*„Hver sem þú ert eða hversu góður sem þú kannt að vera þá ertu alltaf dæmdur út frá síðasta leik. Hann er sá eini sem skiptir máli.“*

## Afmæli



**Methúsalem Þórisson friðarsinni er 66 ára.**



**Ellert A. Ingimundarson leikari er 55 ára.**



**Björn Ingi Hilmarsson leikari er 50 ára.**

TÍMAMÓT: NORRÆNA FÉLAGIÐ HELDUR UPP Á 90 ÁRA AFMÆLI

# Eins og níræður unglingur

Það verður mikið um að vera á vegum Norræna félagsins um helgina en félagið fagnar 90 ára afmæli um þessar mundir. Í tilefni af því var sýning í Ráðhúsi Reykjavíkur opnuð í gær, rætt verður um stöðu norrænna tungumála á málþingi í Norræna húsinu í dag, haldin verður minningarathöfn í Vatnsmýri um fórnarlömbin í Ósló og Útey og efnt verður til hátíðarhalda á Óðinsgötu á menningarnótt.

„Við erum úti um allt þessa dagana, eða þannig líður mér að minnsta kosti,“ segir Ásdís Eva Hannesdóttir, framkvæmdastjóri Norræna félagsins, sem stóð í ströngu við að undirbúa dagskrána í gær og taka á móti fulltrúum frá öðrum Norðurlöndum sem hingað eru komnir í tilefni tímamótanna.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan Norræna félagið var stofnað en Ásdís Eva segir tengsl Norðurlandanna jafn sterk og áður, ekki síst vegna þess að þau hafi tekið mið af breyttum heimi í samstarfi sínu.

„Við erum ekki eins og nírætt gamalmenni heldur eins og nítíu ára unglingur og erum mjög opin fyrir breyttum heimi. Eystrasaltslöndin eru til dæmis orðin dálítið virk í starfi okkar og eins erum við farin að horfa aðeins vestur, til Skotlands, Kanada og Bandaríkjanna. Við útilokum ekkert og fyrir vikið standa Norðurlöndin sterkari.“

Aukið vægi enskunnar á kostnað Norðurlandamála verður til umfjöllunar á málþinginu í Norræna húsinu í dag, en þar ræða nokkrir af fremstu málvísindandamönnum Norðurlanda hvort hætta sé á að samstarf þjóðanna eigi eftir að verða á ensku í framtíðinni.



**ÁSDÍS EVA** Segir félagið ekki eins og nírætt gamalmenni heldur ungmenni sem tekur breytingum opnum örmum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta er aðkallandi spurning en þótt enskan hafi margt til síns ágætis teljum við afar mikilvægt að Norðurlandabúar haldi áfram að tala áfram á sameiginlegu máli, því það að kunna annað norðurlandamál almennilega veitir aðgang að svo miklum menningarlegum verðmætum.“ Málþingið hefst klukkan tíu og er öllum opið.

Klukkan 14 í dag verður fórnarlamba hryðjuverkanna í Ósló og Útey 22. júlí 2011 minnst við lund í Vatnsmýrinni þar sem plantað verður átta íslenskum reynitrjám og 77 birkitrjám. Katrín Jakobsdóttir, samstarfsráðherra Norðurlanda, flytur ávarp við minningarstundina.

Þá verður þátttaka félagsins í menningarnótt hluti af afmælisdagskránni en félagsmenn standa fyrir hátíðahöldum frá klukkan 14 til 19 á laugardag. Nánari upplýsingar um afmælisdagskrána má finna á heimasíðu félagsins, Norden.is. bergsteinn@frettabladid.is

---



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**HALLDÓRU GUÐBJARGAR JÓNSDÓTTUR**
**Köldukinn 16, Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks bráðamóttöku, gjörgæslu og hjartadeildar Landspítalans fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Jón Kristinn Marteinsson** / **María Sólveig Hjartardóttir**
**Ólöf Marteinsdóttir** / **Vilhjálmur Viðar Ragnarsson**
**Þorlákur Marteinsson** / **Unnur Sigrún Bjarnþórsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

**GUNNARS J. KRISTJÁNSSONAR**
**húsasmíðameistara og matsmanns,**
**Kársnesbraut 139, Kópavogi.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hjúkrunarheimilisins Skógarbæjar.

**Birna Ólafsdóttir**
**Guðrún Halla Gunnarsdóttir**
**Gunnar Ólafur Gunnarsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg amma okkar og langamma,

**GUNNHILDUR I. GESTSDÓTTIR**
**hjúkrunarfræðingur,**
**Laugarnesvegi 56,**

verður jarðsungin frá Kapellunni í Hafnarfjarðarkirkjugarði mánudaginn 20. ágúst kl. 13.00.

**Gunnhildur Arndís O´Callaghan**
**Inga Jóna Pálsdóttir**
**María Rán Pálsdóttir**
**Sólrún Edda Pálsdóttir**
**og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæra,

**ÞORBJÖRG THEODÓRSDÓTTIR**
**frá Bjarmalandi,**
**Skálabrekku 1, Húsavík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga mánudaginn 13. ágúst. Útför hennar fer fram frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 18. ágúst kl. 14.00.

**Sólveig Sigurðardóttir** / **Rúnar Eiríksson**
**Theodór Gunnar Sigurðsson** / **Guðrún Lárusdóttir Blöndal**
**Guðrún Ásta Sigurðardóttir** / **Rúnar Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**HÖNNU GABRIELSSON**
**Kirkjulundi 8, Garðabæ,**

sem jarðsungin var frá Garðakirkju fimmtudaginn 9. ágúst sl.

**Ingólfur Helgason**
**Jóhanna Ingólfsdóttir**
**Helgi Ingólfsson** / **Kristín Gísladóttir**
**Þuríður Ingólfsdóttir** / **Pálmi Kristmannsson**
**Ingólfur Agnar Ingólfsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,

**VIGDÍS PÉTURSDÓTTIR**
**Sléttuvegi 19, Reykjavík,**

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut þann 9. ágúst sl. Útför Vigdísar fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 20. ágúst kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaheill.

**Kristín Jónsdóttir** / **Sveinbjörn F. Strandberg**
**Pétur Ingi Sveinbjörnsson** / **Kristín Elísabet Alansdóttir**
**Jóhann Örn Sveinbjörnsson** / **Dana Rún Heimisdóttir**
**Björn Þór Sveinbjörnsson**

---



Eiginkona mín og móðursystir okkar,

**GERÐUR HULDA JÓHANNSDÓTTIR**
**Barðastöðum 7, Reykjavík,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 13. ágúst. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 22. ágúst kl. 15.00.

**Egill Sigurðsson**
**Guðrún Sigurðardóttir og Lilja Sigurðardóttir**

---



Þökkum ykkur öllum sem sýnt hafa hlýhug og virðingu við andlát og útför

**FJÓLU ÞORSTEINSDÓTTUR**
**frá Laufási í Vestmannaeyjum,**
**áður til heimilis í Karfavogi 23.**

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki á hjúkrunardeild Hrafnistu í Reykjavík fyrir frábæra umönnun.

**Gísli Baldvin Björnsson** / **Lena Margrét Rist**
**Martha Clara Björnsson** / **Gunnar Már Hauksson**
**Ásta Kristín Björnsson** / **Sverrir Guðmundsson**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**

---



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**GUÐNÝJAR MARGRÉTAR MAGNÚSDÓTTUR**
**hjúkrunarkonu,**
**Einilundi 8F, Akureyri,**

sem lést þann 1. ágúst. Sérstakar þakkir til lækna og starfsfólks lyflækningadeildar FSA. Jarðsett var í kyrrþey 14. ágúst.

**Ólöf Vala Valgarðsdóttir**
**Jónína Valgarðsdóttir** / **Sigurður P. Sigfússon**
**Margrét Ýr Valgarðsdóttir** / **Magnús Bragi Gunnlaugsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir, systir, mágkona og amma,

**BERGÞÓRA JÓNSDÓTTIR**
**Suðurbraut 24, Hafnarfirði,**

lést á kvennadeild Landspítalans, mánudaginn 13. ágúst. Útför hennar fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 25. ágúst kl. 11.00.

**Óskar Óskarsson**
**Jóna Dóra Óskarsdóttir** / **Óskar Rúnar Harðarson**
**Sigþór Óskarsson** / **Jariya Tuanjit**
**Maren Óskarsdóttir** / **Valdimar Kristjánsson**
**Halldóra Hallbergsdóttir**
**Þuríður Jónsdóttir** / **Jóel Andersen**
**Hallbjörg Jónsdóttir** / **Róbert Gíslason**
**Berglind Jónsdóttir** / **Steinar Jónsson**
**og barnabörn.**

---



Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ELÍSABET JÓHANNA SVAVARSDÓTTIR**
**Hjallabrekku 29, Kópavogi,**

er látin. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Karitas, heimahjúkrun. Læknum og öllu hjúkrunarfólki er þakkað fyrir góða umönnun. Þökkum auðsýnda samúð. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ólafur Guðmundsson**
**Sif Ólafsdóttir** / **Bjarni Ólason**
**Hlín Ólafsdóttir** / **Halldór Birgir Halldórsson**
**Freyr Ólafsson**
**og barnabörn.**

nettó
Kræsingar & kostakjör



# ER LOPA-PEYSAN KLÁR FYRIR HAUSTIÐ?




GARNDEILDIR NETTÓ | REYKJANESBÆR | GRINDAVÍK | EGILSSTAÐIR | AKUREYRI | MJÓDD | GRAFARVOGUR | BORGARNES

markhonnun.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** margs konar, **6.** hætta, **8.** sjór, **9.** egna, **11.** númer, **12.** tími, **14.** skýli, **16.** sjó, **17.** fiskilína, **18.** tímabil, **20.** tvíhljóði, **21.** gón.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fnæs, **3.** tveir eins, **4.** fugl, **5.** dýrahljóð, **7.** vinsæll, **10.** í viðbót, **13.** til sauma, **15.** innyfli, **16.** verkfæri, **19.** rot.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ýmsu, **6.** vá, **8.** mar, **9.** æsa, **11.** nr, **12.** stund, **14.** skáli, **16.** sæ, **17.** lóð, **18.** öld, **20.** au, **21.** gláp.
**LÓÐRÉTT: 1.** hvæs, **3.** mm, **4.** sandlóa, **5.** urr, **7.** ástsæll, **10.** auk, **13.** nál, **15.** iður, **16.** sög, **19.** dá.


**Helgarblað**
alla laugardaga



# Hef fulla trú á sjálfum mér

Gylfi Þór Sigurðsson er tilbúinn fyrir tímabilið með Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.

**Meðal annars efnis:**

**Bylting frá því sem áður var**

Sigurður P. Sigmundsson hagfræðingur þótti sérviskulegur þegar hann sást hlaupa í vegarköntum á áttunda áratugnum, en nú eru allir úti að skokka.



**Allt sem þú þarft**


# Ástarsaga úr garðinum

**BAKÞANKAR**
**Björns Þórs Sigbjörnssonar**



Sambandsslit eru yfirleitt erfið og reyna á þá sem í hlut eiga. Sérstaklega eru þau erfið ef sambandið hefur staðið lengi og aðilar hafa gengið saman í gegnum þykkt og þunnt. Ég veit hvað ég er að tala um því nýlega lauk sambandi sem ég átti í í þrettán ár.

**VIÐ** kynntumst vorið 1999 og eyddum fyrstu vikum sumarsins saman. Vinnu minnar vegna þurfti ég að dvelja úti á landi í júlímánuði það ár og sá tími reyndist erfiður. Endurfundirnir í byrjun ágúst voru afskaplega ánægjulegir.

**ALDREI** hefði ég trúað að samband manns og grills gæti orðið jafn náið og innilegt og raunin varð í tilviki okkar Char Broilsins sem ég keypti í Olís árið 1999.

**ALLT** hafði gengið eins og í sögu en engu að síður féll ég í freistni sumarið 2002. Grillgrind Argentínu var sögð leysa öll vandamál grillarans enda afrakstur tólf ára reynslu kokkanna á Argentínu steikhúsi. Hún var fokdýr og ég held að ég hafi verið eini maðurinn sem keypti hana. Allavega var hún stutt í sölu. Með nýju grindinni jókst enn ánægja mín með grillið og ég notaði það kvölds og morgna allan ársins hring.

**MEÐ** tíð og tíma fór Char Broil að láta á sjá. Ytra byrðið varð ljótt, kveikibúnaðurinn og brennararnir biluðu og efri grindin ryðgaði í sundur. Argentínugrindin var hins vegar alltaf eins og ný. Þar sem ég hafði myndað náin tilfinningatengsl við grillið kom ekki til greina að kaupa nýtt. Hótanir vina og ættingja um að hætta að koma í mat til mín bitu ekki á mig. Ég endurnýjaði það nauðsynlegasta og man að þegar ég keypti nýja brennara tilkynnti ég afgreiðslumanninum í grillbúðinni hróðugur að ég ætlaði aldrei að eignast annað grill. Hann horfði á mig undrandi. Hafði greinilega aldrei heyrt af sönnum trúnaði manns við grillið sitt.

**UM** daginn gerðist það svo að mér var fært nýtt grill að gjöf. Áður en ég fékk rönd við reist var búið að setja það saman, kveikja upp og setja á það steikur. Þær voru mjög góðar. Ég hef grillað á nýja grillinu kvölds og morgna síðan og tilfinningar mínar til Char Broilsins eru kulnaðar. Nú skil ég raunar ekki hvernig ég hægt er að bindast dauðum hlut svona sterkum böndum.

**SAUTJÁN** ára Volvóinn minn ætla ég samt aldrei að selja. Á milli okkar er nefnilega alveg einstakt samband.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





OPIÐ ALLA
HELGINA
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
VERÐVÖRN
SENDUM FRÍTT
OPIÐ ALLA HELGINA 18-19 ÁGÚST
HP 630 FARTÖLVA
59.900
MacBook
NÝR iPAD
TRANSFORMER
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPIÐ ALLA HELGINA
Í DAG FÖSTUDAG
10:00 - 19:00
Laugardag
11:00 - 18:00
Sunnudag
13:00 - 17:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

# menning

menning@frettabladid.is



**SÁLMAFOSS** Sex klukkutíma samfelld tónlistardagskrá undir yfirskriftinni „Sálmafoss“ verður í Hallgrímskirkju á menningarnótt. Þetta er í sjötta skipti sem Sálmafoss er haldinn og fimmta árið í röð sem hluti af dagskrá menningarnætur. Dagskráin hefst klukkan 15 og stendur til klukkan 21.

Bækur ★★★★☆

**Hugsjór**

Jóhann Hjálmarsson

**JPV**




## Heimurinn mun farast

Jóhann Hjálmarsson hefur lengi verið afkastamikill rithöfundur, blaðamaður og bókmenntagagnrýnandi. Fyrsta ljóðabók hans, Aungull í tímanum, kom út árið 1956 þegar hann var aðeins sautján ára gamall.

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar – en síðasta bók Jóhanns, Vetrarmegn, kom út árið 2003. Sennilega hafa unnendur ljóða Jóhanns Hjálmarssonar beðið nokkuð lengi eftir nýju efni frá sínu skáldi og því hlýtur Hugsjór að kæta margan manninn.

Hugsjór skiptist í þrjá kafla; Hugsjó, Bæheimska morgna og Afórur. Ljóðin eru 57, flest knöpp í formi, stutt og hnitmiðuð. Yrkisefnin eru landslagið hið ytra og innra, skáldskapurinn og líf manneskjunnar. Ljóðmælandi er oft á ferðalagi – enda „lítur skáldið yfir lífsins vegferð“ væri hægt að segja ef maður vildi vera voða tilgerðarlegur. Dauðinn er enn fremur sífellt nálægur, sem hin hliðin á lífsmyntinni. Svartþröstur flýgur á rúðu, svala flýgur á spegil, Jaroslav Hasek er týndur og við verðum öll gleymd skáld.

Hið óumflýjanlega verður Jóhanni oft að yrkisefni. Líkt og í ljóðinu Það eina:

*Það eina sem við getum reitt okkur á*
*er að heimurinn muni farast.*
*Augunum glaðværu frá í gær*
*verður lokað í dag*
*orðin verða þögn*
*eins og jökull sem hopar*
*og kemur ekki aftur.*
*Við getum reitt okkur á það. (45)*

Sum ljóðanna eru ívið myrk og bölsýn, fjalla um hugsjónirnar sem reyndust ekki skila því sem vonir stóðu til:

*Hér brenndi Jan Palach sig lifandi*
*fyrir mannúðlegan sósíalisma*
*sem reyndist ekki til. (51)*

Síðasta ljóðið, Skógganga, er fagurt bæði og napurt í senn, en þar er hjartalæknirinn sem ráðleggur gönguferð í heilsubótarskyni sjálfur Karon, ferjumaðurinn sem að lokum flytur hina dauðu yfir til undirheima.

Og þar sem hinn tékkneski Franz Kafka kemur nokkrum sinnum fyrir í Hugsjó, þá má nefna að hver lesandi má gera þær kröfur til bókmenntaverka að þau hreyfi við honum, poti í hann … „séu öxin á freðið hafið í okkur“, eins og Kafka sagði. Undirritaður lesandi varð ekki fyrir slíkri upplifun við lestur þeirrar bókar sem hér er um rætt. Hitt er annað mál að ljóðin eru unnin af natni og aðdáunarverðri fagmennsku og það ber að lofa.

Lítið er um skarkala eða glymjandi í Hugsjó og lesendum skal ráðið frá því að reyna að ösla yfir bókina á einhverju hundavaði. Nostrað hefur verið alúðlega við hverja einustu ljóðlínu og þótt stundum megi kenna ákveðna þreytu hjá ljóðmælandanum, sem horfir oft vonlítill yfir farinn veg, þá er hreint engin þreyta í skáldskap Jóhanns Hjálmarssonar.

**Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir**

**Niðurstaða:** Vel heppnuð og fagmannlega unnin ljóðabók, þar sem roskið skáld horfir yfir sviðið; veltir fyrir sér lífinu, dauðanum og flestu þar á milli.




TÓNLISTARSKÓLINN Í REYKJAVÍK

**Enn eru laus pláss í öllum greinum**
Inntökupróf verða í næstu viku



**Sellónemendur** og **málmblásarar**
sérstaklega boðnir velkomnir



Söngnemendur athugið
**Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú)** hefur störf hjá okkur í haust og getur bætt við sig nemendum.

Nánari upplýsingar: s: 553 0625 kl. 13-16 alla virka daga, tono@tono.is, www.tono.is



**Í KLING OG BANG** Jóna Hlíf Halldórsdóttir lengst til hægri ásamt Halldóri Úlfarssyni, Söru Riel, Oddnýju Daníelsdóttur, Höllu Björk Kristjánsdóttur, sýningarstjórum afmælissýningarinnar í Kling og Bang. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# SAGAN KLÖPPUÐ Í STEIN

**Myndhöggvarafélagið í Reykjavík á 40 ára afmæli í dag. Auk afmælissýningar og ýmissa uppákoma gefur félagið út bók sem inniheldur yfir hundrað hugmyndir að myndlistarverkum í almannarými.**

Afmælissýning Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík verður opnuð í Kling og Bang galleríi í dag en félagið var formlega stofnað á þessum degi árið 1972. Sýnd verða verk sem hafa þróast beint eða óbeint fyrir tilstilli félagsins í gegnum tíðina. Um leið kemur út bók sem fjallar um sögu félagsins undanfarna fjóra áratugi og inniheldur hugmyndir að verkum í almannarými. Jóna Hlíf Halldórsdóttir er formaður Myndhöggvarafélagsins.

„Við ákváðum fyrir um það bil ári að gefa út bók í tilefni þessara tímamóta,“ segir hún. „Hugmyndin var að bjóða öllum félagsmönnum eina opnu til að setja fram hugmynd að verki í almannarými, annað hvort skissu eða verk sem hefur verið sett upp.“

Myndhöggvarar létu ekki segja sér það tvisvar. Af 160 félagsmönnum tóku 102 þátt í bókinni.

„Þetta er öll flóran, bæði stofnfélagar og fólk sem gekk í félagið í ár,“ segir Jóna Hlíf. „Fyrir vikið er bókin skemmtilegur vitnisburður um þróunina sem hefur átt sér stað. Listamenn af eldri kynslóðinni senda gjarnan inn hugmyndir að skúlptúrum úr járni og steini en þeir yngri vinna meira með þrívídd.“

Í bókinni rekur Æsa Sigurjónsdóttir listfræðingur sögu Myndhöggvarafélagsins og mikilvægi þess fyrir íslenska myndlist, sem Jóna Hlíf segir hafa verið mikið.

„Könnun sem við létum gera leiddi í ljós að um 40 prósent af þeim verkum sem sýnd eru á listasöfnum á Íslandi má rekja til Myndhöggvarafélagsins. Þar gegnir verkstæði félagsins, það eina sinnar tegundar hér á landi, stóru hlutverki og hefur verið sannkallaður suðupunktur listframleiðslu á Íslandi.“

Jóna Hlíf segir markmið sýningarinnar og bókarinnar ekki síður að vekja almenna athygli á hlutverki listar sem hluta af almannarýminu.

„Umhverfið skiptir okkur svo miklu máli en því miður finnst mér ekki ríkja nógu mikill skilningur á því hversu stóru hlutverki listin gegnir í því sambandi. Í borgarskipulagi er það til dæmis yfirleitt síðast á dagskrá hvort það eigi að vera listaverk við tiltekið mannvirki, frekar en að huga að því strax frá upphafi.“

Jóna Hlíf segir aðrir þjóðir á Norðurlöndum, sérstaklega Svía, hafa áttað sig á kostum þess að auka hlut listaverka í almannarýminu.

„Það hefur verið sýnt fram á að fólki líður almennt betur í slíku umhverfi, þetta hefur jákvæð áhrif á túrisma og bara nú í vikunni var verið að ræða í fréttum um að fallegt umhverfi gæti dregið úr tíðni afbrota og skemmdarverka.“

Hún segir margar merkilegar hugmyndir í bókinni og vonast til að sjá sumar þeirra verða að veruleika.

„Það væri óskandi ef Reykjavíkurborg sæi sér fært að kaupa að minnsta kosti eitt verk og setja það upp við til dæmis Tjörnina eða Kringluna – möguleikarnir eru í sjálfu sér óþrjótandi.“

**bergsteinn@frettabladid.is**

### FLEIRI VIÐBURÐUR

Auk sýningarinnar í Kling og Bang og bókaútgáfunnar stendur Myndhöggvarafélagið fyrir fleiri viðburðum í tilefni 40 ára afmælisins:

**18. ÁGÚST** Verkstæði Myndhöggvarafélagsins, Nýlendugötu 14, verður opið á menningarnótt. Þar mun heiðursfélaginn Gísli Kristjánsson sýna myndbandsverk og Andrew Baldwin vinna við að breyta bátnum sínum í bíl.

**8. SEPTEMBER** Minning um myndlist: Sýning í Listasafni ASÍ um útimyndlistarsýningarnar fimm á Skólavörðuholti 1967 til 1972, sem brutu blað í sögu höggmyndalistar á Íslandi og voru jafnfram kímið að stofnun Myndhöggvarafélagsins.

**15. SEPTEMBER** Ljósdraugar: Innsetning eftir Eygló Harðardóttur í Höggmyndagarðinum við Nýlendugötu 17a. Höggmyndagarðurinn er opinbert rými sem sniðið er sérstaklega fyrir þrívíða samtímamyndlist og er nýjung hér á landi.

# Karitas fær lofsamlega dóma

Gagnrýnendur í Noregi fara lofsamlegum orðum um skáldsögu Kristínar Marju Baldursdóttur, Karitas án titils, sem kom út í norskri þýðingu fyrir skömmu.

Gagnrýnandi Verdens gang gefur bókinni fullt hús stiga, sex af sex mögulegum, og segir bókina kröftuga og litríka frásögn af listamanni sem sé uppfullur af löngun, efa, gleði og togstreitu,

Gagnrýnandi Adresseavisen í Þrándheimi tekur í svipaðan streng; hann segir bókina margslungna og sverja sig í ætt við verk á borð við Sölku Völku og Sjálfstætt fólk. Þá segir gagnrýnandi Dagbladet að Karítas án titils búi yfir öllu sem góð saga þurfi að búa yfir.

Karitas án titils kom fyrst út árið 2004. Í henni segir frá Karitas Jónsdóttur, sem fæðist á Íslandi í upphafi 20. aldar en flytur til Kaupmannahafnar til að gerast listamaður. Bókin var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir hönd Íslands árið 2006. Ári síðar kom framhaldsbókin Óreiða á striga út.

Kristín sendi síðast frá sér skáldsöguna Karlsvagninn 2009 en von er á nýrri bók frá henni fyrir jól.



**KRISTÍN MARJA** Sendir frá sér nýja skáldsögu í haust.




# ÁFRAM NÁMSMENN




TILBOÐ Kr. 7.499 Verð áður kr. 9.999

TILBOÐ Kr. 8.999 Verð áður kr. 9.999

TILBOÐ Kr. 5.999 Verð áður kr. 6.899

TILBOÐ Kr. 4.299 Verð áður kr. 4.999

TILBOÐ Kr. 7.999 Verð áður kr. 9.499

TILBOÐ Kr. 4.299 Verð áður kr. 4.999

TILBOÐ Kr. 7.999 Verð áður kr. 9.499

TILBOÐ Kr. 4.299 Verð áður kr. 4.999

## Vildarklúbburinn fyrir námsmenn!

5% afsláttur af ÖLLUM SKÓLA-VÖRUM einnig af tilboðum

Sérstök vildarverð á völdum vörum. Taktu eftir merkinu!




30% AFSLÁTTUR

Verð nú kr. 104,-
Verð áður kr. 149,-

Vildartilboð gildir til og með 17. ágúst.

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

Tilboð gildir til og með 29. ágúst 2012.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 17. ágúst 2012**

**➜ Tónleikar**

**20.00** Söngkonan Jussanam da Silva heldur tónleika með Agnari Má Magnússyni á Hjálmakletti í Borgarnesi.

**➜ Leikrit**

**21.00** Ferðaleikhúsið að Baldursgötu 37 sýnir nýja uppfærslu á Light Nights. Þjóðsögur og margvíslegt íslenskt efni er á dagskrá en leikritið er flutt á ensku. Aðgangseyrir er frá kr. 1.500 til 2.500.

**➜ Tónlist**

**22.00** Hljómsveitin Sykur spilar á Ellefunni. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Ljótu hálfvitarnir halda tónleika



á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 2.500

**22.00** Hljómsveitirnar Tilbury og Moses Hightower spila á Græna hattinum Akureyri. Miðaverð er kr. 2.200.

**23.00** Ingvar Valgeirsson skemmtir á Ob-La-Di-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.








**SAMSTARF 5** Þetta er í fimmta sinn sem listamennirnir átta frá München sýna saman en þeir nota að mestu efnivið sem þeir verða sér úti um á hverjum sýningarstað fyrir sig. MYND/ÞÓRODDUR BJARNASON

# ÞJÓÐVERJAR Í VÍKING

Myndlist ★★★★☆

**Collaboration 5/Samstarf 5**

Samsýning átta listamanna

**Salur Myndlistarfélagsins/Gallerí BOX og Verksmiðjan Hjalteyri**



Átta listamenn frá München í Þýskalandi hafa lagt tvö mjög ólík sýningarrými í nágrannabæjunum Akureyri og Hjalteyri undir sýninguna Collaboration 5 eða Samstarf 5. Annars vegar er það salur Myndlistarfélagsins í Listagilinu á Akureyri, öðru nafni Gallerí BOX, og hins vegar Verksmiðjan á Hjalteyri, en eins og nafnið gefur til kynna er sá sýningarstaður staðsettur í gamalli en tignarlegri og „vel lyktandi“ síldarverksmiðju sem reist var á fyrri hluta síðustu aldar af Thor Jensen, en er löngu hætt starfsemi sem slík.

Sýningarstjórn sér Hlynur Hallsson um ásamt þremur af listamönnunum átta, þeim Beate Engl, Thomas Thiede og Alexander Steig. Hinir listamennirnir fimm eru Leonie Felle, Sandra Filic, Anton Bosnjak, Elias Hassos og Maximilian Geuter.

Sýningin er þannig til komin að hópurinn, undir stjórn Thomasar Thiede, ákvað árið 2008 að fara í víking og kynna listamenn frá München á alþjóðlegum vettvangi. Eins og nafn sýningarinnar ber með sér er þetta fimmta sýning hópsins. Í texta á heimasíðu hópsins er verkefnið útskýrt nánar; í fyrsta lagi sé þetta eins og þegar rokkhljómsveit fer í tónleikaferð, og í öðru lagi hitti hópurinn aðra hópa í mismunandi löndum, vinni með þeim að sýningu og byggi upp og noti tengslanet sitt til áframhaldandi sýningarhalds.

Listamennirnir nota að mestu efnivið sem þeir útvega sér á þeim stað sem þeir sýna á, því dýrt er að flytja listaverk og efni á milli landa, nema þá helst DVD og ljósmyndir.

Í BOXI er athyglisvert að sjá þýskan listamann, Beate Engl, verða á undan Íslendingum að gera ásláttarverk um búsáhaldabyltinguna, með því einfaldlega að hengja upp potta og pönnur í ramma. Allir geta þarna gerst byltingarmenn, með tilheyrandi hávaða. Alexander Steig á fallegt verk, Eyjafjörð, í Verksmiðjunni og notar sér beina útsendingu. Hann er með vídeóvél úti í glugga sem beint er út á Eyjafjörðinn, og myndin kemur svo í sjónvarpsskjá þar fyrir aftan. Á gluggann hefur hann límt litla teikningu af eyju með einhvers konar kjarnorkuversstrompi að því er virðist, og þannig skáldar hann inn í rauntímann með skemmtilegum hætti. Það er mikil friðsæld í vídeóinu en samt undirliggjandi spenna.

Sandra Filic hefur hljóðritað vínilplötubrak á vínil, og spilar plötuna á sýningunni! Verkið heitir Loop eða Hringrás. Skemmtilegt.

Thomas Thiede nýtir sér húðflúr í verkum sínum og býður Akureyringum upp á ókeypis flúrun á Húðflúrstofu Norðurlands. Sá böggull fylgir skammrifi að einungis má velja úr ofur hversdagslegum tattúmyndum Thiedes, svo sem mynd af handfræsara, manni að koma upp úr ræsi og skíðaskó. Tveir sýningargestir höfðu þó þegar pantað slík myndlistarflúr á opnunardegi sýningarinnar.

Anton Bosnjak er með einfalt og þrælpólitískt vídeó í Verksmiðjunni. Eldspýtustokkum, sem heita Europe, er raðað upp í röð og ein eldspýta stendur út úr hverjum þeirra, þannig að þegar kveikt er í fyrsta stokknum fylgir sá næsti á eftir og svo koll af kolli. Evrópa brennur, land fyrir land, enda er allt á suðupunkti um þessar myndir í hagkerfi Evrópu.

Elias Hassos hefur búið til gott rýmisverk með fjöldanum öllum af bréfbátum og raðað á gólfið í verkinu Landnáma og Leonie Felle sýnir fallegt vídeó á gólfinu í þröngu miðrými verksmiðjunnar, sem heitir It´s sink or swim, af manneskju að svamla í vatni.

Vídeóverk Söndru Filic, Models of Reality V, líður fyrir of mikla umhverfisbirtu, en það sem mér tókst að greina var áhugavert. Fólk í hversdagslegum athöfnum og þulur talar yfir.

**Þóroddur Bjarnason**

**Niðurstaða:** Styrkur sýningarinnar liggur í samtímis notkun tveggja mjög ólíkra sýningarrýma og góðu hlutfalli af áhugaverðum verkum, þar sem hversdagsleg viðfangsefni eru sett fram á látlausan hátt.

# Jimi Tenor í Norræna húsinu

Finnski tónlistarmaðurinn Jimi Tenor stendur fyrir tveimur mismunandi viðburðum í Norræna húsinu um helgina.

Tenor heldur tónleika í Norræna húsinu í kvöld en hann er meðal þekktustu tónlistarmanna Finna og frægur fyrir óhefðbundna og litríka tónleika. Skemmst er að minnast þátttöku hans í sjónvarpsþættinum Hljómskálanum sem tekinn var upp í Eldborgarsalnum í tilefni af Listahátíð í Reykjavík þar sem Tenor vakti nokkra lukku. Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 21.

Finnannum er þó fleira til lista lagt en tónlist og kvað einnig vera liðtækur ljósmyndari. Á laugardag opnar ljósmyndasýningin Autobahn í kjallara Norræna hússins. Á sýningunni eru myndir sem Tenor hefur tekið um heiminn af dýrahræjum sem hafa orðið fyrir bílum og er útkoman einna líkust abstrakt-málverkum. Tenor lóðsar gesti um sýninguna klukkan 15 og aftur klukkan 16 á laugardag en hún stendur til 27. ágúst.



**JIMI TENOR** Heldur tónleika í kvöld og ljósmyndasýningu á morgun.



# frábært verð á DELL skólatölvum

## Nú er Dell komið í Hátækni!

Nú hefur Hátækni hafið sölu á hágæðatölvunum frá Dell. Byrjaðu í Hátækni, veldu tölvu sem hentar markmiðum þínum og taktu Dell með þér út í lífið.

**Þú ræður ferðinni með Dell.**

**VAXTALAUST LÁN***
**15.865 kr. á mán.**
í 12 mánuði

### Dell Inspiron 15R (5520) 15“

Gríðarlega öflug og áreiðanleg 15,6" HD WLED fartölva. Búinn Ivy Bridge tækni. Nýjasta kynslóð fjögurra kjarna örgjörva, Intel i7-3612QM 3GEN, ásamt sjálfstæðu 1GB skjákorti. 8GB í vinnsluminni, 1TB harður diskur og frábært hljóðkerfi.

**179.995 kr.**

**VAXTALAUST LÁN***
**11.552 kr. á mán.**
í 12 mánuði

### Dell Inspiron 15 (N5050) 15“

Áreiðanleg og góð fartölva í skólann eða á heimilið. Búin 2,4GHz Intel i3 örgjörva, 4GB í vinnsluminni og 500GB hörðum disk. 15,6" HD WLED skjár og innbyggður minniskortalesari.

**129.995 kr.**

**VAXTALAUST LÁN***
**15.865 kr. á mán.**
í 12 mánuði

### Dell Inspiron 14z Ultrabook 14“

Nett og létt 14" HD WLED Ultrabook með geisladrifi. Öflugur Intel i3 örgjövi, 4GB í vinnsluminni og 128GB SSD geymslumiðli sem hentar vel fyrir þá sem eru mikið á ferðinni. Búin MaxxAudio3 hljóðkerfi, frábærri rafhlöðuendingu og vegur 1,87kg.

**179.995 kr.**

**3 ára ábyrgð**

**Fylgir öllum Dell-tölvum**
Hjá Hátækni eru allar Dell fartölvur afhentar með uppsettu stýrikerfi, virkri Trend Micro Titanium vírusvörn og 10GB gagnageymslu á netinu. Virðisauki að andvirði 12.995 kr.

TREND MICRO

* Verð innifelur lántökugjald og greiðslugjald.

advania
Welcome to IT

Advania valdi traustan og öflugan söluaðila fyrir Dell-tölvur. Hátækni selur Dell.

## Facebook-leikur Hátækni

*Hvert er þitt markmið?*

*Veldu Dell tölvu sem hjálpar þér að ná markmiðinu.*

## VINNINGUR

Dell Inspiron 14z 5423
**að verðmæti**
**179.995**

**Hátækni**

Ármúla 26 • 522 3000 • www.hataekni.is
Opið: Virka daga 9.30–18



7 **VATNSGLÖS** á dag hefur minnkandi áhrif á höfuðverk og mígreni heldur rannsóknarteymi við háskólann í Maastricht í Hollandi fram, en höfuðverkur er ein helsta vísbending um að líkamann vanti vökva.



**FACEBOOK** Vefsíðan hefur verið gagnrýnd fyrir hugbúnaðinn Photo Tag Suggest.

# Facebook undir smásjánni

**TÆKNI** Þýsk stofnun sem fylgist með því að friðhelgi einkalífsins sé ekki brotin á netinu er með Facebook undir smásjánni. Vefsíðan hefur notað hugbúnaðinn Photo Tag Suggest til að safna upplýsingum um andlit notenda sinna til að geta komið með uppástungur um að merkja fólk á myndum.

Johannes Caspar, sem starfar hjá stofnuninni, segir í samtali við vef BBC að upplýsingarnar hafi verið notaðar án leyfis notenda Facebook. Forsvarsmenn síðunnar segjast á hinn bóginn hafa farið eftir lögum Evrópusambandsins um netið og friðhelgi einkalífsins.

Sams konar stofnun og hin þýska á Írlandi hefur einnig gert athugasemdir við merkingarnar á Facebook. Hún komst að þeirri niðurstöðu að Facebook verði að standa sig betur í að upplýsa notendur sína um Photo Tag Suggest. „Frá og með 1. júlí 2012 hefur Facebook hætt að nota hugbúnaðinn hjá öllum nýjum notendum síðunnar í Evrópu. Á sama tíma höldum við áfram viðræðum um noktun búnaðarins við yfirvöld,“ sagði í yfirlýsingu frá Facebook um þetta deilumál.



# Eftirhermur verða fleiri

**TÍSKA** Hönnuðir og tískuhús glíma í auknum mæli við að hönnun þeirra sé stolið og ódýrar eftirlíkingar seldar í verslunum. Frægt er orðið þegar sumarlína verslunarinnar Zöru kom út og þótti hún ískyggilega lík vor- og sumarlínu Prada.

„Eftirhermur væru í lagi ef upprunalegi hönnuðurinn fengi hlut af ágóðanum. Það væri það siðferðislega rétta í stöðunni,“ sagði Shirley Cook, forstjóri Proenza Schouler, um málið.

**LÍNAN FRÆGA** Sumarlína Prada varð innblástur fyrir sumarlínu Zöru í fyrra.

Ótrúleg kjör!
Stökktu til
Costa del Sol
21. ágúst
Frá aðeins kr. 69.900 í 7 nætur
7 nátta ferð - ótrúleg kjör!
Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á allra síðustu sætunum 21. ágúst í 7 nætur til eins allra vinsælasta sólaráfangastaðar Íslendinga, Costa del Sol.. Þú bókar flugsæti og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Fjölbreytt önnur sértilboð jafnframt í boði. **Ath. takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði - verð getur hækkað án fyrirvara.**
Kr. 69.900 - 7 nátta ferð
Verð m.v. 2 - 4 í herbergi / stúdíó / íbúð. Sértilboð 21. ágúst.
Roc Flamingo
Frá kr. 79.900 í 7 nætur með allt innifalið
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi.
Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 99.800 á mann. 28. ágúst í viku.
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

# Smyrjið geirvörturnar vel

**Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka fer fram á morgun í 29. sinn. Alls hafa 10.387 þátttakendur þegar skráð sig til leiks og þátttökumet hefur verið slegið í mörgum vegalengdum. Ólympíufarinn Kári Steinn Karlsson kemur hér með tíu hollráð fyrir þá sem stefna á þátttöku.**



**RÁÐLEGGINGAR ÓLYMPÍUFARA** Kári Steinn segir algeng mistök að fólk fjárfesti í flottum skóm rétt fyrir hlaup og keppi í tiltölulega ónotuðum skóm. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

1. **Borðið létta máltíð tímanlega.** Kolvetnarík og létt máltíð er klárlega málið fyrir hlaup. Almennt er ekki sniðugt að borða innan við tveimur tímum fyrir hlaup og sérstaklega ekki þunga máltíð eins og kjötmeti eða mikið af mjólkurvörum.

2. **Prófið skófatnaðinn**. Það eru algeng mistök að fjárfesta í flottum skóm rétt fyrir hlaup og keppa í tiltölulega ónotuðum skóm. Hlaupið nokkrum sinnum í skónum fyrir keppni og verið viss um að þeir henti ykkur vel og meiði ykkur ekki.

3. **Hitið vel upp.** Það kemur bæði í veg fyrir meiðsli og bætir árangur í hlaupinu. Eins getur verið gott að skokka sig niður eftir hlaupið til að hjálpa líkamanum að vinna fyrr úr þreytunni.

4. **Klæðið ykkur eftir veðri.** Það er mikilvægt að verða ekki of kalt og hlaupa með kalda og stífa vöðva.

5. **Smyrjið staði sem gætu nuddast.** Í lengri hlaupum myndast núningur í langan tíma á ýmsum stöðum. Það er hægt að koma í veg fyrir mikil óþægindi með því að smyrja þessa staði með vaselíni eða álíka efnum. Hugið að stöðum eins og innanverðum lærum, undir handarkrikanum og strákar, passið að smyrja geirvörturnar, sérstaklega ef kalt er í veðri.

6. **Drekkið nóg af vökva.** Þeir sem eru að hlaupa maraþon þurfa að drekka vel allt hlaupið, ekki bara þegar þeir eru orðnir þyrstir. Ekki gleyma að drekka vel eftir hlaupið líka.

7. **Hlaupið af stað á skynsömum hraða**. Það er auðvelt að æsast upp í hamaganginum og fara alltof hratt af stað en það er ekki gaman að vera eins og sprungin blaðra allt hlaupið. Það er nægur tími til að taka vel á því þegar líður á hlaupið.

8. **Mætið tímanlega á staðinn.** Ekki eyða orku í óþarfa stress fyrir hlaup. Upphitun, klósettferðir og fleira tekur allt sinn tíma svo mætið tímanlega á staðinn og takið því rólega.

9. **Takið vel á því.** Það tapar enginn á því, árangurinn verður betri og vellíðan eftir hlaup enn meiri. Gleymið samt ekki að hlusta á líkamann, það er í lagi að sýna hörku í gegnum þreytu en ekki harka af ykkur í gegnum meiðsli eða mikla og óeðlilega verki.

10. **Njótið og skemmtið ykkur vel.** Njótið þess að geta hlaupið og það í fallegu umhverfi í stórum hópi af frábæru fólki. Góða skemmtun og gangi ykkur vel.

tinnaros@frettabladid.is

# Kynt undir ástareldinum

? Sæl og takk fyrir þína frábæru pistla í Fréttablaðinu. Ég er í svolítið skrítinni aðstöðu og langaði að leita ráða hjá þér. Ég er búin að vera í sambúð í tólf ár og það gengur vel fyrir utan eitt atriði; mér finnst maðurinn minn sætur, skemmtilegur og flottur og hef lítinn áhuga á öðrum mönnum, en mér finnst hann ekki lengur „sexí“ og finn ekki fyrir löngun til að sofa hjá honum. Hann vinnur mikið og hreyfir sig lítið og það er líklega ástæðan. Hvað ráðleggur þú mér í þessari aðstöðu?



**KYNLÍF** Ég vil byrja á því að þakka þér fyrir hólið. Það er engin lygi að sambönd eru stöðug vinna en þó það sé vinna þarf hún ekki að vera leiðinleg. Það eru margir þættir sem hafa áhrif á hamingju innan sambands og á kynlífið. Ég ætla að fá að draga þá ályktun að ef maðurinn vinnur mikið þá hafi hann minni tíma til að sinna sér og sambandinu. Samkvæmt rannsóknum hafa gæði sambands mikil áhrif á kynlöngun kvenna svo ef hann gefur sér ekki tíma til að sinna sambandinu þá er ekki ósennilegt að þú sért ekki í stuði. Það þarf að nostra við rómantíkina svo erótíkin geti dafnað. Þú minnist samt ekki á það hvort hann langi til að sofa hjá þér? Stundum festast sambönd í því að annar aðili eigi alltaf frumkvæði að kynlífi og þegar viðkomandi hættir því þá gerist ekki neitt.

Ég velti því einnig fyrir mér hvort hann hafi bætt á sig og er líkamlega og andlega útkeyrður eftir mikla vinnu. Líkamsímynd getur haft áhrif á kynlöngun beggja og því er spurning hvort hann þurfi að minnka við sig vinnu til þess að geta fengið útrás fyrir uppsafnaðri streitu og sinnt sér, og þér, betur.

Kynlöngun og aðlöðun geta verið eins og rússíbani sem fer upp og niður og stundum ertu í stuði og stundum ekki. Oftar en ekki spila margvíslegir þættir inn í, líkt og þreyta, streita, tími og ánægja innan sambands. Við getum ekki breytt öðru fólki en við getum breytt okkur sjálfum. Þú ættir því kannski að spyrja sjálfa þig að því hvort þér finnist þú vera sexí og hvort þig langi til að stunda kynlíf. Prófaðu að brjóta upp hversdaginn og fara á stefnumót með makanum, helst í nýju umhverfi, og athugaðu hvort þið getið talað saman og kynt undir ástareldinum.

**KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!**



Sendu **Siggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is


TOWER
borgari
KFC
PIPAR \ TBWA • SÍA • 122148
nýbakað
hamborgarabrauð
létt majónes
og tómatsósa
ferskt iceberg salat
ostur
kartöfluskífa
mjúk
kjúklingabringa
749
kr.
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS

popp@frettabladid.is



**69 ÁR** fyllir leikarinn Robert De Niro í dag. De Niro fagnar eflaust með konu sinni og sex börnum.

# Biblía Presley boðin upp

Biblía sem var í eigu rokkkóngsins Elvis Presley verður boðin upp í Manchester í næsta mánuði. Talið er að hún fari á hátt í fjórar milljónir króna. Presley fékk hana að gjöf frá frænda sínum Vester og frænku sinni Clettes þegar hann hélt jólin hátíðleg í fyrsta sinn á heimili sínu, Graceland, árið 1957. Um eitt hundrað hlutir úr eigu Presley verða boðnir upp. Nú eru 35 ár liðin síðan kóngurinn lést, 42 ára að aldri.



**ROKKKÓNGUR** 35 ár eru liðin síðan Elvis Presley lést.


MIKIÐ ÚRVAL BRÚÐARGJAFA



Sérstök brúðkaupsgjöf

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.






Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir.

Gildir um KitchenAid hrærivélar.

KitchenAid FOR THE WAY IT´S MADE

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is




**ÁÐUR FYRR** Draumapar Hollywood giftist 29. júlí 2000 en skildi í byrjun árs 2005.



**GAMAN** Vince Vaughn átti hug Aniston í ár frá nóvember 2005. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



**ÁSTFANGIN** Margir héldu að John Mayer væri sá eini rétti en ástin logaði í ár til mars 2009.




**EKKERT STAÐFEST** Innilegar myndir náðust af þeim Gerard Butler en ekkert fékkst staðfest.



**TRÚLOFUÐ** Jennifer Aniston hefur loksins hitt draumamanninn eftir mörg misheppnuð sambönd frá árinu 2005. Það er leikarinn og handritshöfundurinn Justin Theroux sem fór niður á skeljarnar fyrir viku.

# Aniston og leitin að ástinni

**Jennifer Aniston trúlofaðist á föstudaginn mörgum til mikillar hamingju, en hún á að baki mörg misheppnuð ástarsambönd eftir skilnað sinn við Brad Pitt.**

Eftir skilnað draumapars Hollywood í janúar 2005 hefur Jennifer Aniston leitað í margan karlmannsfaðminn. Aðdáendur gamanleikkonunnar glöddust því þegar kærasti hennar Justin Theroux fór niður á skeljarnar á afmælisdegi sínum á föstudaginn. Bónorðið var borið upp á tökustað nýjustu myndar Aniston, We‘re the Millers. Á sama tíma spá fjölmiðlar vestra að Brad Pitt muni ganga að eiga Angelinu Jolie um helgina í húsi þeirra í Suður-Frakklandi, en framhjáhald Brads með Angelinu eyðilagði hjónaband þeirra Aniston.

Nýi unnustinn er 41 árs leikari og handritshöfundur. Þau eru sögð hafa fallið hvort fyrir öðru við tökur á Wanderlust í maí 2011 en Aniston sagði það einungis orðróm. Ástin virðist þó hafa kviknað því þau komu opinberlega fram sem par 6. júní í eftirpartíi kvikmyndaverðlauna MTV. Þetta er fyrsta hjónaband hans en áður var hann með stílistanum Heidi Biven til fjórtán ára.

Strax eftir skilnað Aniston og Pitt hóf slúðurpressan að segja frá stuttum kynnum hennar við ýmsar þekktar stjörnur. Fyrsta mislukkaða sambandið var við mótleikarann Vince Vaughn sem hófst við tökur á The Break Up og varði í fimmtán mánuði á meðan blekið þornaði á skilnaðarpappírunum. Þaðan sigldi hún á ný mið og hitti bresku fyrirsætuna Paul Sculfor í nokkra mánuði árið 2007. Skömmu síðar bættist Owen Wilson í hópinn sem mótleikari og kærasti við tökur á Marley & Me en loginn slokknaði að tökum loknum. Í mars 2008 hófst samband hennar við söngvarann John Mayer sem varði í ár og er mörgum minnisstætt. Í ágúst 2009 fór af stað orðrómur um hana og mótleikarann Gerard Butler úr The Bounty Hunter. Af þeim náðust mjög innilegar myndir en þau vildu ekkert staðfesta. Mánuði síðar var hún skriðin í faðm Aarons Eckhart í kjölfar myndarinnar Love Happens. Nú virðist löng leit Aniston að ástinni á enda og eru þau Theroux á leið í hnapphelduna eftir rúmlega árs samband.

# Betri en flest

Bíó ★★★★☆

**To Rome with Love**

Leikstjórn: Woody Allen

**Leikarar:** Alec Baldwin, Roberto Benigni, Jesse Eisenberg, Woody Allen, Ellen Page, Alessandra Mastronardi, Penélope Cruz, Judy Davis, Fabio Armiliato, Greta Gerwig, Alison Pill, Flavio Parenti



**VEL GERT** Nýjasta mynd Woody Allen To Rome with Love er skemmtilegur hræringur.

Kvikmyndir leikstjórans Woodys Allen eru orðnar fleiri en 40 talsins og á hverju ári bætir hann að minnsta kosti einni í bunkann. Mynd hans frá því í fyrra, Midnight in Paris, þykir ein hans allra besta í seinni tíð og skilaði hún meiru í kassann en nokkur önnur mynd leikstjórans frá upphafi. Það voru því töluverðar líkur á að sú næsta á eftir myndi ekki standa undir væntingum.

Og nú er hún komin, To Rome with Love, og tvinnar saman fjórum aðskildum sögum sem eiga það eitt sameiginlegt að sögusvið þeirra er Rómaborg. Við fylgjumst með ástarævintýrum og framhjáhöldum, útfararstjórum og portkonum, miðaldra arkitekt sem gerist sérstakur ráðunautur yngri útgáfu af sjálfum sér í kvennamálum og óperusöngvara sem getur ekki sungið utan sturtunnar. Að ógleymdri skrifstofublókinni Leopoldo sem dag einn verður frægur fyrir nákvæmlega ekki neitt.

Það telst vart til tíðinda þegar Woody setur saman öflugan leikhóp. Hér er allt eins og það á að vera og best eru þau Eisenberg, Mastronardi og tenórinn Fabio Armilato. Stíllinn er skemmtilega losaralegur og minnir til skiptis á fyrstu verk leikstjórans og það sem hann hefur aðhafst í ellinni.

Sögurnar eru misgóðar og á stöku stað er brandaralopinn teygður helst til mikið. En miðlungsgóður Allen er þrátt fyrir allt betri en flest það sem ratar í bíóhúsin frá Bandaríkjunum, og sé To Rome with Love borin saman við eitthvað annað en fyrri verk leikstjórans er styrkur hennar augljós.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Fágunin og fáránleikinn ganga í eina sæng og úr verður skemmtilegur hræringur sem ætti að höfða til flestra aðdáenda leikstjórans.




## Skráningarhátíð í Laugardalshöll í dag

Latabæjarhlaupið er ætlað börnum 8 ára og yngri. Í dag er skráningarhátíð í Laugardalshöll kl. 10.00-19.00 þar sem hægt er að skrá börn til þátttöku og sækja um leið boli og hlaupagögn.

**Að loknu hlaupi verður skemmtidagskrá á sviði við suðurenda Hljómskálagarðs.**

**Við bjóðum góða þjónustu**

REYKJAVÍKURMARAÞON ÍSLANDSBANKA

Íslandsbanki










# Dolly jafnast á við Jolene

**Dóra Takefusa sneri heim frá Kaupmannahöfn fyrir ári og opnar í kvöld barinn Dolly en fyrir rekur hún danska staðinn Jolene.**


**OPNAR Í KVÖLD** Dóra Takefusa opnar barinn Dolly í Hafnarstræti 4 í kvöld en fyrir rekur hún Jolene í Kaupmannahöfn. Með henni fyrir utan staðinn er Óli Hjörtur sem hún kallar yfirleitt Óla allstaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég er bara að deyja. Manni er haldið í ákveðinni spennitreyju þegar beðið er eftir leyfinu og þegar það dettur inn þá renna gleðitár niður kinnarnar," segir Dóra Takefusa. Hún opnar barinn Dolly í Hafnarstræti 4 klukkan níu í kvöld með sólarhrings fyrirvara en vínveitinga- og skemmtanaleyfið fékkst í gær.

Dóra hefur rekið skemmtistaðinn Jolene í Danmörku í fimm ár en flutti til Íslands síðasta sumar. „Það var þó ekki stefnan að koma heim og opna Jolene á Íslandi en svona æxluðust hlutirnir," segir hún. Staðurinn er byggður á sömu hugmynd og Jolene en er ekki nákvæm eftirmynd. „Þær eru ólíkar vinkonurnar þó þær séu báðar óaðfinnanlegar og keppast um sama manninn," segir hún og á við söngkonuna brjóstgóðu Dolly Parton og hina fögru Jolene sem er mörgum kunn úr laginu sem Dolly gerði ódauðlegt.

Óli Hjörtur Ólafsson stendur með Dóru að opnun staðarins. „Hann hefur unnið í barbransanum frá lögaldri og ég kalla hann yfirleitt Óla allstaðar því það er ekki manneskja á götunni sem hann þekkir ekki. Svo er hann yndislegur og ég legg upp með vinalegt andrúmsloft á stöðunum mínum," segir hún en fas hans er í takt við einkunnarorð Dóru; vinsemd og gleði.

Tónlist og andrúmsloft barsins verður í takt við Jolene og segir hún að hústónlist muni hljóma alla jafna og byrji það á opnuninni í kvöld. „Vonandi mun ég bjóða upp á rosalega heita danska plötusnúða í framtíðinni."

Dóru líður vel með að vera komin heim þó hún skreppi út að meðaltali fjóra daga í mánuði til að stýra Jolene. „Kaupmannahöfn er ekki stór borg en þar er mikið umhverfisáreiti. Þegar við fjölskyldan komum aftur heim leið okkur eins og við hefðum flutt beint í sumarbústað. Samt bý ég í miðbænum þar sem hjartað slær."

**hallfridur@frettabladid.is**


**LÍTUR ILLA ÚT** Macaulay Culkin lítur að mati aðdáenda sinna og fjölskyldu mjög illa út og er faðir hans viss um að sonurinn sé alvarlega veikur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hræddur um soninn

Faðir leikarans Macaulays Culkin er viss um að sonur sinn sé alvarlega veikur. Feðgarnir hafa ekki talað saman í fimmtán ár en þegar Kit Culkin sá nýlegar myndir af syni sínum í fjölmiðlum brá honum mikið. „Þegar ég sá myndirnar hugsaði ég strax að það væri ekki allt í góðu. Annaðhvort er hann alvarlega veikur af sjúkdómi eða hann er djúpt sokkinn í eiturlyfjanotkun," segir faðirinn í samtali við The Sun.

Það slitnaði upp úr sambandi feðganna í kjölfar Home Alone-myndanna sem skutu leikaranum unga upp á stjörnuhimininn en þá reyndi Kit Culkin að stjórna fjármálum sonarins.

Sögusagnir um eiturlyfjanotkun hafa lengi loðað við barnastjörnuna og þegar nýlegar myndir birtust af Culkin var hann óvenju fölur og mjór. Talsmaður kappans hefur hins vegar neitað fyrir að leikarinn eigi við vandamál að stríða.

# Fjórar nýjar stafrænar

Stafræna útgáfan Ching Ching Bling Bling hefur gefið út fjórar plötur sem fást allar ókeypis til niðurhals á heimasíðu fyrirtækisins.

Kiss the Coyote er nýtt órafmagnað þjóðlagapoppsband sem hefur gefið út samnefnda plötu, Orrustubjarki er afsprengi Bjarka Magnússonar og nefnist plata hans New Clear Beginning og Rafsteinn er hugarfóstur Hafsteins Michaels Guðmundssonar og heitir fimm laga plata hans Rebirth. Loks hefur Grétar Magnús Grétarsson, eða Tarnús Jr., gefið út lagið Pussycat sem hann syngur með Heiðu úr Hellvar.


**ORRUSTUBJARKI** Plata Orrustubjarka nefnist New Clear Beginning. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






skólaritföng
skólaföt
skólatöskur
...og auðvitað nestið í skólann

# Allt í skólann í einni ferð



Maybe bolur st. 128-176
**2.299**

Jeff bolur st. 128-176
**2.299**

Bolur st. 7/8-15/16
**2.999**

Jeff bolur st. 128-176
**1.999**

Úrval af sundtöskum



Southwest Bound Taska
**3.899**



JEVA

Skólatöskurnar
**ÓDÝRASTAR Í HAGKAUP**
samkvæmt DV 15. ágúst



Gormabók
**299**





Blýantar
**199**



Reiknivél
**299**






Pennaveski í úrvali



**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Eiðistorg & Akureyri
24 Hagkaup

Gildir til 19. ágúst.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# sport

sport@frettabladid.is



**ALFREÐ FINNBOGASON** skrifaði í gær undir þriggja ára samning við hollenska úrvalsdeildarfélagið Heerenveen sem hollenska goðsögnin Marco van Basten þjálfar. Flest benti til þess í upphafi vikunnar að Alfreð væri á leið til sænska félagsins Helsingborg en samningar tókust ekki á milli sænska liðsins og Lokeren. Heerenveen var aftur á móti til í að greiða uppsett verð fyrir Alfreð sem fór utan í morgun og gekk frá sínum málum um kvöldið.

# MARK Á 48 MÍNÚTNA FRESTI

**Kolbeinn Sigþórsson er nálægt því að jafna met Péturs Péturssonar sem skoraði í fimm landsleikjum í röð. Kolbeinn er búinn að skora fjögur mörk í fyrstu þremur leikjum sínum undir stjórn Lars Lagerbäck.**

**FÓTBOLTI** Kolbeinn Sigþórsson var enn á ný á skotskónum með íslenska landsliðinu á Laugardalsvellinum á miðvikudagskvöldið. Þessi 22 ára strákur er búinn að skora 8 mörk í fyrstu 11 landsleikjum sínum og miðað við afgreiðslur hans í síðustu landsleikjum þá er von á miklu fleiri mörkum á næstu árum. Það eru liðin sextíu ár síðan framherji byrjaði landsliðsferil sinn með jafnmiklum látum og sá hinn sami, goðsögnin Ríkharður Jónsson, átti markamet landsliðsins í 59 ár.

Kolbeinn finnur sig greinilega afar vel í leikkerfi Lars Lagerbäck sem veðjaði strax á hann sem aðalframherja íslenska landsliðsins. Mörkin hans tvö á móti Færeyjum voru augnakonfekt; blanda af útsjónarsemi og heimsklassa afgreiðslu.

### Frábærir hæfileikar í teignum

„Kolbeinn er búinn að skora fjögur mörk í fjórum hálfleikjum og hann hefur frábæra hæfileika í vítateignum. Hann gerði frábærlega í fyrra markinu og seinna markið kom eftir góða fyrirgjöf. Hann er frábær," sagði Lars Lagerbäck um Kolbein eftir Færeyjaleikinn.

Það er full ástæða fyrir landsliðsþjálfarann að hrósa framherjanum sínum sem hefur skorað fjögur mörk á aðeins 193 mínútum síðan Svíinn tók við eða mark á 48 mínútna fresti.

**193**
Kolbeinn hefur skorað fjögur mörk á 193 mínútum undir stjórn Lagerbäck.

Kolbeinn lenti í erfiðum meiðslum á síðasta tímabili og auk þess að missa af stærstum hluta tímabilsins með Ajax þá var hann ekki með í tveimur fyrstu leikjunum undir stjórn Lars Lagerbäck.

### Setti hann strax í byrjunarliðið

Kolbeinn skoraði sigurmarkið á móti Kýpur á Laugardalsvellinum 6. september í fyrra en vegna meiðslanna liðu átta mánuðir þar til hann klæddist landsliðstreyjunni á ný. Kolbeinn var í byrjunarliði Lagerbäck á móti Frökkum 27. maí síðastliðinn og var búinn að skora eftir aðeins 34 mínútur. Lagerbäck vildi passa upp á hann og skipti honum út af í hálfleik til að spara hann fyrir Svíaleikinn þremur dögum síðar.

Kolbeinn mætti ferskur til leiks í Svíaleikinn og skoraði laglegt skallamark á 26. mínútu. Hann fékk 58 mínútur að þessu sinni og þurfti að bíða þar til í fyrrakvöld til þess að klára heilan leik undir stjórn Lars Lagerbäck. Það skilaði sér, því seinna mark Kolbeins kom á lokamínútu Færeyja-leiksins.

Kolbeinn hefur nú skorað í fjórum landsleikjum í röð og er farinn að ógna meti sem var sett aðeins 25 dögum eftir að Kolbeinn kom í heiminn snemma árs 1990. Pétur Pétursson á metið yfir mörk í flestum landsleikjum í röð en Pétur skoraði í fimm leikjum sínum í röð á árunum 1987 til 1990.

### Afdrifarík brúkaupsferð

Pétur skoraði í 2-1 sigri á Norðmönnum í september 1987 en ósætti við landsliðsþjálfarann Sigfried Held urðu til þess að hann spilaði ekki oftar fyrir Þjóðverjann. Pétur gaf ekki kost á sér í síðustu leikjum ársins 1987 vegna brúðkaupsferðar en Held var ósáttur og setti hann í bann.

Næsti landsleikur Péturs var því ekki fyrr en tveimur árum seinna þegar Guðni Kjartansson tók tímabundið við liðinu fyrir leik á móti Tyrkjum. Guðni setti Pétur beint inn í byrjunarliðið og Pétur svaraði kallinu með því að skora tvö mörk í frábærum 2-1 sigri.

Pétur var áfram sjóðheitur í fyrstu leikjum liðsins undir stjórn Svíans Bo Johansson og skoraði í þremur fyrstu leikjum ársins 1990. Pétur var því búinn að skora í fimm landsleikjum í röð á þrjátíu mánuðum en tókst ekki að skora í leik á móti Albaníu í lok maí 1990.

Eiður Smári Guðjohnsen er markahæsti landsliðsmaðurinn frá upphafi og hefur enn sextán mörk í forskot á Kolbein.

Eiður Smári þarf þó líklega að bæta við mörkum á lokaspretti síns landsliðsferils ætli hann ekki að missa markametið til Kolbeins þegar fram líða stundir. Til að byrja með verður spennandi að sjá hvort Kolbeini takist að jafna met Péturs þegar Norðmenn koma í heimsókn.

ooj@frettabladid.is



**FRÁBÆR FRAMHERJI** Kolbeinn Sigþórsson átti flottan leik á móti Færeyjum og sýndi styrk sinn í teignum með því að skora tvö flott mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### 40 mínútum á undan Ríkharði í 8 mörk

Kolbeinn Sigþórsson er sá fljótasti í sögunni til þess að skora sitt áttunda mark fyrir íslenska A-landsliðið. Þegar skot Kolbeins þandi marknetið á lokamínútunni í sigrinum á Færeyjum var hann aðeins búinn að spila í 740 mínútur í landsliðsbúningnum en kominn með átta mörk í 11 leikjum. Kolbeinn gerði þar betur en Ríkharður Jónsson sem skoraði sitt áttunda A-landsliðsmark eftir 780 mínútur. Kolbeinn var því 40 mínútum fljótari en Ríkharður upp í átta A-landsliðsmörk en Ríkharður náði því reyndar í sínum tíunda A-landsleik. Kolbeinn var líka að skora í sínum sjöunda landsleik á miðvikudagskvöldið en Ríkharður skoraði „bara" í fjórum af fyrstu ellefu landsleikjum sínum.



**PÉTUR PÉTURSSON** Skorar hér annað marka sinna í sigurleik á móti Tyrkjum á Laugardalsvellinum í september 1989 í sínum fyrsta landsleik í tvö ár.

### Metið hans Péturs

**Pétur Pétursson** skoraði í fimm landsleikjum í röð á árunum 1987 til 1990. Hann var ekki valinn í landsliðið í sextán leikjum frá 1987 til 1989.

**Ísland-Noregur 2-1**
Laugardalsvöllur 9. september 1987
Skoraði á 21. mínútu

**Ísland-Tyrkland 2-1**
Laugardalsvöllur 20. september 1989
Skoraði tvö mörk, á 52. og 69. mínútu

**Lúxemborg-Ísland 1-2**
Esch 28. mars 1990
Skoraði á 16. mínútu

**Bermúda-Ísland 0-4**
Hamilton 3. apríl 1990
Skoraði tvö mörk, á 4. og 88. mín. (víti)

**Bandaríkin-Ísland 4-1**
St. Louis 8. apríl 1990
Skoraði á 85. mínútu (víti)

### Kolbeinn á skotskónum

**Kolbeinn Sigþórsson** er búinn að skora í öllum þremur leikjum sínum fyrir Lars Lagerbäck og alls í fjórum landsleikjum í röð.

**Ísland–Kýpur 1-0**
Laugardalsvöllur 6. september 2011
Skoraði á 4. mínútu

**Frakkland–Ísland 3-2**
Valenciennes, 27. maí 2012
Skoraði á 34. mínútu

**Svíþjóð–Ísland 3-2**
Gautaborg, 30. maí 2012
Skoraði á 26. mínútu

**Ísland–Færeyjar 2-0**
Laugardalsvöllur 15. ágúst 2012
Skoraði tvö mörk, á 30. og 90. mínútu

## ÚRSLIT Í GÆR

### Pepsi deild kvenna:

**Breiðablik - Þór/KA** **1-2**
1-0 Björk Gunnarsdóttir (7.), 1-1 Rebecca Johnson (42.), 1-2 Kayle Grimsley (77.).

**Afturelding - Selfoss** **2-2**
0-1 Guðmunda Óladóttir (37.), 1-1 Erica Henderson (42.), 1-2 Melanie Adelman (80.), 2-2 Carla Lee (86.)

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þór/KA** | **14** | **11** | **2** | **1** | **40-14** | **35** |
| Stjarnan | 14 | 9 | 2 | 3 | 42-18 | 29 |
| **ÍBV** | **14** | **9** | **1** | **4** | **40-20** | **28** |
| Valur | 14 | 8 | 2 | 4 | 38-19 | 26 |
| **Breiðablik** | **14** | **7** | **3** | **4** | **34-17** | **24** |
| FH | 14 | 4 | 2 | 8 | 20-39 | 14 |
| **Selfoss** | **14** | **3** | **4** | **7** | **26-56** | **13** |
| Fylkir | 14 | 3 | 2 | 9 | 17-34 | 22 |
| **Afturelding** | **14** | **3** | **3** | **8** | **14-34** | **12** |
| KR | 14 | 1 | 3 | 10 | 14-34 | 6 |

### 1. deild karla:

**Leiknir R. - Haukar** **2-2**
Ólafur Hrannar Kristjánsson, Pétur Már Harðarson - Árni Vilhjálmsson, Gunnlaugur Fannar Guðmundsson.

**Fjölnir - Víkingur R.** **1-1**
Haukur Lárusson - Hjörtur Júlíus Hjartarson.

**Tindastóll - KA** **0-0**

**Þróttur R. - Víkingur Ó.** **4-1**
Halldór Arnar Hilmisson 2, Guðfinnur Þórir Ómarsson 2 - Guðmundur Magnússon.

*úrslit frá urslit.net.*

Þór/KA vann Breiðablik í Kópavogi í gær og er komið með sex stiga forskot á toppi Pepsi-deildar kvenna:

# Við erum ákveðnar í að landa þessum titli

**FÓTBOLTI** Þór/KA er komið með sex stiga forskot á toppi Pepsi-deildar kvenna eftir 2-1 sigur á Breiðabliki á Kópavogsvellinum í gærkvöldi. Breiðablik komst yfir í upphafi leiks en Þór/KA liðinu tókst að jafna í lok fyrri hálfleiks og sigurmarkið kom síðan úr víti 13 mínútum fyrir leikslok.

„Ég er rígmontinn af þeim," sagði Jóhann Kristinn Gunnarsson, þjálfari Þórs/KA kátur í leikslok. Fyrirliðinn Arna Sif Ásgrímsdóttir átti góðan leik.

„Við erum ákveðnar í að landa þessum titli. Við erum búnar að fá ansi neikvæða umfjöllun upp á síðkastið og það hvetur okkur bara áfram. Menn eru að tala um að það skilji enginn af hverju við séum á toppnum og að við séum alltaf heppnar. Við erum búnar að sýna það í síðustu leikjum að það er ekki rétt," sagði Arna Sif og þjálfarinn segir umfjöllunina úti í bæ auðvelda honum starfið.

„Fyrir mig sem þjálfara þá er þessi umræða frábær því ég þarf ekki að segja neitt inn í klefa. Þær ætla bara að sanna sig og eru harðar í því. Það sést í dag þegar þær koma til baka á móti einu sterkasta liði landsins. Þær eru bara að segja fólki hvað þær ætla að gera," sagði Jóhann.

Björk Gunnarsdóttir kom Blikum í 1-0 eftir sjö mínútur en eins og oft áður í sumar féllu hlutirnir ekki með liðinu í lokin. „Þetta hefur gerst í nokkrum leikjum hjá okkur í sumar en svona er bara fótboltinn. Þetta datt bara þeirra megin í dag en það þurfti víti til. Ég ætla ekki að dæma um hvort að þetta hafi verið víti eða ekki því ég er ekki dómari en mér fannst hún sparka í boltann," sagði Björk um vítið sem skilaði Þór/KA sigurmarkinu í leiknum.

Hin 17 ára Sandra María Jessen er í baráttunni um gullskóinn. Hún náði ekki að bæta við marki í gær en réði engu að síður úrslitum leiksins með því að búa til bæði mörkin.

„Þetta skilar okkur vonandi í lokin því þetta voru mjög mikilvæg þrjú stig sem við vorum að vinna hérna. Maður nær ekki alltaf að skora og stundum er nóg að gefa fyrir. Ég var í því hlutverki í dag og það var mjög gaman," sagði Sandra María sem fékk þó færi til að skora í gær.

„Vonandi næ ég líka gullskónum en ég verð mjög ánægð ef við vinnum deildina. Það er númer eitt og það er bara bónus ef ég næ líka þessum gullskó," sagði Sandra María.

- óój



**TITILLINN Í AUGSÝN** Liðsmenn Þórs/KA sóttu þrjú stig í Smárann í gær og eru langt komnir með að vinna fyrsta Íslandsmeistaratitil félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# EITT ÞAÐ BESTA FRÁ

# Panasonic




**Panasonic TXL42E5Y**

**159.990**

ÁÐUR **189.990**

## ÖRÞUNNUR IPS LED HÁGÆÐA SKJÁR

**Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum**

**150Hz Backlight scanning**
Clear Panel myndsían fjarlægir óæskilegt ljós úr skjánum sem tryggir bjartari og meiri myndgæði. 150Hz tæknin skilar allri hreyfingu frábærlega til áhorfandans.

**VIERA Connect**
Viera Connect færir þér Internetið á stóran skjá beint heim í stofu og gerir þér kleift að njóta efnis á mörgum mismunandi formum ásamt því að halda sambandi við vini á Facebook eða Twitter og vera í sambandi gegnum Skype. Einnig er hægt að spila leiki án þess að nota tölvu.

**VrealLIVE örgjörvi**
Velkomin í veröld SmartTV með VIERA og Vreal Live. Myndvinnsluörgjörvinn er hannaður til að tryggja bæði hraða og nákvæma netvirkni ásamt bestu mögulegu myndgæðum.

**V-Audio Surround**
V-Audio Surround er fjölrása hljóðstilling sem skilar Surround hljómgæðum úr innbyggðum hátölurum tækisins.

**Media spilari**
Settu í SD minniskort úr myndavél, upptökuvél eða snjallsíma eða tengdu USB minnislykil við sjónvarpið og Media Player kemur sjálfkrafa upp til að skoða og spila allt margmiðlunarefni.

**VIERA Remote App Support**
Stjórnaðu sjónvarpinu með snjallsímanum þínum óháð því hvort tækið er byggt á Android eða Apple stýrikerfi. Viera Remote App gefur þér möguleika á að senda margmiðlunarefni úr símanum þínum yfir í VIERA sjónvarpið.

IPS LED · BRILLIANT CONTRAST · 150Hz Back Light Scanning · Vreal LIVE · CLEAR PANEL · social networking TV · USB x2 · HDMI x4 · FULL HD 1920X1080p

V-Audio Surround · dlna · Media Player · SMART VIERA · Made for iPhone · WiFi Ready

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

Official 3D Equipment Partner
Panasonic




**Á TOPPNUM** Þóra og félagar hafa tveggja stiga forskot á toppi deildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þóra Björg um erkifjendurna:

## Tyresö felur peningana

**FÓTBOLTI** Sænskir fjölmiðlar greindu frá því í vikunni að LdB Malmö, lið Söru Bjarkar Gunnarsdóttur og Þóru Bjargar Helgadóttur, glímdi við fjárhagsleg erfiðleika.

„Við tökum ekkert eftir þessu. Öll laun hafa verið greidd og í raun ekkert rætt um þetta mál. Eins og þetta er lagt upp fyrir okkur er engin ástæða til þess að hafa áhyggjur,“ segir Þóra Björg. Landsliðsmarkvörðurinn vinnur þessa dagana hörðum höndum að lokaritgerð sinni í meistaranámi í sjálfbærri stjórnun og þekkir því vel til viðskiptahátta hjá fyrirtækjum sem íþróttafélögum.

„Fæst fyrirtæki hafa fengið tekjur fyrir allt árið til þess að halda þeim á floti. Þannig ganga viðskiptin yfirleitt fyrir sig,“ segir Þóra sem segir forráðamenn sænska liðsins hafa farið yfir málin með leikmönnum í kjölfar umfjöllunar í fjölmiðlum.

„Fjölmiðillinn velur úr orð, hefur eftir fólki og þetta var leiðrétt. Þeir hafa aldrei leynt stöðunni fyrir okkur að það vanti eina og hálfa milljón sænskra króna. Þeir sögðu að það hefði ekkert breyst og staðan væri óbreytt. Þeir hafa alltaf látið okkur vita um stöðu mála,“ segir Þóra.

**Tyresö fer aðrar leiðir**

Engar fregnir hafa borist af fjárhagsvandræðum helsta keppinautarins Tyresö sem hin brasilíska Marta spilar með. Þóra kann skýringar á því.

„Félagið felur peningana. Það lætur styrktaraðilana borga leikmönnunum beint. Peningarnir birtast því ekki í bókum félagsins. Fréttamennirnir hafa ekki vit á því að kafa meira í það. Ég myndi giska á að launakostnaður hjá Malmö sé ekki meðal topp þriggja félaganna í deildinni. Það eru áhugaverðar áherslur í þessari umfjöllun,“ segir Þóra.

Sara Björk á eitt ár eftir af samningi sínum við sænsku meistarana. Samningur Þóru rennur hins vegar út að tímabilinu loknu.

„Ég klára ritgerðina í lok mánaðarins og svo fer ég að skoða mín mál,“ segir landsliðsmarkvörðurinn. **- ktd**

# KR með hreðjatak á Stjörnunni

**Stjarnan og KR mætast í úrslitaleik Borgunarbikars karla í knattspyrnu á morgun. KR á titil að verja en Stjarnan hefur aldrei áður leikið til úrslita. Von er á spennandi leik enda hefur þremur síðustu leikjum liðanna lyktað með jafntefli. Stjarnan hefur þó aldrei lagt KR að velli hvort sem er í deild eða bikar.**

**FÓTBOLTI** KR-ingar leika til úrslita þriðja árið í röð en minningarnar frá úrslitaleikjunum eru þó blendnar. Liðið steinlá gegn FH 4-0 árið 2010 en vann kærkominn 2-0 sigur gegn sprækum Þórsurum fyrir ári.

„Ég man hreinlega ekki eftir leiknum. Við unnum leikinn og ég held að flestir muni eftir því nema kannski hörðustu Þórsarar,“ segir Bjarni Guðjónsson fyrirliði KR-inga léttur.

„Þórsararnir voru góðir í þeim leik og við mjög heppnir. En á endanum unnum við og það er það sem situr eftir.“

KR-ingar og sér í lagi Bjarni urðu fyrir miklu áfalli í upphitun úrslitaleiksins í fyrra þegar ljóst varð að hann gæti ekki spilað stærsta leik sumarsins sökum meiðsla. Hann segist klár í slaginn núna, engin meiðsli séu að angra hann og reiknar hann með jöfnum og skemmtilegum leik.

„Við lítum ekki svo á að við séum að verja okkar titil heldur ætlum við að vinna hann. Það var eitt af markmiðum okkar í sumar að vinna hann aftur og við erum komnir vel á veg,“ segir Bjarni.

Tölfræðin vinnur ekki með Stjörnunni. Liðið leikur til úrslita í fyrsta skipti í sögu karlaliðs félagsins auk þess sem liðið hefur aldrei lagt KR að velli í deildareða bikarleik. Garðar Jóhannsson, framherji og reynslumesti leikmaður Stjörnunnar, lítur þó ekki þannig á að Stjarnan sé litla liðið.

„Kannski er það þannig en mér líður ekki þannig. Þeir hafa unnið titilinn oft og spilað um hann síðustu þrjú ár. En við höfum gert fjögur jafntefli gegn þeim í síðustu fjórum deildarleikjum liðanna svo ég held að þetta sé bara 50/50 leikur,“ segir Garðar sem viðurkennir að spenna sé farin að gera vart við sig í herbúðum Stjörnumanna fyrir leikinn.

„Auðvitað eru menn spenntir fyrir leiknum. Fæstir okkar hafa spilað svona stóra leiki svo spennan er óhjákvæmileg.“

**Þjálfararnir kunna á bikarinn**

Þjálfararnir Bjarni Jóhannsson og Rúnar Kristinsson þekkja báðir hvað þarf til þess að vinna sigur í bikarkeppninni. Bjarni gerði ÍBV að bikarmeisturum árið 1998 auk þess sem hann stýrði Fylkismönnum til síns fyrsta titils árið 2002. Rúnar gerði KR-inga að bikarmeisturum í fyrra auk þess sem hann skoraði annað marka KR í




